



Skýrsla nr. C18:07
Virði lax- og silungsveiða
október 2018

HAGFRÆÐISTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Odda við Sturlugötu

Sími: 525-5284

Heimasíða: www.hhi.hi.is

Tölvufang: ioes@hi.is

Skýrsla nr. C18:07

Virði lax- og silungsveiða

október 2018

Formáli

Árið 2017 sömdu Landssamband veiðifélaga og Hagfræðistofnun um að stofnunin tæki að sér að meta efnahagslegt virði stangveiða og greiddi sambandið hluta af kostnaði við skýrsluna.

Skýrslan er byggð á tveim rannsóknum. Upplýsingar um tekjur veiðiréttarhafa og kostnað þeirra fengust að mestu beint frá veiðiréttarhöfum. Sent var eyðublað til veiðiréttarhafa, en heimtur voru dræmar. Einnig var haft beint samband við veiðiréttarhafa í síma. Náðist samband við þá flesta og veittu þeir greið svör við spurningum um tekjur og kostnað, fjárfestingar og hættur sem steðjuðu að rekstrinum. Í öðru lagi var ábati veiðimanna metinn. Þrjú stangveiðifélög sendu öllum félagsmönnum sínum hlekk sem veitti aðgang að spurningum um ferðakostnað þeirra, tekjur og fleira.

Dr. Oddgeir Ágúst Ottesen vann einkum að þessari skýrslu, en Ágúst Arnórsson hagfræðingur, M.Sc., mat greiðsluvilja stangveiðimanna með ferðakostnaðaraðferð, eins og lýst er í 5. kafla. Kristín Eiríksdóttir umhverfishagfræðingur veitti Ágústi ráð við gerð könnunarinnar.

Skýrslan var rýnd af tveim sérfræðingum í kostnaðar- og nytjagreiningu og auðlindahagfræði.

Þakkir eru færðar öllum sem greiddu veg þessarar athugunar. Sérstakar þakkir eru færðar stangaveiðimönnum fyrir að bregðast vel við spurningum stofnunarinnar. Þá fá eftirtaldir þakkir fyrir upplýsingar, gögn og ábendingar: Aðalsteinn Jónsson Klausturseli, Albert Skarphéðinsson, Almar Sigurðsson Lambastöðum, Andri Gunnarsson, Anna Jónsdóttir Sölvabakka, Ari Ó. Jóhannesson, Ari Teitsson Hrísum, Arnór Björnsson Ljárskógum, Arnþór Jónsson Geirastöðum, Ágúst R. Morthens veiðimaður og fyrrv. veiðileyfasali og eigandi Veiðisports, Árni Böðvarsson Jórvík, Árni Gunnarsson, Árni Snæbjörnsson, Ástþór Árnason í Miðdal, Baldvin Sveinsson Tjörn, Benedikt Steingrímsson Stóra-Langadal, Birgir Ingbórsson Uppsölum, Bjarni Egilsson Hvalnesi, Bjarni Höskuldsson Aðalbóli, Bjarni Júlíusson, Björgvin Skúlason Ljótunnarstöðum, Björn Magnússon Hólabaki, Borgþór Smáráson á Hofi, Bragi Finnbogason, Bragi Guðmundsson Vindhæli, Daði Björnsson, Drífa Hjartardóttir Keldum, Drífa Kristjánsdóttir Torfastöðum, Einar Gunnarsson á Flatatungu, Einar Hafliðason, Einar Lúðvíksson, Einar Ole Pedersen, Elín Heiða Valsdóttir Úthlíð, Erlendur Björnsson Seglbúðum, Ester Guðjónsdóttir Sólheimum, Finnbogi Harðarson, Flosi Guðmundsson, Friðbjörn Haukur Guðmundsson, Hauksstöðum, Friðrik Pálsson hóteltjóri, Friðrik Steinsson fiskeldisfræðingur Hofi II, Gaukur Hjartarson, Gestur Stefánsson, Arnarstöðum, Gísli Karl Ágústsson, Grettir Sigurjónsson, Guðbrandur Magnússon Syðri-Fljótum, Guðbrandur Sverrisson Bassastöðum, Guðfríður Magnúsdóttir Víðivík, Guðjón Fr. Jónsson, Guðmundur Fannar Markússon Mörtungu, Guðmundur Hauksson Ási, Guðmundur Kr. Guðmundsson Miðhúsum, Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Magnússon Káraneskoti, Guðmundur Pálsson, Guðmundur Sigurðsson Vatnsleysu, Guðmundur Skúli Hartvigsson, Guðmundur Wium Stefánsson Fremra-Nýpi, Guðni Guðbergsson Hafrannsóknastofnun, Guðrún Reynisdóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir Glitstöðum, Guðröður Hákonarson Efsta-Bæ, Gunnar Jóhannsson Árbæ, Gunnar Sveinsson, Gunnar Tryggvason, Halldór Árnason Garði, Halldór Einarsson Kúskerpi, Halldór Guðlaugsson Hundastapa, Halldór Jónsson, Halldór Sigurðsson Hjartarstöðum, Hallfreður Vilhjálmsson, Hannes Sigurðsson Hrauni, Haraldur Júlíusson, Haukur Alfreðsson, Hávar Örn Sigtryggsson Hriflu, Helga Jóna Benediksdóttir, Helgi Þórsson, Hjálmar Herbertsson Steindyrum, Hreiðar Vilhjálmsson Narfeyri, Hörður Hjartarson, Ingimar Sigurðsson, Ingólfur Jónsson Villingavatni, Ingvar Vilhjálmsson, Jóel Friðriksson, Jóhann Davíð Snorrason starfsmaður Lax-á, Jóhann Pétur Jóhannsson Brjánslæk, Jóhannes

Hauksson, Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson Þorgrímsstöðum, Jóhannes Ríkharðsson Brúnastöðum, Jóhannes Sigfússon Gunnarsstöðum, Jón Benediktsson Auðnum, Jón Gíslason Stóra-Búrfelli, Jón Guðmundsson Fitjum, Jón Helgi Björnsson Laxamýri, Jón Sigurðsson, Jón Steinn Elíasson leigutaki, Jón Þór Júlíusson leigutaki (Hreggnasi), Jón Þórir Óskarsson Illugastöðum, Jónas Guðmundsson Hrafnabjörgum, Jónas Pétur Bóasson, Kári Jónasson, Kjartan Gústafsson, Kjartan Lárusson Austurey, Kjartan Magnússon Hjallanesi I, Kjartan Ólafsson Botnum, Kolbeinn Magnússon, Kristinn Guðmundsson, Kristinn Jónsson Staðarbakka, Kristinn Marvinsson, Kristinn Zimsen, Kristín Sigurðardóttir Tindum, Kristján Guðþórsson, Kristján Traustason Einholti, Kristófer Tómasson, Lúther Ástvaldsson, Magnús Fjeldsted, Magnús Guðmundsson Vindhæli, Magnús Jóhannesson Hafrannsóknarstofnun, Magnús Magnússon Hamraendum, Magnús Ólafsson, Magnús Skúlason Norðtungu, Mikael Mikaelsson Vermundarstöðum, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Oddur Bjarnason Stöðulfelli, Óðinn Sigþórsson, Ólafur Davíðsson, Ólafur Sigvaldason, Ólafur Vigfússon Syðra-Álandi, Óli Jón Hertervig, Óttar Yngvason, Páll Helgason Fossi III, Páll Ingólfsson, Páll Jónsson, Páll Kjartansson Víðikeri, Páll Ólafsson Hveravöllum, Pétur Pétursson leigutaki, Rafn Benediktsson Staðarbakka, Ragnar Axel Jóhannsson, Ragnar Johansen Ferðaþjónusta og sumarhúsum, Reynir Björnsson Miðgröf, Séra Gunnlaugur Stefánsson Heydölum, Sigfús Ingi Sigfússon Stóru-Gröf syðri, Sigurbjörn Jóhann Garðarsson Leirulæk, Sigurður Einarsson Hellubæ, Sigurður Guðmundsson í Holti, Sigurður Guðmundsson Syðri-Löngumýri, Sigurður Gústafsson Hörgsdal, Sigurður Helgason, Sigurður Jakobsson, Sigurður Kristinsson Hörgslandi II, Sigurður Pétursson, Sindri Hlíðar Jónsson leiðsögumaður og leigutaki (Fish partner), Skafti Geir Ottesen veiðimaður og fyrrverandi veiðileyfasali, Skúli Baldursson, Skúli Helgason Guðlaugsvík II, Stefán Rögnvaldsson Leifsstöðum, Sveinbjörn Eyjólfsson, Sveinn Gestsson Staðarfelli, Sveinn Sveinsson Tjörn, Sverrir Gíslason Kirkjubæjarklaustri II, Trausti Jóhannsson, Trausti V. Bjarnason, Unnsteinn Snorri Snorrason, Valberg Sigfússon, Valgeir Þorvaldsson Vatni, Valmundur Guðmundsson Eystra-Hrauni, Veturliði Kristjónsson Surtsstöðum, Vésteinn Garðarsson Vaði II, Viðar Steinsson, Þorgils Torfi Jónsson, Þorlákur Sigurbjörnsson, Þorsteinn Helgason Fosshóli, Þór Gunnarsson, Þórarinn Birgir Þórarinsson, Þröstur Elliðason fiskeldisfræðingur og leigutaki, Ægir Sigurgeirsson Stekkjadal.

Reykjavík, í október 2018,

Sigurður Jóhannesson.

Ágrip

Tekjur af lax- og silungsveiðum hafa margfaldast frá því að Hagfræðistofnun kannaði efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða árið 2004. Stangveiðimenn greiddu **4.900** milljónir kr. fyrir veiðileyfi árið 2018 en um **1.150** milljónir kr. árið 2004.¹ Greiðslurnar meira en tvöfölduðust að raunvirði (120%) miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 2004 til 2018 og þær hækkuðu um 61% umfram laun á sama tíma.² Að jafnaði jukust greiðslurnar um **6%** á ári umfram neysluverð og um tæp **3,7%** á ári umfram laun.

Fyrir utan verð veiðileyfa er beinn kostnaður innlendra veiðimanna af veiðum talinn vera a.m.k. **2,9** milljarðar króna árið 2018 og beinn kostnaður erlendra veiðimanna a.m.k. **2,2** milljarðar króna. Við þetta bætast fjárfestingar í veiðihúsum, laxastigum og fleira, sem hér eru taldar **1** milljarður króna á ári. Samtals má því rekja a.m.k. **11** milljarða króna útgjöld beint til lax- og silungsveiða hér á landi árið 2018. Hluti af útgjöldunum rennur til innflutnings. Eftir að innflutningur hefur verið dreginn frá stendur eftir **8,7** milljarða kr. landsframleiðsla á Íslandi sem rekja má beint til lax- og silungsveiða. Árið 2004 var talið að rekja mætti **1,7** milljarða kr. landsframleiðslu beint til lax- og silungsveiða.³ Bein áhrif lax- og silungsveiða á landsframleiðslu hafa því aukist um 160% frá 2004, á föstu verðlagi. Erfiðara er að meta óbeinar og afleiddar tekjur af veiðunum en þær geta verið umtalsverðar.

Tengsl lax- og silungsveiða við landsframleiðslu segja lítið um verðmæti veiðanna, þ.e.a.s. hve miklu landsmenn mundu tapa í peningum talið ef veiðarnar legðust af. Við mat á verðmæti auðlindarinnar fyrir Íslendinga er rekstrarhagnaður eigenda veiðiréttar núvirtur (tekjur – rekstrarkostnaður), ásamt ábata innlendra veiðimanna. Núvirtur ábati eigenda veiðiréttar er hér talinn rúmir **70** milljarðar króna.

Margt bendir til þess að ábati veiðimanna, þ.e. greiðsluvilji umfram kostnað, sé líka mikill. Í fyrri rannsókn var ábati veiðimanna talinn 60% af verði veiðileyfa. Í kafla 5.1. er lýst mati á greiðsluvilja stangveiðimanna. Það bendir til þess að ábati veiðimanna gæti verið enn meiri en fyrri rannsóknir gefa til kynna. Hér er gert ráð fyrir að ábati veiðimanna sé jafn verði veiðileyfanna. Hlutur innlendra veiðimanna í ábatanum verður þá tæpir **hundrað** milljarðar króna. Alls verða lax- og silungsveiðar hér á landi þá **170** milljarða króna virði fyrir Íslendinga. Taflan hér á eftir sýnir helstu niðurstöður skýrslunnar.

Rekja má tæplega 9 milljarða landsframleiðslu beint til lax- og silungsveiða 2018.

Núvirtur ágóði veiðiréttar-eigenda er um 70 milljarðar króna.

Ábati innlendra veiðimanna um 100 milljarðar og heildarverðmæti veiðanna fyrir Íslendinga 170 milljarðar.

¹ Gagnaöflun og úrvinnsla Hagfræðistofnunar var ekki með sama hætti árið 2004 og 2018. Niðurstaða Hagfræðistofnunar 2018 byggist á ítarlegri gagnasöfnun. Báðar kannanirnar eru byggðar á upplýsingum um tekjur undangengins árs og framreikning til árána 2004 og 2018 m.v. almenna verðþróun (vísitölu neysluverðs).

² Hækkun launa er reiknuð út frá hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands og verðbólgan er reiknuð út frá hækkun vísitölu neysluverðs.

³ Þessar tölur eru ekki alveg sambærilegar. Til dæmis voru útgjöld veiðimanna vegna veiðibúnaðar og fatnaðar ekki tekin með í skýrslu Hagfræðistofnunar árið 2004.

Efnahagsleg áhrif árið 2018 (milljarðar kr.)			
	Tekjur	Hlutfall innfluttra vara og þjónustu	Innlend framleiðsla sem rekja má beint til stangveiði (milljarðar kr.)
Tekjur veiðifélaga	2,8	5%	2,7
Tekjur leigutaka (að frádregnum greiðslum til veiðifélaga)	2,1	5%	2,0
<i>Tekjur annarra:</i>			
af innlendum veiðimönnum	2,9	30%	2,0
af erlendum veiðimönnum	2,2	40%	1,3
Fjárfestingar	1,0	30%	0,7
Bein efnahagsleg áhrif	11,0		8,7
Verðmæti (milljarðar kr.)			
Núvirtur rekstrarhagnaður	72,5		
Núvirtur ábati innlendra veiðimanna	98,0		
Samtals verðmæti lax- og silungsveiða fyrir Íslendinga	170,5		

Núvirðingarvextir skipta miklu máli þegar tekjustraumar eru núvirtir. Hér er gerð krafa um 4,5% raunávöxtun á mögulegar arðgreiðslur veiðiréttarhafa, en ábati veiðimanna er núvirtur með 3,5% raunvöxtum. Óvissa um stöðu auðlindarinnar og eftirspurn veiðimanna í framtíðinni getur leitt til þess að gera þurfi hærrí ávöxtunarkröfu. Slæm staða laxastofna í öðrum löndum getur til dæmis leitt til þess að öflugra markaðsstarf þurfi til þess að ná í nýja viðskiptavinum. Ef gerð er 1% hærrí ávöxtunarkrafa til hagnaðar og ábata en hér er gert fer mat á virði lax- og silungsveiða niður í **120** milljarða kr., en ef krafan lækkar um 1% ferð virðið í um **300** milljarða króna. Ávöxtunarkrafa í nýlegum stórum viðskiptum með laxveiðiá virðist vera svipuð og hér er gert ráð fyrir.

Upplýsingar um tekjur og kostnað veiðifélaga og leigutaka fengust beint frá langflestum veiðiréttarhöfum. Víðtæk gagnaöflun gerir það að verkum að lítil óvissa er í mati á tekjum af stangveiðum. Kostnaðurinn er heldur óljósari. Meiri óvissa er um ábata veiðimanna en um tekjur og kostnað veiðiréttarhafa.

Verðmæti náttúruauðlinda er oft skipt í virði í augum þeirra sem nota auðlindirnar og verðmat þeirra sem nýta þær ekki. Fólk, sem ekki veiðir fisk, getur verið ánæggt með að hægt sé að veiða lax og silung. Margar vísbendingar eru um að fólk telji líffræðilega fjölbreytni mikils virði, jafnvel þegar fjölbreytnin skapar engan beinan arð. Rannsóknir benda til þess að sjálfstæður laxastofn sé í flestum laxveiðiám á Íslandi. Ekki er lagt mat á virði án notkunar í þessari skýrslu, en eldri rannsókn bendir til þess að það geti jafnvel verið meira en ábati veiðimanna.

Ávöxtunarkrafa skiptir höfuðmáli þegar tekjustraumar eru núvirtir.

Traustar upplýsingar eru um tekjur af stangveiðum, en heldur meiri óvissa er um kostnaðinn. Ábati veiðimanna er óvissari.

Abstract

Total expenditure on salmon and trout angling permits in Iceland in 2018 is approximately 4.9 billion krona, of which 2.8 billion goes to the owners of the rivers or lakes (landowners) where angling takes place. The total angling related expenditure is estimated at 11 billion krona. After accounting for the share of imported goods in the anglers' expenditure, the contribution of angling to the Gross Domestic Product (GDP) is estimated at 8.7 billion krona.

However, revenues earned from angling, or the contribution of angling to GDP, is not the best possible indicator of value, since it doesn't take into account the cost. We, therefore, also estimate the economic value of angling. The economic value of salmon and trout angling was estimated by discounting the current and future earnings, i.e. the income owners receive from renting their rivers net of operating costs, and the anglers' surplus. In 2018, the discounted value of the earnings of the owners is 72.5 billion krona and the discounted value of anglers' surplus was about 98.0 billion. Angler's surplus is the difference between the amount they would be willing to pay to angle, and the amount actually paid in permits and other costs. The total value of the angling is therefore approximately 170.5 billion krona, of which 83% is the value of (nearly) pure salmon rivers.

The Institute of Economic Studies also evaluated the economic impact of angling in 2004. The revenues generated by sale of angling permits have increased by 120% at constant prices (relative to the Consumer Price Index (CPI) in Iceland) and about 60% in excess of general wage increases since 2004. Real revenues from angling in Iceland have been increasing by 5.8% per year and the revenues have been increasing by 3.4% in excess of wages.

The data used to estimate both the income generated by sales of angling permits and the income of the owners is both accurate and extensive. Information was obtained directly from owners and from the annual reports of angling clubs and companies that rent rivers from landowners and sell permits. Our estimate of Icelandic anglers' surplus is more uncertain. Previous studies discussed in this report have estimated anglers' surplus in Iceland at 30% of total expenses and as 60% of the price of permits. A study mentioned in this paper suggests that the surplus could be even higher. We assume that Icelandic anglers' surplus amounts to 100% of the total revenues generated by angling permit sales, but acknowledge that there is greater uncertainty in this estimate than in those based on reliable financial information. Our estimates of the value of the salmon and trout angling was only based on the surplus of Icelandic anglers. The surplus of foreign anglers fishing in Iceland is probably even higher, since foreign anglers buy a large fraction of the permits to angle on the most expensive days in salmon rivers in Iceland.

The rate at which future benefits and earnings are discounted can also have a significant impact on the estimates. Earnings of owners are discounted at 4.5%, net of inflation. Recent large transactions seems to indicate a similar discount rate. The surplus of domestic anglers is discounted at a 3.5% rate. Assessments of risk factors that impact the wild salmon population or the demand for angling permits can also affect the appropriate discount rate.

A survey in which nearly all associations of river owners in Iceland participated conveyed their concerns that the recent increase and planned future increases of large-scale aquaculture in Iceland would negatively impact the wild salmon population and the demand for angling permits. The survey also relayed concerns that the decline in the wild Atlantic salmon population in other countries in recent

decades, sometimes attributed to the increase of aquaculture,⁴ would make it harder to renew the client base and marketing efforts would have to be directed to people who had not fished salmon in their own country. These concerns might justify using higher discount rates.

If the future benefits and earnings are discounted with a one percent higher discount rate, the value of the salmon and trout fishing is reduced to 120 billion krona. If, on the other hand, a one percent lower discount rate is used, the value rises to 300 billion krona.

The table below shows a summary of our findings:

Economic impact in 2018 (billions of kr.)			
	expenditures	Share of imports	Contribution of salmon and trout fishing to GDP (billions of krona)
Income of owners	2.8	5%	2.7
Income of renters (net of payments to owners)	2.1	5%	2.0
<i>Income of others:</i>			
From domestic anglers	2.9	30%	2.0
From foreign anglers	2.2	40%	1.3
Investments	1.0	30%	0.7
Total	11.0		8.7
Value (billions of krónur)			
Value to the owners	72.5		
Present value of surplus of the domestic anglers	98.0		
Total value of salmon and trout fishing to Icelanders	170.5		

Our estimate of the value of the salmon and trout angling resources took only into account direct use. The value of natural resources is often divided into use value and non-use value. The option value, meaning the value of having the option to use the resources in the future is sometimes characterized as use value and sometime as non-use value. People who do not use the lakes or rivers for fishing today might find it valuable to be able do so in the future. The population of salmon and trout might also have a value for people without any direct use. For example any value from biodiversity is not taken into account, even though studies show that the majority of salmon rivers in Iceland have their own genetically distinct population.⁵ Using this terminology, our estimates are only based on use values. Furthermore, our estimates do not take into account potential income in the future from rivers or lakes that are not utilized today or underutilized.

⁴ See for example, Morton, et.al. (2016). *Valuing the wild salmon fisheries of Scotland: The social and political dimension of management*. Marine Policy. Vol 73 pages 35-45 and Forseth et.al. (2017). *The major threats to Atlantic salmon in Norway*. Journal of Marine Science. Vol. 74, issue 6 pages 1496-1513.

⁵ A.K. Danielsdottir, G. Marteinsdottir, F. Arnason, S. Gudjonsson.(1997) *Genetic structure of wild and reared Atlantic salmon populations in Iceland*. Journal of Marine Science. Vol. 54, Issue 6. Pages 986-997.

Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	<i>iii</i>
<i>Ágrip</i>	<i>v</i>
<i>Abstract</i>	<i>vii</i>
1 Inngangur	1
2 Gögn og upplýsingaöflun	3
3 Fyrri rannsóknir	5
3.1 Almennt um verðlagningu nátturuauðlinda	5
3.2 Fyrri rannsóknir um virði lax- og silungsveiða á Íslandi	6
4 Tekjur af lax- og silungsveiðum	13
4.1 Tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa	13
4.2 Tekjur veiðifélaga eftir landshlutum	14
4.3 Tekjur veiðiréttarhafa af stangardegi og veiði	28
4.4 Kostnaður og fjárfestingar veiðifélaga	32
4.5 Tekjur leigutaka	34
4.6 Tekjur annarra	39
4.7 Óbeinar og afleiddar tekjur	50
5 Mat á greiðsluvilja og ábata veiðimanna	51
5.1 Mat á greiðsluvilja stangveiðimanna.....	52
6 Heildarvirði auðlindarinnar	55
6.1 Virði beinnar notkunar	55
6.2 Virði án notkunar	59
7 Niðurstöður	61
8 Viðauki A	63

Töflulisti

Tafla 1 Kostnaðarliðir veiðimanns skv. skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar frá 2000, fjárhæðir í kr.	7
Tafla 2 Greiðsluvirði og hagrænt virði umfram útgjöld stangveiðimanna, skv. skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar árið 2000	8
Tafla 3 Tekjur veiðifélaga eftir flokkum 2004.....	8
Tafla 4 Útgjaldaliðir íslenskra stangveiðimanna árið 2004.....	9
Tafla 5 Útgjöld innlendra stangaveiðimanna	10
Tafla 6 Niðurstöður skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004, milljónir króna á ári	11
Tafla 7 Veiðifélög á hálendinu	14
Tafla 8 Veiðifélög á Suðvesturlandi	15
Tafla 9 Ár og vötn á Suðvesturlandi utan veiðifélaga.....	15
Tafla 10 Starfandi veiðifélög á Vesturlandi	17
Tafla 11 Óvirk eða aflögð félögða aflögð veiðifélög.....	18
Tafla 12 Dæmi um ár og vötn utan veiðifélaga á Vesturlandi	18
Tafla 13 Veiðifélög á Vestfjörðum	19
Tafla 14 Óvirk veiðifélög á Vestfjörðum	20
Tafla 15 Ár og vötn utan veiðifélaga á lista Fiskistofu	20
Tafla 16 Veiðifélög á Norðurlandi.....	22
Tafla 17 Dæmi um ár og vötn á Norðurlandi þar sem landeigendur hafa ekki stofnað veiðifélag	23
Tafla 18 Veiðifélög á Austurlandi	24
Tafla 19 Veiðifélög á Suðurlandi.....	26
Tafla 20 Vötn og ár á Suðurlandi utan veiðifélaga	26
Tafla 21 Fjöldi lögbýla með veiðiréttindi (eigendur í veiðifélagi) eftir landshlutum	27
Tafla 22 Veiðiaðferð, kvóti og viðmiðunarmörk „Veiða og sleppa“ (V&S) hjá ám með fulla þjónustu (a.m.k. hluta veiðitímabils).....	33
Tafla 23 Ræktunarstarf í íslenskum ám 2018	34
Tafla 24 Leigutakar íslenskra áa og vatna 2018.....	35
Tafla 25 Tekjur leigutaka (skráðra félaga og Stangaveiðifélags Reykjavíkur) íslenskra veiðivatna árið 2016.....	36
Tafla 26 Tekjur leigutaka sem hlutfall af tekjum veiðifélaga (veiðiréttarhafa) eftir flokkum.	37
Tafla 27 Samanburður á stangveiði og landbúnaði, fjárhæðir í milljónum kr.....	38
Tafla 28 Fjöldi innlendra og erlendra stangveiðimanna.....	40
Tafla 29 Fjöldi stangaveiðimanna eftir flokkum	43
Tafla 30 Virk stangveiðifélög á Íslandi árið 2018.....	44
Tafla 31 Heildaraksturskostnaður veiðimanna í milljónum kr.	44
Tafla 32 Verslanir með veiðivörur á Íslandi	47
Tafla 33 Samantekt á öðrum kostnaði innlendra stangveiðimanna, í milljónum kr.	47
Tafla 34 Önnur útgjöld erlendra stangveiðimanna	49
Tafla 35 Landsframleiðsla sem rekja má til stangveiði.....	50
Tafla 36 Breytingar á ári frá árinu 2004-2018 (júlí til júlí)	55
Tafla 37 Dæmi um ár þar sem opinberar stofnanir hafa valdið skaða (að talið er).	57
Tafla 38 Efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða og verðmæti veiðanna	61
Tafla 39 Veiðifélög og veiðiréttarahafar ásamt vatnasvæðum	63

Myndalisti

Mynd 1 Tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa eftir landshlutum	27
Mynd 2 Tekjur veiðifélaga af stangveiði eftir þjónustustigi	28
Mynd 3 Tekjur af veiddum lax- og stangardegi í 16 sjálfbærum ám (raðað upp af handahófi).....	30
Mynd 4 Fjöldi laxa á stangardag (framboð, láréttur ás) og tekjur á lax í ám með fulla þjónustu (lóðrétt).	31
Mynd 5 Skipting tekna leigutaka og veiðiréttarhafa af lax- og silungsveiði eftir landshlutum.	39
Mynd 6 Niðurstaða kannana Ferðamálastofu á ferðavenjum Íslendinga innanlands.	41
Mynd 7 Innflutningur á veiðistöngum og veiðihjólum - innflutningsverð (CIF)	41
Mynd 8 Fjöldi erlendra ferðamanna frá 1990-2017	42
Mynd 9 Hlutfall erlendra veiðimanna sem greiddu fyrir veiði í júní júlí og ágúst	43
Mynd 10 Innflutningur á veiðistöngum og veiðihjólum frá 2007- (CIF verð) á verðlagi í júlí 2018.....	46
Mynd 11 næmnigreining: Áhrif ávöxtunarkröfu á virði lax- og silungsveiða	59

1 Inngangur

Mikilvægt er að fyrir liggja mat á virði náttúruauðlinda, því að það getur bæði haft áhrif á ráðstöfun þeirra og verndun. Virði lax- og silungsveiða, sem hér er lagt mat á, stafar annars vegar af arði af auðlindinni⁶ og hins vegar af ábata veiðimanna af veiðunum. Ábati veiðimanna er munurinn á því hvað veiðimenn væru tilbúnir að greiða fyrir veiðina og þess sem þeir kosta nú þegar til. Samanlagt sýnir þetta tvennt hvað landsmenn yrðu miklu fátækari ef lax og silungur hættu að veiðast hér á landi. Er þá ekki tekið tillit til virðis án notkunar, þar á meðal virðis líffræðilegrar fjölbreytni. Heildarvirði veiðanna hefur ekki verið metið áður hér á landi, svo að vitað sé, en ábati neytenda hefur áður verið metinn.⁷

Einnig er slegið máli á fyrirferð veiðanna í hagkerfinu. Með öðrum orðum er skoðað hve mikil framleiðsla á Íslandi tengist veiðum á laxi og silungi. Hagfræðistofnun gerði svipaða athugun árið 2004. Athugunum af þessu tagi er stundum ruglað saman við virðismat. En efnahagslegt umfang segir lítið um verðmæti. Mikil velta þýðir ekki endilega mikinn hagnað. Munur á verðmætamati og efnahagslegu umfangi er sérstaklega mikilvægur þegar horft er á lax- og silungsveiðar. Í veiðunum felast verðmæti sem eru ekki á hverju strái og stór hluti af tekjum veiðifélaga fæst án mikils kostnaðar. Á hinn bóginn kallar öll starfsemi á vinnu og fjármagn. Að því leyti eru lax- og silungsveiðar ekki frábrugðnar öðrum atvinnugreinum hér á landi.

Mat á hagrænu virði auðlinda tekur bæði til virðis beinnar og óbeinnar notkunar auðlinda og virðis án notkunar. Með virði án notkunar er til dæmis átt við ánægju af að lax eða silungur gangi í ár, ánægju með að afkomendur eigi þess kost að veiða fiskinn eða jafnvel að eiga kost á því sjálfur að veiða lax síðar. Rannsóknir sýna einnig að margir telja líffræðilega fjölbreytni mikils virði. Oft reynist virði náttúruauðlinda án notkunar meira en virði notkunar. Það var t.d. niðurstaða rannsóknar sem gerð var á virði lax- og silungsveiða á Norðurlöndum um aldamótin, en fjallað er um hana í kafla 3. Í þessari skýrslu er ekki lagt mat á virði án notkunar.

Samkvæmt íslenskum lögum⁸ verða þeir sem eiga saman veiðirétt í ám og vötnum að stofna *veiðifélag*. Þar sem ekki hefur verið stofnað veiðifélag er rætt um veiðiréttarhafa í þessari skýrslu. Hugtakið veiðiréttarhafar er einnig notað yfir þá sem eiga veiðirétt, hvort sem þeir eru í veiðifélagi eða ekki. Einnig verður fjallað um *leigufélög*, en þau leigja veiðiréttinn af veiðifélögunum og selja veiðileyfi til stangaveiðimanna.

Í rannsókn Hagfræðistofnunar er lagt mat á tekjur og kostnað veiðifélaga og leigutaka áa og vatna, ásamt greiðsluvilja veiðimanna og ábata þeirra af veiðinni. Einnig er lagt mat á aðrar beinar tekjur af stangaveiðum. Mat á tekjum og kostnaði veiðifélaga og leigutaka er byggt á upplýsingum frá langflestum veiðiréttarhöfðum. Víðtæk gagnaöflun Hagfræðistofnunar gerir það að verkum að lítil óvissa er í mati á tekjum af stangaveiðum, en mat á kostnaði er heldur óvissara. Mat á ábata veiðimanna byggir á könnun Hagfræðistofnunar á ferðakostnaði veiðimannanna sem gerð var 2017. Meiri óvissa er um ábata veiðimanna en um tekjur og kostnað veiðifélaga og leigutaka.

Í kafla tvö er fjallað um upplýsingaöflun Hagfræðistofnunar vegna þessarar skýrslu. Í kafla þrjú er fjallað um fyrri rannsóknir á virði lax- og silungsveiða. Í kafla fjögur er lagt mat á beinar tekjur af lax- og silungsveiðum. Kafla fimm fjallar um mat á ábata veiðimanna, þ.e.a.s. hversu mikils virði lax- og silungsveiðin er fyrir stangveiðimenn, umfram það sem þeir greiða fyrir veiðina. Fjallað er um heildarvirði auðlindarinnar í kafla sex. Í kafla sjö eru niðurstöður dregnar saman.

⁶ Hér er í raun átt við hagfræðilegan hagnað, þ.e.a.s. hagnað umfram eðlilega ávöxtun af fjárfestingum.

⁷ T.d. Brynjar Örn Ólafsson. (2009). *Verðmæti íslenskra stangaveiðisvæða*. Háskóli Íslands.; Toivonen o.fl. (2000) *Economic value of recreational fisheries in the Nordic countries*. Norræna ráðherranefndin;

⁸ Lög nr. 61/2006 um lax og silungsveiði

2 Gögn og upplýsingaöflun

Mat á virði lax- og silungsveiða, sem fram kemur í þessari skýrslu byggist á viðamikilli gagnaöflun. Hagfræðistofnun gerði tvær kannanir. Önnur snerist um fjárhagsupplýsingar frá veiðifélögum (um tekjur, kostnað, fjárfestingar o.fl.) og hin snerist um mat á greiðsluvilja og ábata veiðimanna.

Árið 2017 voru sendar spurningar til allra veiðifélaga sem voru á lista hjá Landssambandi veiðifélaga. Heimtur voru ekki góðar og var því haft samband símleiðis við forráðamenn nær allra veiðifélaga á landinu (oftast formann eða gjaldkera). Með símtölunum fengust upplýsingar um fjárhag veiðifélaga, þ.m.t. um kostnað og fjárfestingar. Einnig fengust fjárhagsupplýsingar frá verðmætustu veiðisvæðunum, þar sem landeigendur hafa ekki stofnað veiðifélög. Fjárhagsupplýsingar fengust þannig um allar laxveiðiár á Íslandi sem í eru seld veiðileyfi, nema um eina litla á á Vesturlandi. Þá fengust upplýsingar um tekjur veiðiréttarhafa úr ársreikningum hjá ríkisskattstjóra (Ársreikningaskrá). Einnig fengust gögn um tekjur veiðifélaga úr ársreikningum leigutaka. Tekjur voru metnar hjá öllum veiðifélögum og veiðifélagadeildum, sem einhver starfsemi er í. Samtals voru tekjur metnar hjá **169** veiðifélögum og **58** veiðifélagsdeildum, auk þess sem tekjur voru áætlaðar hjá fjölmörgum veiðiréttarhöfum, sem standa utan veiðifélaga. Veiðifélagsdeildir eru almennt með sjálfstæðan fjárhag. Einnig var lagt mat á tekjur félagsmanna í veiðifélögum sem selja sjálfir veiðileyfi eða leigja út veiðisvæði, oft með aðstoð þeirra sjálfra. Samtals fengust upplýsingar frá vel á þriðja hundrað veiðifélögum og veiðiréttarhöfum. Viðauki A sýnir ár og vötn sem tekjur voru metnar af, ásamt veiðifélögum um þau veiðisvæði.

Örsjaldan náðist ekki samband við forráðamenn veiðifélaga um silungsveiðisvæði. Við mat á tekjum veiðiréttarhafa, sem ekki náðist í, var byggt á mati á nýtingu og verði veiðileyfa, ásamt veiðitölum, ef þær lágu fyrir, og tekjum sambærilegra áa. Við mat á nýtingu og verði veiðileyfa var byggt á upplýsingum frá landeigendum, veiðimönnum, fyrrum veiðileyfasölum og söluvefum á alnetinu.

Hagfræðistofnun hafði samband við 16 leigutaka⁹ og bað þá að koma netkönnun um veiðiferðir o.fl. á framfæri við veiðimenn. Markmið könnunarinnar var að meta greiðsluvilja veiðimanna með svokallaðri ferðakostnaðar-aðferð. Könnuninni var beint að þeim sem höfðu farið í leyfisskylda stangaveiði sumarið 2017. Þrjú leigutakar sendu könnunina áfram til viðskiptavina sinna.¹⁰ Alls voru 101 veiðisvæði nefnd í svörum þátttakenda en aðeins var hægt að nýta upplýsingar um 39 svæði. Spurt var um síðustu veiðiferð veiðitímabilið 2017, hvert ferðinni var heitið, fjölda stanga ferðahóps, fjölda veiðidaga, aflamagn o.fl. Jafnframt var spurt um ferðakostnað, tilhögun ferðar, eiginleika veiðisvæðis, félagslega stöðu veiðimanna og ráðstöfunartekjur. Í úrvinnslu gagnanna voru nýttar upplýsingar sem Hagfræðistofnun hafði aflað um þjónustustig á hverjum stað og hve margar stangir væru seldar.

⁹ Byggt var á lista yfir leigutaka á enskri útgáfu af heimasíðu Landssambands veiðifélaga.

¹⁰ Alls hófu 459 einstaklingar að svara könnuninni en 374 luku við hana. Þar af voru sex útlendingar. Í allmörgum tilfellum tóku svarendur ekki afstöðu til lykilsurninga, svo sem vals á veiðisvæði eða hvaðan var ferðast á veiðisvæðið. Af þeim sökum liggja 166 athuganir tölulegum niðurstöðum þessa kafla til grundvallar.

3 Fyrri rannsóknir

Í þessum kafla er fjallað um það hvernig náttúruauðlindir eru almennt metnar til fjár, en auk þess er rætt um fyrri rannsóknir á virði lax- og silungsveiða.

3.1 Almennt um verðlagningu náttúruauðlinda

Virði náttúruauðlinda er oft skipt upp í virði notkunar (notagildisvirði, e. use value) og virði án notkunar (e. non-use value). Virði notkunar ræðst bæði af beinni notkun og óbeinni notkun. Valkostavirði (e. option value), sem snýr að virði kosta í framtíðinni er ýmist flokkað með virði notkunar eða virði án notkunar. Auðvelt er að ímynda sér dæmi um að fólk telji möguleikann á einhverri nýtingu í framtíðinni mikils virði jafnvel þó að kosturinn sé ekki nýttur núna. Til dæmis gæti fólk sem stundar ekki laxveiðar talið það mikils virði að geta stundað þær síðar.

Virði án notkunar snýr að verðmæti auðlinda í augum þeirra sem nýta þær ekki. Virði án notkunar er oft skipt í tvennt, tilvistarvirði (e. existence value) og arfleiðsluvirði (e. bequest value). John Krutilla fjallaði fyrstur um tilvistarvirði árið 1967.¹¹ Síðan hafa aðferðir til að meta virði án notkunar þróast mikið og nú er það veigamikill þáttur í virðismati á auðlindum. Í virðismati Norrænu ráðherranefndarinnar á lax- og silungveiðum, sem gert var árið 2000 og fjallað er um hér á eftir, var virði án notkunar talið meira fyrir Ísland en virði notkunar.

Dæmi um virði án notkunar er virði líffræðilegs fjölbreytileika. Fólk sem aldrei mun nýta ákveðna dýrastofna telur samt einhvers virði að viðhalda þeim. Fjölmargar greinar hafa verið ritaðar um virði og virðismat líffræðilegs fjölbreytileika.¹² Oft er ráðist í kostnaðarsamar aðgerðir til að viðhalda dýrategundum eða stofnum sem ekki eru nýttar á neinn beinan hátt. Á Íslandi má nefna dæmi um aðgerðir til að viðhalda húsdýrastofnum og dýrastofnum í náttúrunni. Frá 1960 hefur verið greiddur stofnverndarstyrkur fyrir vetrarfóðraðar geitur sem nýttar eru til mjólkur- eða kjötframleiðslu þótt arður sé fremur lítill. Íslenska ríkið lætur fylgjast með stofnstærð fuglategunda í útrýmingarhættu, þrátt fyrir að lítil bein not séu af fuglunum.

Rannsóknir benda til að í flestum laxveiðiám á Íslandi sé sérstakur laxastofn.¹³ Jafnvel Gljúfurá í Borgafirði sem rennur úr einni á (Langá) í aðra (Norðurá) er talin vera með sérstakan laxastofn.¹⁴ Erfitt er að meta hversu mikils virði þessir stofnar eru, eingöngu út frá virði líffræðilegrar fjölbreytni.¹⁵

Mikil samstaða virðist vera meðal þjóða heims um að líffræðileg fjölbreytni sé mikils virði. Ísland hefur frá 1994 verið aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.¹⁶ En þó að eining sé um að líffræðilegur fjölbreytileiki sé mikils virði er ekki auðvelt að meta virði þess að halda í einstakar tegundir eða stofna. Ríkisendurskoðun hefur bent á að „kortlagning líffræðilegs fjölbreytileika sé umfangsmikið

¹¹ John Krutilla. (1967) Conservation Reconsidered, the American Economic Review. bindi. 57.

¹² Sjá t.d. Jean- Michel Salles. (2011) Valuing biodiversity and ecosystem services: Why put economic values on Natures. Comptes Rendus Miologies

¹³ A.K. Daniélsdóttir o.fl (1997) „Genetic structure of wild and reared Atlantic salmon populations in Iceland. Journal of Marine Science 54:986-997

¹⁴ Sjá t.d. Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2017) „Gljúfurá 2016: Samantekt um fiskirannsóknir“ Veiðimálastofnun.

¹⁵ Sjá t.d. Salles (2011) „Valueing biodiversity and ecosystem services: Why put economic values on Nature“ Comptes Rendus Biologies.

¹⁶ Samninginn um líffræðilega fjölbreytni má finna á eftirfarandi vefsíðu: <https://www.cbd.int/>.

verkefni“ og að ástæða kunnri að vera til að lögfesta varúðarsjónarmið samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika.^{17,18}

Við virðismat á náttúrugæðum er algengt að nota aðferðir afhjúpaðs vals (e. revealed preferences) eða yfirlýsts vals (tjáðu vali, e. stated preference). Afhjúpað val byggist á upplýsingum um hegðun fólks. Dæmi um afhjúpað val er ferðakostnaðaraðferðin (e. travel cost method) þar sem horft er á kostnað sem notendur leggja í til að njóta auðlinda. Tjáð val byggist á skoðanakönnunum þar sem leitast er við að komast að því hvað fólk vill borga mikið fyrir að halda í náttúruauðlindir. Tvær aðferðir eru notaðar til að meta greiðsluvilja fólks með skoðanakönnunum. Annars vegar er byggt á því sem kallast skilyrt verðmætamat (e. contingent valuation) og hins vegar valtilraunum (e. choice modeling). Nánari lýsingu á virðismati á náttúrugæðum má finna í greinargerð Brynhildar Davíðsdóttur, Daða Más Kristóferssonar og Sigurðar Jóhannessonar fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.¹⁹

Hagrænt virði auðlinda er jafnt núvirði ábata af auðlindunum um alla framtíð. Mikil umræða hefur verið innan hagfræði og umhverfisfræða um hvaða núvirðingarvexti eigi að nota til að verðmeta auðlindir.²⁰ Virði náttúruauðlinda sem endast lengi fer eftir vöxtum sem notaðir eru við núvirðingu. Ef há ávöxtunarkrafa er notuð, má hæglega fá þá niðurstöðu að litlu máli skipti þó að náttúruauðlindir séu eyðilagðar, ef það gerist bara á nógu löngum tíma. En rannsóknir benda til þess að fólk taki almennt ekki undir það mat. Algengt er að gera ráð fyrir lækkandi núvirðingarvöxtum við virðismat auðlinda eða verkefna sem gert er ráð fyrir að endist lengi (e. time-declining discounting).²¹

3.2 Fyrri rannsóknir um virði lax- og silungsveiða á Íslandi

Hér verður fyrst og fremst fjallað um fjórar greinar um efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða. Í fyrsta lagi, skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiði á Norðurlöndum.²² Í öðru lagi skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans 2004²³ um efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða, í þriðja lagi BS-ritgerð Sigurbergs Steinssonar frá 2009 um stangaveiðimarkaðinn á Íslandi²⁴ og í fjórða lagi meistararitgerð Brynjar Arnar Ólafssonar frá 2009 um verðmæti íslenskra stangaveiðisvæða.²⁵

¹⁷ “Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisendurskoðun janúar 2006 Sótt af: <https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/liffraedileg.pdf>

¹⁸ “Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni“ sótt af: https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/liffjolvreytni.pdf

¹⁹ *Hagrænt mat á náttúrugæðum og umhverfisáhrifum*. Verkefni unnið unnið á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (2013). Sótt af <http://www.ramma.is/media/beinleid/Hagraent-mat-a-natturu-gaedum-final.pdf>

²⁰ Sjá umfjöllun um núvirðingarvexti í t.d. „Valueing Ecosystem Services: Towards Better Environmental Decision-Making“, (2005), The National Academies Press Washington D.C. og í „Intertemporal Welfare Economics and the Environment“ í „Handbook of Environmental Economics“ (2004) Amsterdam: North Holland.

²¹ Sjá t.d. Boardman, Greenberg, Vining, Weimer (2018). *Cost-Benefit Analysis: concept and Practice*. 4. útgáfa. Cambridge University Press. Cambridge. Bretlandi, bls. 156, 261 og víðar; Cropper, Freeman, Groom og Pizer (2014) *Declining Discount rates*. American Economic Review, 104(5): 538-4.

²² Toivenen, Appelblad, Bengtsson, Geertz-Hansen, Guðni Guðbergsson, Daði Kristófersson, Kyrkjebjo, Navrud, Tuunainen og Gösta Weissglas, 2000, Economic value of recreational fisheries in the Nordic countries, útg. Norræna ráðherraráðið.

²³ Hagfræðistofnun, 2004, Lax- og silungsveiði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif. Skýrsla nr. C04:06.

²⁴ Sigurbergur Steinsson, 2009, Stangaveiðimarkaðurinn á Íslandi, mat á heildartekjum af laxveiðileyfasölu, BS-ritgerð Háskólinn á Bifröst.

²⁵ Brynjar Örn Ólafsson, 2009, Verðmæti íslenskra stangaveiðisvæða, meistararitgerð í hagfræði, Háskóli Íslands.

3.2.1 Skýrsla norrænu ráðherranefndarinnar um virði stangveiða á Norðurlöndum

Norræna ráðherranefndin gaf árið 2000 út skýrslu um hagrænt virði stangveiða á Norðurlöndum.²⁶ Þar er skilyrt verðmætamat notað til að meta hagrænt virði stangveiði. Í skýrslunni er hagrænt virði skilgreint sem munur á því sem stangveiðimenn vilja borga fyrir veiðina og veiðitengdum útgjöldum þeirra, ásamt virði án notkunar. Hagnaður veiðiréttarhafa var ekki hluti af hagrænu virði í skýrslunni.

Með skilyrtu verðmætamati var bæði lagt mat á greiðsluvilja vegna stangveiða og virði lax- og silungsstofna án nýtingar. Könnunin var lögð fyrir úrtak **25.000** ríkisborgara á aldrinum 18-69 ára í norrænu ríkjunum fimm. Úrtakið var valið af handahófi úr þjóðskrá landanna. Svarhlutfall var **45,8%**. Á Íslandi var úrtakið 2.500 manns og svarhlutfall **31,2%**. Um 43% svarenda voru karlar og 57% konur.²⁷ Af þeim sem svöruðu höfðu **268** eða **31,9%** stundað frístundaveiðar²⁸ undanfarið ár. Veitt var úr sjó 13% veiðidaganna. Skv. skoðanakönnun Gallups frá apríl 2000, sem vísað er til í skýrslu ráðherranefndarinnar, veiddu um **31,5%** landsmanna á aldrinum 16-75 ára sér til afþreyingar, **7,3%** veiddu úr sjó og **24,2%** úr ferskvatni.²⁹ Af þessu mátti leiða að **55.000** Íslendingar á aldrinum 18-69 ára stunduðu frístundaveiðar árið 2000. Um 47% svarenda í könnuninni sögðust veiða öðru hverju, en ekki að staðaldri, um 4% veiddu með neti, um 11% með öllum tegundum veiðitækja og 38% með línu og stöng.³⁰

Einnig voru þátttakendur spurðir um kostnað við veiðar undanfarið ár. Þátttakendur voru beðnir að undanskilja kostnað af hlutum sem endast í mörg ár, eins og t.d. veiðibúnaði og veiðifatnaði. Þegar kostnaðarliðum er sleppt verður kostnaðarmatið, að öðru óbreyttu, of lágt.

Spurt var um kostnað við ferðir, gistingu, veiðileyfi, bækur og rit, kostnað við mat og drykk umfram það sem venjulegt væri og annan kostnað. Tafla 1 sýnir skiptingu kostnaðar.

Tafla 1 Kostnaðarliðir veiðimanns skv. skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar frá 2000, fjárhæðir í kr.

Útgjaldaliðir íslenskra veiðimanna	Kostnaður	hlutfall
Akstur	8.975	25%
Bátsferðir	1.077	3%
Annar ferðamáti	359	1%
Gisting	2.872	8%
Veiðileyfi og félagsgjöld	15.437	43%
Bækur, rit og myndbönd	718	2%
Matur og drykkur (umfram venjulegan kostnað)	5.385	15%
Annar kostnaður	1.077	3%
Samtals	35.900	100%

Að meðaltali eyddu veiðimenn **35.900 kr.** á ári á verðlagi ársins 2000 í þá kostnaðarliði sem tilgreindir eru í töflu 1. Kostnaður þeirra veiðimanna sem veiddu nokkuð reglulega á veiðistöng var hins vegar þó nokkru hærri, eða **62.900 kr.** Kostnaður þeirra sem veiddu í net og kostnaður þeirra sem veiddu ekki að staðaldri

²⁶ Toivonen o.fl., sjá hér að framan.

²⁷ Rannsóknir sem Ferðamálastofa stendur fyrir á ferðavenjum Íslendinga innanlands bendir til að um 2/3 veiðimanna séu karlar og 1/3 konur.

²⁸ Þetta hlutfall inniheldur bæði þá sem veiddu úr sjó og úr fersku vatni.

²⁹ Sjá töflu 3.3 í skýrslu ráðherranefnarinnar (Toivonen o.fl.), sem áður var vísað í.

³⁰ Valmöguleikarnir voru: „Sport fisherman, Household fisherman, Generalist and occasional anglers.“

var mun minni. Veiðileyfi voru stærsti kostnaðarliðurinn á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum var ferðakostnaður meiri. Eins og áður kom fram voru veiðarfæri (veiðistöng, veiðihjól o.fl.) og fatnaður ekki í kostnaðarmatinu.

Tafla 2 sýnir greiðsluvilja stangaveiðimanna umfram útgjöld (miðað við niðurstöðu í töflu 1) og mat á hagrænu virði stangveiða (þ.m.t. virði veiðivatna án notkunar). Á Íslandi voru veiðimenn reiðubúnir að greiða um 30% meira en nam útgjöldum þeirra vegna veiðinnar. Stóran hluta af hagrænu virði lax- og silungsveiða, skv. skilyrtu virðismati norrænu ráðherranefndarinnar mátti rekja til virðis veiðanna fyrir þá sem ekki veiddu, þ.e. virðis án notkunar. Á Íslandi reyndist virði án notkunar um tvöfalt meira (100%) en virði notkunar (sjá töflu 4.12.6 í skýrslu nefndarinnar).

Tafla 2 Greiðsluvirði og hagrænt virði umfram útgjöld stangveiðimanna, skv. skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar árið 2000

	Greiðsluvilji umfram útgjöld veiðimanna	Hagrænt virði umfram útgjöld stangveiðimanna
Danmörk	48%	415%
Finnland	41%	79%
Ísland	30%	100%
Noregur	55%	95%
Svíþjóð	38%	92%

3.2.2 Efnahagslegt virði lax- og silungsveiða, skýrsla Hagfræðistofnunar 2004

Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004 var lagt mat á efnahagsleg umsvif vegna stangveiði. Lagt var mat á tekjur veiðifélaga, leigufélaga og tekjur annarra af veiðitengdum útgjöldum. Spurningar voru sendar til 180 veiðifélaga og fengust svör frá 65 veiðifélögum eða um 36%. Út frá svörum voru tekjur **120** veiðifélaga metnar. Veiðifélögum var skipt í fimm flokka eftir meðalveiði árána 1994-2003, aðbúnaði á veiðisvæði og þjónustu sem veiðimenn áttu kost á.

Í flokki 1 voru veiðifélög með mikla meðalveiði. Í flokkum 2 og 3 voru veiðifélög með minni veiði og minni þjónustu. Í flokki 4 voru veiðifélög með meðalveiði undir 50 löxum. Í flokki 5 voru síðan veiðifélög um veiðisvæði, þar sem fyrst og fremst veiddist silungur. Tafla 3 sýnir tekjur, kostnað, og tekjur á veiddan lax eftir flokkum veiðifélaga í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004.

Tafla 3 Tekjur veiðifélaga eftir flokkum 2004

Flokkur	Fjöldi veiðifélaga	Fjöldi svarenda (veiðifélög)	Heildarfjöldi veiddra laxa 2003	Tekjur á veiddan lax	Tekjur á stangardag	Heildar-tekjur (m.kr.)	Heildar-kostnaður (m.kr.)	Tekjur umfram kostnað (m.kr.)
1	18	14	21.494	23.500	38.000	518	143	369,5
2	19	12	7.043	23.000	25.500	163	32,5	130
3	32	11	3.628	17.000	8.300	67	17	50
4	30	5	689	42.000	3.900	29	1,9	26,5
5	21	5				139	132,5	7
Samtals	120	47	32.854			915	326,9	582,5

Samtals voru **99** veiðifélög í flokkum 1-4 skilgreind sem veiðifélög um laxveiðiár. Langmestar tekjur runnu til 18 veiðifélaga í flokki 1. Í öllum flokkum bárust færri svör um kostnað veiðifélaga en tekjur. Því var meiri óvissa í mati á kostnaði veiðifélaganna en tekjum þeirra. Óvissa í mati á kostnaði stafar einnig af því að stundum má líta á kostnaðarliði sem fjárfestingu sem skilar auknum tekjum síðar.

Tekjur á veiddan lax voru mestar í flokki 4. Það kemur á óvart því að þar voru ár með litla þjónustu og litla veiði. Vera kann að þarna hafi veiðst töluvert af silungi. Skýringin gæti líka legið í því að fá svör bárust frá veiðifélögum í þessum flokki. Af þeim sökum er óvissa meiri en annars staðar. Ef til vill var veiðin undir væntingum í ám sem tilheyrðu veiðifélögum í flokki 4 og tekjur á veiddan lax því miklar.

Um **56%** af heildartekjum veiðifélaga runnu til **18** félaga í flokki 1 og þau fengu enn hærra hlutfall af tekjum umfram kostnað, eða um **63%** (369,5/582,5). Um **85%** af tekjum af lax- og silungsveiðum runnu til veiðifélaga um laxveiðiár og um **15%** af tekjunum voru af veiðisvæðum sem skilgreind voru sem silungsveiðisvæði. Heildartekjur veiðifélaga árið 2004 voru taldar vera **915 milljónir kr.** Tekjur umfram kostnað (rekstrarhagnaður) voru **583 milljónir kr.** Framlegðarhlutfall rekstrar var því um 64%.

Við mat á tekjum leigufélaga var miðað við að **80-82%** af heildartekjum veiðifélaga um laxveiðiár væru leigutekjur (sum veiðifélög selja veiðileyfi sjálf) og að 64-67% af heildartekjum veiðifélaga um silungsvæði væru leigutekjur. Gert var ráð fyrir að álagning leigutaka væri á bilinu 25-30%. Út frá þessum forsendum fékkst að tekjur leigufélaga væru á bilinu **173-228 milljónir kr.** Í skýrslunni var bent á að þessar tölur bæri að taka með fyrirvara, þar sem hluti af tekjum leigutaka væri af veitingasölu og veiðileiðsögn.

3.2.2.1 Útgjöld innlendra ferðamanna

Við mat á útgjöldum innlendra stangveiðimanna var byggt á könnun norrænu ráðherranefndarinnar árið 1999 og símakönnun sem gerð var árið 2004. Í símakönnuninni voru 1.200 Íslendingar á aldrinum 18-75 ára spurðir um afþreyingu á ferðum um Ísland árið 2003. Um 25% svarenda sögðust hafa rennt fyrir lax eða silung, 20% stunduðu silungsveiðar og 11% laxveiðar. Um 192.000 Íslendingar voru á aldrinum 18-75 ára árið 2003. Fjórðungur af þeim er 48.000. Auk þess var gert ráð fyrir að 10-12% af börnum yngri en 18 ára stunduðu veiðar og sama hlutfall af fólki yfir 75 ára aldri. Samtals var því gert ráð fyrir að 20% allra landsmanna stunduðu stangveiðar árið 2003 eða 55.000-61.000.

Við mat á útgjöldum innlendra stangveiðimanna var byggt á niðurstöðu könnunar norrænu ráðherranefndarinnar, sem áður var getið. Þar voru útgjöld veiðimanna á aldrinum 18-69 ára vegna ákveðinna útgjaldaliða talin 42.175 kr., á verðlagi í maí 2004. Tafla 4 sýnir niðurbrot kostnaðar miðað við þá kostnaðarliði sem mældir voru í rannsókninni.

Tafla 4 Útgjaldaliðir íslenskra stangveiðimanna árið 2004

Útgjaldaliðir íslenskra stangveiðimanna 2004	Kostnaður	Hlutfall
Akstur	10.544	25%
Bátsferðir	1.265	3%
Annar flutningsmáti	422	1%
Gisting	3.374	8%
Veiðileyfi og meðlimagjöld	18.135	43%
Bækur, rit og myndbönd	844	2%
Matur og drykkur (umfram hefðbundinn kostnað)	6.326	15%
Annar kostnaður	1.265	3%
Samtals	42.175	100%

Heildarútgjöld stangveiðimanna á aldrinum 18-69 ára árið 1999, skv. skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar voru **2.292** milljónir kr., á verðlagi í maí 2004.³¹ Byggt er á símakönnun frá 2004 og gert ráð fyrir að 10-12% barna undir 18 ára og fólks eldra en 69 ára beri sama kostnað af veiðum og aðrir.

³¹ Sjá töflu 3.3 í skýrslu HHÍ.

Fæst þá að heildarútgjöld innlendra stangveiðimanna séu **2.320-2.572** milljónir kr., sbr. töflu 4.6 í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004.

Áætlað var að um **70%** af kostnaðinum væri vegna kaupa á innlendum vörum og þjónustu og að útgjöld innlendra veiðimanna vegna innlendra vara og þjónustu væru **1.624 milljónir kr.** Ef dregin eru frá útgjöld vegna gistingar og helmingur af útgjöldum vegna matar og drykkjar (í samræmi við upplýsingar í neðanmálgrein 64 í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004), fæst að útgjöld innlendra stangveiðimanna fyrir utan þá liði sem renna til veiðifélaga og leigufélaga nemi frá **674 til 747 milljónum kr.**³²

Tafla 5 Útgjöld innlendra stangaveiðimanna

	Framlag innlendra stangveiðimanna		Framlag innlendra stangveiðimanna án útgjalda vegna veiðileyfa og helmings matarkostnaðar	
	Neðri mörk	Efri mörk	Neðri mörk	Efri mörk
Fjöldi íslenskra veiðimanna	55.000	61.000	55.000	61.000
Meðalútgjöld	42.175	42.175	42.175	42.175
Útgjöld, veiðileyfi	18.135	18.135	18.135	18.135
Útgjöld, matur og drykkur	6.537	6.537	6.537	6.537
Útgjöld innlendra stangveiðimanna	2.319.625.000	1.820.167.563	962.644.375	1.067.660.125
Innflutt	-695.887.500	-546.050.269	-288.793.313	-320.298.038
Útgjöld til innlendra vara	1.623.737.500	1.274.117.294	673.851.063	747.362.088

3.2.2.2 Ferðabjónustan og stangveiði – útgjöld tengd erlendum stangveiðimönnum

Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004 kemur fram að „Ísland [sé] ekki eftirsóknarverður ferðamannastaður vegna veðurfars.“ Þrátt fyrir veðurfarið námu gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum um það leyti um **4,5%** af vergri landsframleiðslu á Íslandi og **12%** af útflutningstekjum. Um 320 þús. erlendir ferðamenn komu til Íslands árið 2003. Við mat á efnahagslegum áhrifum af ferðum erlendra stangveiðimanna hingað til lands var byggt á rannsókn sem fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf gerði árið 2003. Skv. könnuninni hugðust **1,4%** erlendra ferðamanna veiða lax og **2%** höfðu hugsað sér að veiða silung. Ályktað var að af 160.000 þúsund ferðamönnum sem komu til landsins 2003, hygðust 2-3 þúsund reyna fyrir sér í laxveiði, 3-4 þúsund hygðust veiða silung og 5 þúsund annaðhvort lax- eða silungsveiði. Einnig var gert ráð fyrir að flestir erlendir laxveiðimenn kæmu gagnert til þess að veiða en að fleira drægi silungsveiðimenn hingað.

Gert var ráð fyrir að hver laxveiðimaður eyddi að meðaltali þremur dögum utan veiðisvæðis. Samkvæmt úttekt Ferðamálaráðs var meðalferðakostnaður þeirra sem komu hingað á eigin vegum árið 2004 um **66.500 kr.** (til samanburðar voru meðalfargjöld árið 2016 45.000 kr. (Sjá skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004)) og meðalútgjöld á dag fyrir utan ferðakostnað voru **11.900 kr.** Í skýrslunni var gert ráð fyrir að meðalútgjöld erlendra laxveiðimanna á dag, fyrir utan ferðir, væru á bilinu **11.900-23.800 kr.** Út frá meðalútgjöldum og mati á fjölda erlendra veiðimanna var áætlað að meðalútgjöld erlendra stangveiðimanna væru á bilinu 102.200 kr. til 137.900 kr. Heildarútgjöld erlendra ferðamanna voru talin á bilinu **204,4-413,7 milljónir kr.**, þar sem neðri mörkin eru miðuð við að 2.000 erlendir laxveiðimenn komi til landsins og efri mörkin eru miðuð við 3.000 manns. Efnahagsleg áhrif voru síðan miðuð við að um

³² Í niðurstöðukafla skýrslu HHÍ frá 2004 kemur fram að tekjur annarra vegna útgjalda veiðimanna nemi 501-543 m. kr. Þær tölur eru ekki rökstuddar í skýrslunni.

helmingur af útgjöldum færi í innlendar vörur og þjónustu. Kaup erlendra stangveiðimanna á íslenskum vörum og þjónustu voru því alls talin **102,2- 206,9 milljónir kr.**³³

Ekki var gert ráð fyrir að fólk sem ekki veiddi væri í för með erlendum stangveiðimönnum. Ekki var gert ráð fyrir efnahagslegum áhrifum af silungsveiði og kostnaður við veiðileyfi var ekki tekinn með í útreikningana (hann er hluti af tekjum veiðifélaga og leigufélaga). Ekki var gert ráð fyrir að erlendir laxveiðimenn eyddu neinu þá daga sem þeir veiddu (fyrir utan kostnað við veiðileyfið). En þó að margir erlendir veiðimenn séu í fullu fæði með gistingu, á það ekki við um alla. Því er ljóst að útgjöld erlendra stangveiðimanna voru meiri en áætlað var árið 2003. Bent var á það í skýrslunni að tölurnar væru lággar.

3.2.2.3 Óbein og afleidd áhrif stangveiða

Við mat óbeinum og afleiddum áhrifum stangveiðimanna, var byggt á svokölluðum margfaldarafræðum. Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004 var tekjumargfaldarinn u.þ.b. 4.

3.2.2.4 Niðurstöður skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004

Tafla 6 sýnir niðurstöður skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004.

Tafla 6 Niðurstöður skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004, milljónir króna á ári

	Efnahagsleg áhrif	
	Neðri mörk	Efri mörk
Tekjur veiðifélaga	868	961
Tekjur leigutaka	173	228
Samtals tekjur veiðifélaga og leigutaka	1.041	1.189
Aðrar tekjur vegna innlendra stangaveiðimanna	501	543
Aðrar tekjur vegna erlendra stangaveiðimanna	201	403
Bein áhrif samtals	1.743	2.135
Óbein og afleidd áhrif	6.068	6.958
Efnahagsleg áhrif stangveiði	7.811	9.093

Fjallað er um niðurstöður rannsóknarinnar í bók um álitaefni sem varða frístundaveiðar á fiski, sem út kom á ensku árið 2008.³⁴

3.2.3 Stangaveiðimarkaðurinn á Íslandi, Sigurbergur Steinsson 2009

Í BS-ritgerð um virði stangaveiðimarkaðarins frá 2009 lagði Sigurbergur Steinsson mat á heildartekjur af laxveiðileyfasölu á Íslandi. Rannsóknin náði til veiðisvæða þar sem meðalveiði var meiri en 60 laxar á ári á 10 ára tímabili, skv. gögnum Veiðimálastofnunar. Samtals náði rannsóknin til **77** veiðisvæða. Reiknilíkan var notað til að meta verð í þeim ám þar sem ekki fékkst uppgefið verð veiðileyfis.

Heildartekjur af laxveiðileyfum með fullri þjónustu voru taldar **1.483** milljónir kr. árið 2009 og meðalverð stangardags þar var **71.634** kr. Heildartekjur af sölu laxveiðileyfa, þar sem ekki var veitt full þjónusta, námu

³³ Þessar tölur koma fram í töflu 4.6 og eru útskýrðar í kafla 4.5. Í töflu 5.1 eru bein áhrif erlendra ferðamanna tilgreind sem **201-403 m.kr.** Ekki er tilgreint í skýrslunni hvernig þær tölur eru fengnar og ósamræmið á milli taflna 4.6 og 5.1 er ekki útskýrt.

³⁴ Sveinn Agnarsson, Alan Radford og Geoff Riddington (2008) *Economic Impact of angling in Scotland and Iceland.* Global Challenges in Recreational Fisheries. Blackwell Publishing Ltd. Oxford.

538 milljónum kr. og meðalverð á stangardag var **28.507** kr. Heildartekjur af sölu laxveiðileyfa voru taldar **2.021** milljónir kr.

3.2.4 Verðmæti íslenskra stangveiðisvæða, Brynjar Örn Ólafsson 2009

Brynjar Örn Ólafsson metur heildarvirði íslenskra stangveiðisvæða í meistararitgerð í hagfræði frá hagfræðideild Háskóla Íslands 2009. Hann skoðaði **38** lax- og silungsveiðisvæði um allt land út frá daglegum gögnum frá og með árinu 2005 til og með 2008 frá Stangaveiðifélag Reykjavíkur. Hann notast við afhjúpað val (e. revealed preference) til að meta meta eftirspurn eftir veiðileyfum. Skýribreyturnar eru þyngd fiska, fjöldi fiska á stöng, ferðakostnaður, nýting veiðileyfa, einkenni svæðis og tímabil. Niðurstaða rannsóknarinnar er að meðalábati veiðimanna af laxveiðileyfi sé rúmar **13 þúsund krónur** en af silungsveiðileyfum er ábatinn tæpar 3 þúsund krónur, hvort tveggja á verðlagi 2006. Brynjar telur ábatann í hærra lagi miðað við erlendar rannsóknir af svipuðu tagi.³⁵ Neytendaábati vegna laxveiðileyfa og silungsveiðileyfa nam tæpum 60% af verði veiðileyfa í rannsókn Brynjars.

³⁵ Brynjar Örn Ólafsson (2009). *Verðmæti íslenskra stangaveiðisvæða*. Hagfræðideild Háskóla Íslands.

4 Tekjur af lax- og silungsveiðum

Í þessum kafla er lagt mat á tekjur af lax- og silungsveiðum árið 2018. Matið byggist oftast á upplýsingum um tekjur ársins 2017, sem framreiknaðar eru til 2018 með vísitölu neysluverðs. Stundum er byggt á tekjum ársins 2016 eða þá að tekjur eru metnar út frá upplýsingum um verð veiðileyfa og mati á um nýtingu veiðisvæða árið 2018.

4.1 Tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa

Nokkrar ástæður eru fyrir því að mat á tekjum veiðifélaga og veiðiréttarhafa er torveldara en ætla mætti. Í fyrsta lagi er ekki alltaf ljóst hver á veiðirétt. Hjá Landssambandi veiðifélaga er listi yfir veiðifélög en þar vantar veiðifélagsdeildir og veiðiréttarhafa sem ekki hafa stofnað veiðifélag. Á heimasíðu Fiskistofu er einnig skrá yfir veiðifélög en mörg þeirra hafa lengi verið alveg óvirk.³⁶ Listi yfir veiðifélög hjá Ríkisskattstjóra var ekki réttur í upphafi ársins 2018 og á þeim lista voru mörg félög sem ekki eru veiðifélög í skilningi laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.³⁷

Í öðru lagi framselja sum veiðifélög allan rétt til veiða til félagsmanna sinna. Þegar það er gert verða tekjur veiðifélags oft litlar. Þá þarf að meta tekjur landeigenda af veiðunum.

Í þriðja lagi eru samningar leigutaka og veiðifélaga mjög mismunandi. Þess vegna er ekki jafnauðvelt og ætla mætti að áætla tekjurnar, þó að allar upplýsingar liggi fyrir. Stundum byggja leigutakar veiðihús sem veiðifélög eignast við lok samningstíma. Þá getur verðmæti hússins verið stór hluti af verðmæti samningsins. Samningar veiðifélaga og leigutaka kveða stundum á um að leigutaki sjái um ýmsar fjárfestingar, rekstur og viðhald. Stundum halda leigutakar veiðihúsum við, þeir útbúa stíga, rækta fisk og sjá um önnur verk sem veiðifélög sinna annars staðar.

Þar sem samningar veiðifélaga og leigutaka eru af ýmsu tagi, eru tekjur veiðifélaga af veiddum laxi og stangardegi (veiði á eina stöng í einn dag) mjög mismiklar. Þegar mikill kostnaður lendir á leigutökum eru tekjur veiðifélaga eðlilega minni en af sambærilegum félögum þar sem minni kostnaður lendir á leigutökum. Sérstaklega ber að geta kostnaðar vegna ræktunarstarfs í þessu sambandi. Kostnaður vegna seiðaeldis getur verið umtalsverður. Upplýsingar um tekjur af ám og vötnum í eigu ríkis og sveitarfélaga sýna einnig að veiðiréttindi þeirra eru stundum leigð langt undir markaðsverði. Vegna mikillar misleitni í gögnum um fjárhag veiðifélaga var mikilvægt að fá áreiðanlegar upplýsingar frá sem flestum veiðiréttarhöfum.

Við skiptingu í landshluta var tekið mið af flokkun á heimasíðu Landssambands veiðifélaga og flokkun Hafrannsóknastofnunnar (áður Veiðimálastofnunar). Suðvesturland nær frá Reykjanesskaga að Hvalfjarðar-botni (Botnsá), Vesturland frá botni Hvalfjarðar að Laxá í Hrútafirði, Norðurland frá Hrútafirði að Langanesi, Austurland frá Bakkafirði að Höfn í Hornafirði, Suðurland frá Skeiðarársandi að Þingvallavatni. Veiðifélög um vötn og ár á afréttum eru talin til veiðifélaga á hálendi Íslands.

Tekjur af Veiðikortinu námu rúmum 38 milljónum kr. árið 2016 skv. ársreikingi Veiðikortsins ehf. Veiðikortið veitir rétt til veiði í 35 vötnum sem eru í öllum landshlutum. Upplýsingar liggja ekki fyrir um hvernig tekjurnar dreifast á landshluta.

³⁶ Skv. 12. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiðar, þá ber Fiskistofu að skrá öll veiðivötn og veiðiréttarhafa, en Fiskistofa birtir eingöngu lista yfir veiðifélög, enda ber að stofna veiðifélag um skipulag veiða í hverju fiskihverfi, sbr. 37. gr. sömu laga.

³⁷ Skv. upplýsingum í tölvupósti frá Sigríði Líney Lúðvíksdóttur, hópstjóra hjá Ríkisskattstjóra, þá höfðu mistök valdið því að of mörg félög voru skráð sem veiðifélög.

4.2 Tekjur veiðifélaga eftir landshlutum

4.2.1 Tekjur veiðifélaga á hálendinu

Á hálendinu starfa 12 veiðifélög, sem ná til **700** lögbýla. Tvær veiðifélagsdeildir eru í veiðifélagi Holtamannafréttar. Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skagaheiði er talið með veiðifélögum á Norðurlandi. Heiðadeild Veiðifélags Blöndu og Svartár er einnig talin með veiðifélögum á Norðurlandi. Þegar ár ná inn á hálendið eru veiðifélög talin með þeim landshlutum þar sem mest veiði er. Upplýsingar fengust beint frá öllum veiðifélögum sem veiðiréttindi eiga á hálendinu (oftast gjaldkera eða formanni).

Tafla 7 Veiðifélög á hálendinu

Veiðifélög	Fjöldi lögbýla	Stofnár	Veiðifélög	Fjöldi lögbýla	Stofnár
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar ³⁸	65	1977	Veiðifélag Hvítárvatns	99	1971
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru ³⁹		2000	Veiðifélag Landmannafréttar ⁴⁰	102	1965
Veiðifélag Auðkúluheiðar	65	1968	Veiðifélag Rangárvallafréttar	54	1995
Veiðifélag Eilífsvatna	7	2002	Veiðifélag Síðumannafréttar	61	2001
Veiðifélag Grímstunguheiðar			Veiðifélag Skaftártungumanna	20	1968
Veiðifélag Holtmannafréttar	172	1971	Veiðifélag Víðidalstunguheiðar	43	1992
A-Deild Veiðifélags Holtmannafréttar					
B- Deild Veiðifélags Holtmannafréttar					

Stangaveiði í vötnum á hálendinu hefur aukist á undanförunum áratugum. Langmest umsvif (tekjur og kostnaður) eru hjá Veiðifélagi Landmannafréttar. Á Landmannafrétti eru hin víðfrægu Veiðivötn og vötnin sunnan Tungnaár (sem stundum eru kölluð Framvötn). Veiði er nokkuð vel skráð í Veiðivötnum, en samtals veiddust þar um 30.000 fiskar árið 2017. Um 150 manns geta gist í 16 skálum veiðifélagsins og um 90 stangir eru til sölu á hverjum degi. Seld eru veiðileyfi frá 18. júní til 22. ágúst. Svokallaðir bændadagar eru frá 24. ágúst til 16. september, en þá geta félagsmenn veitt sjálfir eða selt leyfi. Virði veiði á bændadögum var ekki metið. Nokkuð er um að ferðamenn gisti í skálum félagsins án þess að veiða, en stærsti hluti tekna félagsins er af veiðileyfasölu og gistingu veiðimanna.

Næstmestar tekjur hálendisfélaga eru hjá Veiðifélagi Arnarvatnsheiðar. Erfiðlega hefur gengið að tryggja að öll veiði þar sé skráð en út frá mati á veiði á stöng, fjölda stangardaga og fjölda veiðimanna er varlega áætlað að þar veiðist meira en 6.000 silungar á ári. Brú, sem ráðgerð er á Arnarvatnsvegi yfir Norðlingafljót, mun auðvelda aðgengi að Arnarvatnsheiði og stuðla að fleiri ferðum veiðimanna þangað.

Veiðimenn í hálendisvötnunum hafa fyrst og fremst verið Íslendingar. Það stafar m.a. af því að yfirleitt er ekki fært að vötnunum á venjulegum fólksbílum. Mikil ásókn var í vötn á hálendinu árin 2009 og 2010 en þá ferðuðust Íslendingar mikið innanlands. Íslendingar virðast stundum velja á milli þess að fara í veiðiferðir hér á landi eða fara til útlanda, og þegar utanlandsferðum Íslendinga fjölga, fækka veiðiferðum landsmanna.

³⁸ Veiðifélag Arnarvatnsheiðar hét áður Veiðifélag Borgfirðinga á Arnarvatnsheiði.

³⁹ Sampykktir Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru er ekki að finna í Stjórnartíðindum. Veiðifélagið var stofnað í kringum árið 2000.

⁴⁰ Veiðifélag Landmannafréttar hét áður Veiði- og fiskræktarfélag Landmannafréttar.

Undanfarin ár hefur sókn útlendinga í veiði á hálendinu aukist, samhliða auknum ferðamannastraumi til landsins.⁴¹ Nokkuð er um að veiðileiðsögumenn fari með erlenda ferðamenn í hálendisveiðiferðir. Veiðileyfin eru þá lítil hluti af kostnaðinum. Salmon Fishing Iceland ehf og Fish partner ehf hafa t.d. leigt vötn á Grímsstunguheiði og Holtamannafrétti og boðið viðskiptavinum í veiðiferðir (aðallega útlendingum). Nokkur önnur fyrirtæki bjóða einnig veiðiferðir með leiðsögumönnum um hálendið.

Tekjur veiðifélaga af hálendisvötnum eru rúmar **100** milljónir kr. á ári og kostnaður um **64** milljónir kr. Framlegðarhlutfall rekstrar nemur um 36 milljónum kr. Út frá verði á veiðileyfum, gistingu, framboði á stöngum, tekjum veiðifélaga og fleira má áætla að í meðalári leggi **6.000-9.000** manns leið sína inn á hálendið til að renna fyrir fisk.

4.2.2 Tekjur veiðifélaga á Suðvesturlandi

Á Suðvesturlandi starfa **fimm** veiðifélög sem ná til **72** lögbýla. Auk þess er veitt á nokkrum svæðum þar sem ekki er veiðifélag. Reykjavíkurborg á Elliðaár, Garðabær á Vífilsstaðavatn og Hafnarfjarðarbær á Kleifarvatn og Djúpavatn. Botnsá er í eigu tveggja landeigenda sem nýta ána mikið sjálfir. Stangveiðifélag Hafnarfjarðar fer með veiðirétt í Kleifarvatni og leigir hann Veiðikortinu. Veiðikortið veitir einnig aðgang að Vífilsstaðavatni og Elliðavatni. Hlíðarvatn í Ölfusi, sem er í eigu Strandarkirkju, er hér flokkað með Suðurlandi. Tafla 8 sýnir veiðifélög á Suðvesturlandi, hvenær þau voru stofnuð og þann fjölda lögbýla sem þau ná til. Tafla 9 sýnir nokkrar ár og vötn á Suðvesturlandi sem veitt er úr, þó að ekki hafi verið stofnuð um þau veiðifélög.

Tafla 8 Veiðifélög á Suðvesturlandi

Veiðifélag	Fjöldi lögbýla	Stofnár	veiðifélög	Fjöldi lögbýla	Stofnár
Fiskræktar- og veiðifélag					
Úlfarsár	12	1937	Veiðifélag Elliðavatns	10	1965
Veiðifélag Leirvogssár	12	1940	Veiðifélag Brynjudalsár	4	1982
Veiðifélag Kjósarhrepps	34	1949			

Tafla 9 Ár og vötn á Suðvesturlandi utan veiðifélaga

Ár og vötn utan veiðifélaga	Eigendur	Leigutaki/söluaðili
Botnsá	Tveir landeigendur	Nýta/selja sjálfir
Elliðaár	Reykjavíkurborg	Stangveiðifélag Reykjavíkur
Kleifarvatn	Hafnarfjarðarbær	Veiðikortið
Djúpavatn	Hafnarfjarðarbær	Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar
Vífilsstaðavatn	Garðabær	Veiðikortið
Hafravatn	Mosfellsbær	Ókeypis
Hvaleyrarvatn	Hafnarfjarðarbær	Ókeypis

Fjárhagsupplýsingar fengust frá öllum veiðifélögum á Suðvesturlandi. Tekjur af Botnsá voru metnar eftir samtal við landeiganda, með hliðsjón af veiðitölum og leigu fyrir sambærilegar ár. Ekki liggur fyrir hvað Hafnarfjarðarbær (eða Stangaveiðafélag Hafnarfjarðar) og Garðabær hafa miklar tekjur af Vífilsstaðavatni og Kleifarvatni. Veiði í Meðalfellsvatni fellur undir Veiðifélag Kjósarhrepps og er leigð út til Veiðikortsins.

⁴¹ Ótilgreindir heimildarmenn, Leiðsögumenn og leigutakar.

Nokkur fleiri silungsveiðivötn eru í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Til dæmis eru seld veiðileyfi í Silungatjörn, Selvatn og Geldingatjörn á Mosfellsheiði. Ekki lágu fyrir upplýsingar um tekjur af allri vatnaveiði í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins, en tekjurnar eru ekki taldar miklar. Ekki er lengur nein veiði í Kiðafellsá í Kjós. Veiðifélag Kiðafellsár var stofnað 1985 en það er óvirkt um þessar mundir.

Tekjur veiðiréttarhafa af veiði í ám og vötnum á Suðvesturlandi á árinu 2018 eru taldar **95** milljónir kr. á ári og kostnaður um **29** milljónir kr. Framlegðarhlutfall rekstrar nemur um 70%. Mestu tekjurnar eru af Laxá í Kjós. Tekjurnar væru meiri ef veiðiréttindi opinberra aðila væru leigð á markaðsverði.

4.2.3 Tekjur veiðifélaga á Vesturlandi

Á Vesturlandi starfa **38** veiðifélög og **sjö** veiðifélagsdeildir sem ná til **620** lögbýla. Vesturland er hér talið frá Hvalfjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns (Vesturlandskjördæmið gamla), inn til lands og út með ströndum. Í þessum landshluta eru margar af verðmætustu laxveiðiám landsins og mörg af elstu veiðifélögnum. Englendingar hófu stangveiði á Vesturlandi um 1860.⁴²

⁴² Einar Hannesson, Veiðimál á Vesturlandi. Ný Þjóðmál 5. árg. 7. tbl. 1978.

Tafla 10 Starfandi veiðifélög á Vesturlandi

Veiðifélag	Stofnár	Lögbýli	Veiðifélag	Stofnár	Lögbýli
Fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalssár	1936	40	Veiðifélag Grímsár og Tunguár	1971	32
Veiðifélag Laxdæla	1936	28	Veiðifélag Stóra-Langadalsár og Setbergsár	1971	10
Veiðifélagið Hvítár (í Borgarfirði)	1937	38	Setbergsárdeild		
Fiskræktar- og veiðifélag Miðdæla	1938	24	Stóralangadalsárdeild		
Veiðifélag Fellsstrandar	1939	12	Veiðifélag Skorradalsvatns	1972	21
Veiðifélag Straumfjarðarar	1939	12	Veiðifélag Búðardalsár	1972	6
Veiðifélag Þverár í Borgarfirði	1942	34	Veiðifélagið Lýsa	1972	7
Veiðifélag Laxár í Hvammsveit	1943	9	Veiðifélag Skraumu	1972	7
Veiðifélag Norðurár	1945	40	Veiðifélag Áltár á Mýrum	1973	12
Veiðifélagið Flóka (Veiðifélag Flókadalsár)	1949	15	Veiðifélag Andakílsár	1973	11
Veiðifélagið Haukar	1979	27	Veiðifélag Gufuár í Borgarfirði	1973	16
Veiðifélag Efri-Haukadalsár	1979		Veiðifélag Núpár	1974	10
Veiðifélagsdeild Haukadalsvatns	1979		Veiðifélag Gríshólsár og Bakkaár	1974	8
Veiðifélag Haukadalsár	1949		Veiðifélag Fagradalsár	1975	5
Veiðifélagið Laxinn (Hvolsá og Staðarhólsá)	1951	27	Veiðifélag Laxár í Miklaholtshreppi	1975	
Veiðifélag Hörðudalsár	1952	11	Veiðifélag Krossár á Skarðsströnd	1978	5
Veiðifélag Langár og Urriðaár	1963	19	Veiðifélag Dunkár	1981	3
Langárdeild Veiðifélags Langár og Urriðaár	1963		Veiðifélag Reyðarvatns	1981	
Urriðaárdeild Veiðifélags Langár og Urriðaár	1963		Veiðifélag Langavatns (í Borgarfirði)	1987	
Veiðifélag Gljúfurár í Borgarfirði	1967	12	Veiðifélag Laxár og Blanks	1989	6
Veiðifélag Hítarar	1967	21	Veiðifélag Hlíðarvatns (í Hnappadal)	1992	4
Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts	1970	36	Veiðifélag Leirár í Leirársveit	2005	6
Veiðifélag Laxár í Leirársveit	1934	39			

Á Vesturlandi eru einnig nokkur félög sem eru aflögð eða ekki lengur virk. Tafla 11 sýnir aflögð eða óvirk veiði-félög á Vesturlandi. Í Skorarvíkurá og Hólmkelsá var sleppt gönguseiðum á árum áður, en því var hætt. Hólmkelsá tilheyrir núna Snæfellsbæ. Ekki eru seld veiðileyfi í ána en heimamenn sjá annað slagið veiðimenn reyna þar fyrir sér.

Tekjur af veiði í þverám og af veiði fyrir ofan veiðisvæði veiðifélaga voru teknar með ef upplýsingar lágu fyrir.

Tafla 11 Óvirk eða aflögð félög

Óvirk eða aflögð félög	Stofnár	Vatnasvæði
Veiðifélagið Skuggi	1984	Vatnasvæði Skorarvíkurár og Hólsár
Veiðifélagið Búrfell	1964	Hólmkelsá er nú í eigu Snæfellsbæjar
Veiðifélag Ljár	1989	Ljá
Veiðifélag Tunguóss	1983	Tunguós
Veiðifélag Ljárskógavatna	1989	Ljárskógavötn tilheyra eigendum Fáskrúðar

Á Vesturlandi eru einnig nokkrar ár og mörg vötn sem ekki er sérstakt veiðifélag um. Í landshlutanum eru um 170 stöðuvötn sem ná 300 metra breidd.⁴³ Flest vatnanna eru fyrst og fremst nýtt af landeigendum og sumarbústaðaeigendum.

Verðmætustu ár Vesturlands sem ekki tilheyra veiðifélögum á listum Fiskistofu eða Landsambands veiðifélaga eru Haffjarðará, Staðará í Staðarsveit á Snæfellsnesi og Fáskrúð í Döllum. Áin Fáskrúð tilheyrði áður Veiðifélagi Laxdæla en núna eiga hana landeigendur Ljárskóga og Glerárskóga. Staðará og Hagavatn tilheyra eigendum fjögurra lögbýla. Staðará er góð sjóbirtingsá en deilur stóðu um árabíl um veiðiréttinn í Staðará.⁴⁴ Deilurnar ollu því að áin var minna nýtt en ella. Haffjarðará er í eigu Geiteyrar ehf. Haffjarðará er ein af þekktustu laxveiðiám landsins.

Fjárhagsupplýsingar vegna Haffjarðarár fengust úr ársreikningum Geiteyrar ehf og Akurholts ehf, en auk þess veittu viðtöl við eigendur innsýn í reksturinn.⁴⁵ Fjárhagsupplýsingar og veiðitölur úr Fáskrúð fengust beint frá eiganda. Mat á tekjum af Staðará⁴⁶ og Hagavatni er byggt á upplýsingum um verð á veiðileyfum og mati á nýtingu. Tafla 12 sýnir lista yfir nokkur ár og vötn á Vesturlandi sem ekki tilheyra veiðifélögum á lista Fiskistofu eða Landssambands veiðifélaga.

Tafla 12 Dæmi um ár og vötn utan veiðifélaga á Vesturlandi

Ár eða vötn utan veiðifélag	Eigendur
Haffjarðará	Í eigu Geiteyrar ehf
Fáskrúð	Veiðirétturinn tilheyrir Ljárskógum og Glerárskógum, en áður veiðifélagi Laxdæla
Ljárskógavötn	Tilheyra núna eigendum Fáskrúðar en áður veiðifélagi Laxdæla
Fróðá	Landeigendur nýta sjálfir
Staðará og Hagavatn	Veiðirétturinn tilheyrir jörðunum Tröðum, Staðarstað, Álftavatni og Ölkeldu
Glerá í Döllum	Landeigendur: Glerárskógar og Magnússkógar
Hreðavatn	Hreðavatn ehf

Fjárhagsupplýsingar fengust beint frá öllum veiðifélögum á Vesturlandi, sem leigja út ár eða selja veiðileyfi, nema frá Veiðifélagi Leirár. Leirá er tveggja stanga sjóbirtings- og laxveiðiá. Engar upplýsingar liggja fyrir

⁴³ Veiðimaðurinn. Veiðimál á Vesturlandi. Einar Hannesson 1978.

⁴⁴ Dómur Hæstarrettar um veiðiréttinn í Staðará (mál nr. 566/2016) féll 30. mars 2016.

⁴⁵ Akureyri ehf og Geiteyri ehf áttu Haffjarðará fram á árið 2018 er Geiteyri keypti hlut Akureyrar.

⁴⁶ Þrátt fyrir að Staðará sé talin góð sjóbirtingsá, eru engar upplýsingar að finna um veiði í ánni í ritum Hafrannsóknastofnunar.

um veiði úr ánni í útgáfum Hafrannsóknastofnunar. Tekjur veiðifélags Leirár og leigutaka árinna voru metnar út frá verði á veiðileyfum (25.000-30.000 kr. stangardagurinn)⁴⁷ og mati á nýtingu.

Tekjur Veiðifélags Hvítár sem koma frá öðrum veiðiréttarhöfum, bæði vegna uppkaupa á netaréttum og annarra greiðslna, voru ekki taldar með. Beinrar upplýsingar eða áreiðanlegt mat fengust á tekjum landeigenda sem selja sjálfir veiðileyfi eða leigja veiðisvæðin út. Til dæmis fékkst gott mat á tekjum landeigenda ósasvæða (ármótasvæða) Hvítár (Brennan, Straumar, Svarthöfði og Skuggi) og á tekjum landeigenda í Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafjóts sem selja veiðileyfi beint.

Tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa á Vesturlandi á árinu 2018 eru metnar á **924 milljónir kr.** og rekstrarkostnaður **200 milljónir kr.** Framlegðarhlutfall rekstrar er um **80%**. Mikið er af sjálfbærum ám á Vesturlandi og framlegð af rekstri veiðifélaga og veiðiréttarhafa er mikil. Nokkur veiðifélög hafa lagt út í umtalsverðar fjárfestingar á liðnum árum. Þau greiða lítinn arð og skuldir þeirra minnka hratt.

4.2.4 Tekjur veiðifélaga á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum starfa **19** veiðifélög og **sex** veiðifélagsdeildir, sem ná til **119** lögbýla. Vestfirðir afmarkast af botni Gilsfjarðar og botni Hrótafjarðar. Bakkaá⁴⁸ og Laxá í Hrótafirði eru taldar með Vestfjörðum.

Elsta veiðifélag á Vestfjörðum sem enn starfar er Veiðifélag Ósár og Syðradalsvatns, sem stofnað var 1936.⁴⁹ Yngsta veiðifélagið er Veiðifélag Fljótavíkur, sem stofnað var árið 2008. Eitt af forgangsverkefnum Veiðifélags Fljótavíkur við stofnun var að koma á skráningu á veiði í Fljótavík,⁵⁰ en engar upplýsingar liggja fyrir um veiði þar í árlegum skýrslum Hafrannsóknastofnunar um lax- og silungsveiði á Íslandi.

Tafla 13 Veiðifélög á Vestfjörðum

Veiðifélag	Stofnár	Lög- býli	Veiðifélag	Stofn- ár	Lög- býli
Veiðifélag Ósár og Syðradalsvatns	1936	6	Veiðifélagið Geir (Geiradalsá)	1973	7
Veiðifélag Laugardalsár	1942	8	Veiðifélag Víkurár	1973	4
Veiðifélag Hrófárfiskihverfi (í Standasýslu)	1954	4	Veiðifélag Krossár í Bitrufirði (Strandasýslu)	1973	5
Veiðifélag Selár í Steingrímsfirði	1960	8	Veiðifélag Staðarár í (Steingrímsfirði)	1974	8
Veiðifélag Bakkaár (Hrótafirði)	1962	6	Veiðifélag vatnasvæðis Miðdalsár	1974	6
Veiðifélag Bjarnarfjarðarár	1963	10	Veiðifélag Laxár í Hrótafirði	1975	3
Veiðifélagið Gára	1970	3	Veiðifélag Gufudalsár	1998	6
Veiðifélagið uggi (Strandasýsla)	1970	8	Veiðifélag Fjarðarhornsrár	2002	4
Veiðifélag Langadalsár, Hvannadalsár og Þverá	1972	10	Veiðifélag Fljótavíkur (Norður-Ísafjarðarsýsla)	2008	4
<i>Langadalsárdeild</i>			Veiðifélag Selár og Hraunadalsár (netav.)	1973	9
<i>Hvannadalsárdeildir</i>			<i>Selárdeild</i>		
<i>Þverárdeild</i>			<i>Hraunadalsárdeild</i>		

A.m.k. **7** veiðifélög á Vestfjörðum eru líklega alveg óvirk. Tafla 14 sýnir veiðifélög á Vestfjörðum sem talin eru óvirk.

⁴⁷ Upplýsingar um verð fengust af veiðileyfavefum, þar sem einnig fengust vísbendingar um nýtingu.

⁴⁸ Bakkaá er í ýmsum ritum kölluð Prestbakkaá en skv. heimamönnum heitir áin Bakkaá og veiðifélagið heitir Veiðifélag Bakkaár skv. Stjórnartíðindum.

⁴⁹ Veiðifélag Ósár og Syðradalsvatns hét áður Veiðifélag Bolungarvíkur og Syðradalsvatn hét áður Miðdalsvatn.

⁵⁰ Sjá heimasíðu landeigenda www.fljotavik.is

Tafla 14 Óvirk veiðifélög á Vestfjörðum

Óvirk félög	Stofnár	Fjöldi lögbýla
Veiðifélag Langár í Skutulsfirði ⁵¹		
Veiðifélag Dalsár (Ísafjarðardjúpi)	1973	
Veiðifélag Suðurfossár	1989	3
Veiðifélag Tunguár í Bitrufirði	1972	5
Veiðifélag Öundurfarðar	1971	29
Veiðifélag Vatnsfjarðardals (Norður-Ísafjarðarsýslu) (Deildarskipt)	1972	5
Veiðideild Vatnsfjarðaróss og Sveinhúsavatns		
Veiðideild Þúfnaár		
Veiðideild Neðra-Selvatns		

Á Vestfjörðum eru einnig nokkrar ár og vötn sem ekki er veiðifélag um, skv. skrá Fiskistofu eða lista Landssambands veiðifélaga.

Tafla 15 sýnir lista yfir nokkrar ár og vötn á Vestfjörðum sem ekki hefur verið stofnað veiðifélag um. Tekjur þeirra eru metnar á grunni beinna upplýsinga frá eigendum um verð á veiðileyfum og mati á nýtingu, eða á tekjum sambærilegra áa ef veiðitölur lágu fyrir.

Upplýsingar fengust um tekjur af Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni frá formanni Flugu og nets ehf,⁵² auk þess sem upplýsingar fengust úr ársreikningi félagsins. Upplýsingar fengust einnig frá Orkubúi Vestfjarða um tekjur af Víðidalsá. Berufjarðarvatn og Sauðlauksdalsvatn eru leigð Veiðikortinu. Skálmardalsá, Þorskafjarðará og Mórudalsá eru aðallega nýttar af eigendum og ekki eru tölur um veiði þar í skýrslum Hafrannsóknastofnunar. Skv. upplýsingum á veiðileyfavef (www.veida.is) hafa veiðst 150-160 laxar á ári í Móru undanfarin ár. Af vestfirskum ám eru mestar tekjur af Langadalsá og Laugardalsá.

Tafla 15 Ár og vötn utan veiðifélaga á lista Fiskistofu

Ár og vötn	Eigendur
Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatn	Flugu og net ehf. (Í eigu eigenda tveggja lögbýla)
Skálmardalsá	Landeigandi
Þorskafjarðará	Landeigendur
Mórudalsá (Móra)	Landeigendur (Hagi og Kross)
Víðidalsá	Orkubú Vestfjarða og Strandabyggð
Ísafjarðará	Ríkið, Eyri og Súðvíkurhreppur
Berufjarðarvatn	
Sauðlauksdalsvatn	
Djúpadalsá (Reykhólahreppi)	Landeigandi

⁵¹ Veiðifélag Langár í Skutulsfirði er á skrá Fiskistofu og Landssambands veiðifélaga en samþykkt þess fannst ekki í Stjórnartíðindum.

⁵² Ekki er ljóst af hverju stofnað var einkahlutafélag um rekstur Vatnsdalsár og Vatnsdalsvatns en ekki veiðifélag (P3 rekstrarform).

Heildartekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa á Vestfjörðum 2018 eru taldar um **58** milljónir kr, en kostnaður veiðifélaga og veiðiréttarhafa er talinn **6** milljónir kr. Framlegðarhlutfall rekstrar er um 90%. Tekjur af ám og vötnum sem fyrst og fremst eru nýttar af eigendum eru eingöngu áætlaðar ef veiðitölur liggja fyrir. Veiðileyfi eru seld í Djúpadalsá en veiðibókum virðast ekki vera skilað til Hafrannsóknastofnunar.⁵³

4.2.5 Tekjur veiðifélaga á Norðurlandi

Á Norðurlandi starfa **46** veiðifélög og **19** veiðifélagsdeildir, sem ná til um **1.287** lögbýla. Norðurland nær frá Hrutafirði að Langanesi. Ár sem renna í Þistilfjörð eru hér taldar með Norðurlandi en ár sem renna í Bakkaflóa tilheyra Austurlandi. Fjárhagsupplýsingar fengust frá öllum veiðifélögum um laxveiðiár á Norðurlandi og nánast öllum silungsveiðiám. Ekki fengust fjárhagsupplýsingar frá Veiðifélagi Eyjafjarðarár, Veiðifélagi Hörgár, og Veiðifélagi Dalsár.

Tafla 16 sýnir veiðifélög á Norðurlandi. Fjölmennast er Veiðifélag Skagafjarðar, og það kemur ekki á óvart því að veiðisvæðið er mjög stórt og Skagafjörður er mjög þéttbýll.⁵⁴ Einnig tilheyra mörg lögbýli Veiðifélagi Eyjafjarðarár og Veiðifélagi Blöndu og Svartár.

Nokkrir landeigendur nýta árnar sjálfir eða selja veiðileyfi í þær án þess að vera í veiðifélagi. Mestu umsvifin hjá landeigendum utan veiðifélaga eru á urriðasvæði milli Veiðifélags Laxár í Aðaldal og Veiðifélags Laxár og Krákár. Fjárhagsupplýsingar fengust beint frá landeiganda á urriðasvæðinu. Tekjur af Fossá í Skagafirði (Skefilstaðahreppi) voru metnar út frá veiði og tekjum af sambærilegum ám. Hagfræðistofnun hefur engar upplýsingar um veiði í Hamarsá á Vatnsnesi en þar var áður lax- og silungsveiði. Gjöful búsvæði laxaseiða nærri árósum fóru forgörðum við brúargerð á vegum Vegagerðar ríkisins fyrir nokkrum árum.⁵⁵ Tafla 17 sýnir ár og vötn á Norðurlandi sem ekki hafa verið stofnuð veiðifélög um.

⁵³ Sjá Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson.(2018). Lax og silungsveiði 2017. Hafrannsóknarstofnun.

⁵⁴ Þó að jarðir séu sumar hverjar litlar í Skagafirði, líta bændur þar ekki á sig sem kotbændur og eiga það sammerkt með Þingeyingum að þykja góðir með sig, ef marka má landsþekktu vísu Egils Jónassonar frá Húsavík. För Þingeyskra bænda til Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, á skagfirskum langferðabílum, varð honum að yrkisefni: Eigi er kyn þó veður vont/verði í Húnaþingum/ þegar um landið Þingeyskt mont/þeysir á Skagfirðingum.

⁵⁵ „Alvarleg mistök voru gerð við frágang eftir brúargerð“ við Hamarsá á Vatnsnesi. Þar var farvegur árnar þrengdur og það hafði mikil áhrif á búsvæði laxaseiða. Bjarni Jónsson. Mótþægisaðgerðir til verndar lífríkis í ám og vötnum vegna vegagerðar. Búnaðarblaðið Freyr. 7. tbl.102. árg. 2006.

Tafla 16 Veiðifélög á Norðurlandi

Veiðifélag	Stofn- ár	Lög- býli	Veiðifélag	Stofn- ár	Lög- býli
Veiðifélag Blöndu og Svartár	1930	92	Veiðifélag Laxár og Krákár	1970	52
Heiðadeild Veiðifélags Blöndu og Svartár			Veiðifélag Ormarsár	1970	17
Veiðifélag Víðidalsár	1934	42	Veiðifélag Þorvaldsdalsár	1971	10
Veiðifélag Vatnsdalsár	1936	53	Veiðifélag Höfðavatns	1972	4
Veiðifélag Ólafsfjarðarár	1936	20	Veiðifélag Laxár, Skefilsstaðahreppi ⁵⁶	1972	10
Veiðifélagið Orri	1975		Veiðifélag Slétthlíðinga (Skagafjörður)	1972	14
Veiðifélag Laxár á Ásum (Vd)	1937	14	Veiðifélag Skjálfandafljóts	1972	84
Efri Laxárdeild (Vd) (Laxárvatnsdeild)			A- deild Vf. Skjálfandafljóts		
Svínavatnsdeild (Vd)			B- deild Vf. Skjálfandafljóts		
Veiðifélag Miðfirðinga	1938	53	D- deild (Svartárdeild)		
Veiðifélag Fnjóskár	1938	50	Veiðifélag Brunnár	1973	13
Veiðifélag Laxár í Aðaldal	1940	19	Veiðifélag Deildarár (Grafará)	1973	12
Veiðifélag Svarfaðardalsár	1940	56	Veiðifélag Miklavatns og Fljótaár	1974	32
Veiðifélagið Kolka	1941	41	Veiðifélag Dalsár (Í Flateyjardal)	1974	11
Veiðifélag Mýrarkvíslar	1941	17	Veiðifélagið Skagaröst (Laxá í Nesjum)	1974	3
Veiðifélag Litlárvatna	1944	22	Veiðifélag Reykjadalssár og Eyvindarlækjar	1974	55
Veiðifélag Hörgár og vatnasvæðis hennar	1945	50	Veiðifélag Deildarár á Sléttu	1976	6
Veiðifélag Skagafjarðar	1975	150	Veiðifélag Gljúfurár í Húnavatnssýslu	1977	11
Veiðifélag Sæmundarár	1951		Veiðifélag Hallár	1979	9
Veiðifélag Húseyjarkvíslar	1951		Veiðifélag Héðinsfjarðar	1980	5
Svartárdeild vf. Skagafjarðar	1970		Veiðifélagið Lóna	1980	5
Veiðifélag Hofsár	1973		Veiðifélag Svalbarðsár	1981	10
Héraðsvatnadeild vf. Skagafj.	1975		Svalbarðsárdeild		
Miklavatnsdeild vf. Skagafj.			Tunguárdeild		
Jökulsárdeild eystri			Veiðifélagið Flóki (Í Skagafirði) (Fljótum)	1981	26
Jökulsárdeild vestri			Veiðifélag Hölnár	1981	4
Norðurárdeild vf. Skagafj.			Veiðifélag Vesturhóps og Línakradals	1986	
Veiðifélag Eyjafjarðarár	1952	101	Veiðifélag Sandár Svalbarðshreppi	1986	7
Veiðifélagið hængur (Laxá í Refasveit)	1952	20	Veiðifélag Hafralónsár	1988	15
Veiðifélag Hrutafjarðarár og Síkár	1953	14	Veiðifélag Hafralónsár - Kverkárdeild		
Veiðifélag Miðfjarðarár og Litlu-Kverkár í Bakkafirði	1960	5	Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár	1992	28
Veiðifélag Vatnsnesinga (Tjarnará)	1961	8	Veiðifélag Lónsár	2002	5
Veiðifélag Mývatns	1968	12			

⁵⁶ Hér er Laxá í Laxárdal kennd við Skefilsstaðahrepp. Hreppurinn er nú hluti af Sveitarfélaginu Skagafirði. Um miðja síðustu öld lá einnig við að Skefilsstaðahreppur yrði lagður niður vegna fólksfæðar. Þá orti Jón Eiríksson á Fagranesi: Lífs og dauða skörp eru skil/skreipt er á valdasvelli/barn í nauð skal búa til/ svo byggðin haldi velli. Oddviti hreppsins og hans frú náðu að búa til barn og koma í veg fyrir sameiningu. Heimild: Vísnaðsáfn Skagafirðinga.

Tafla 17 Dæmi um ár og vötn á Norðurlandi þar sem landeigendur hafa ekki stofnað veiðifélag

Ár utan veiðifélaga	Eigendur	Nýting
Urriðasvæðið á milli veiðisvæða Veiðifélags Laxár í Aðaldal og Veiðifélags Laxár og Krákár	Landeigendur	Seld veiðileyfi
Fossá í Skefilsstaðahreppi	Landeigendur	Aðallega nýtt af eigendum
Hörtná, Hörtnárvatn, Nesá, Nesvatn, Dauðengistjörn o.fl. vötn á Skagaheiði	Landeigendur	Leigt út
Fjarðará í Hvalvatnsfirði	Landeigendur	Seld veiðileyfi
Víðidalsá ofan Kolufossa	Landeigendur	Seld veiðileyfi
Hamarsá á Vatnsnesi	Landeigendur	Áin var skemmd af Vegagerð Ríkisins/Staða óþekkt

Heildartekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa á Norðurlandi á árinu 2018 eru **770 milljónir kr.** og kostnaður **160 milljónir kr.** Framlegð nemur um **79%** af rekstrartekjum. Tekjuhæstu veiðifélögin eru Veiðifélag Miðfirðinga, Veiðifélaga Víðidalsár, Veiðifélag Vatnsdalsár, Veiðifélag Blöndu og Svartár, Veiðifélag Laxár í Aðaldal og Veiðifélag Laxár og Krákár. Samtals eru tekjur þessara sex félaga meiri en tekjur allra annarra veiðifélaga og veiðiréttarhafa á Norðurlandi. Tölur um tekjur örfárra tekjulítilla veiðifélaga eru ekki byggðar á upplýsingum frá veiðiréttarhöfum heldur voru þær metnar út frá mati á veiðileyfaverði og nýtingu, m.a. með hliðsjón af verði á veiðileyfum í vefverslunum.

4.2.6 Tekjur veiðifélaga á Austurlandi

Á Austurlandi starfa **19** veiðifélög og **fjórar** veiðifélagsdeildir sem ná til **492** lögbýla. Austurland nær frá Langanesi til Hafnar í Hornafirði í þessari skýrslu. Veiðisvæði Veiðifélags Sandvíkur, Veiðifélagsins Hölkna og Veiðifélags Miðfjarðará og Litlu-Kverkár í Bakkafirði tilheyra því Austurlandi. Veiðiár Veiðifélags Sandvíkur eru friðaðar um þessar mundir og þar er því engin veiði. Ein af ám Veiðifélags Sandvíkur er Bakkaá, en í henni veiddist stærsti lax sem veiðst hefur á stöng hér á landi.⁵⁷

Tafla 18 sýnir veiðifélög á Austurlandi. Beinar fjárhagsupplýsingar fengust frá öllum félögum með umtalsverðar tekjur. Tekjuhæstu ár á Austurlandi eru í Vopnafirði: Selá, Hofsá og Vesturdalsá. Yfir 80% af tekjum veiðiréttarhafa á Austurlandi eru af þessum þrem ám. Veiðifélög og leigutakar í Vopnafirði hafa fjárfest mikið. Leigutaki reisti veiðihús við Selá sem kostaði yfir 300 milljónir kr. en veiðifélagið fær fullan afnotarétt yfir því í lok samningstíma. Við mat á tekjum veiðifélagsins var tekið tillit til þessarar fjárfestingar og jafngilds kostnaðar leigutaka á ári. Leigutakar borga einnig rekstrarkostnað af veiðihúsum við Selá og Hofsá. Tekjur veiðifélaga í Vopnafirði kunna að vera vanmetnar, því að meiri kostnaður fellur á leigutaka þar en víða annars staðar. Víðar á Austurlandi er mikil uppbygging og ræktun. Veiðifélag Sandvíkur hefur friðað sínar ár (Hölkna, Bakkaá o.fl) til að byggja upp hrygningarstofninn, eins og áður var nefnt. Í Selá í Álftafirði er sleppt seiðum og hrogn grafin í sand. Hér eru tekjur ekki reiknaðar af ám sem eru friðaðar eða þar sem veiði er lítil vegna ræktunar.

⁵⁷ Morgunblaðið 26. júní 1992. Marinó Jónsson veiddi maríulaxinn sinn, sem var 43 pund, á stöng sem hann hafði stuttu áður keypt í Kaupfélaginu á Bakkafirði fyrir 2.000 kr. Skv. frásögnum veiðimanna á Austurlandi þá náði Marinó að húkka laxinn með spún. Í kjölfarið flæktist girnið um tálknin á laxinum, sem við það missti allan mátt, svo hægt var að draga stærsta stangveidda lax Íslandssögunnar á land baráttulítið með kaupfélagsstönginni.

Tafla 18 Veiðifélög á Austurlandi

Veiðifélag	Stofn- ár	Lög- býli	Veiðifélag	Stofn- ár	Lög- býli
Fiskræktar- og Vf. Norðfjarðarar	1942	16	Vfið. Hölkni, Bakkafirði, Langanes	2005	10
Vf. Vesturdalsár (Vopnafirði)	1950	14	Vf. Hornafjarðar	2005	67
Vf. Miðfjarðarar og Litlu-Kverkár	1960	5	Laxárdeild vf. Hornafjarðar	2005	
Vf. Breiðdæla	1962	36	Hoffelsárdeild vf. Hornafjarðar	2005	
Vf. Hofsár og Sunnudalsár	1967	25	Vf. Jökulsár á Dal (Jökla) ⁵⁸	2006	74
Vf. Selfljóts	1967	61	Vf. Kaldár í Jökulsárhlíð (Vd)	2006	
Vf. Fjarðarar (Borgarfirði eystra)	1976	13	Vf. Laxár í Jökulsárhlíð	2006	6
Vf. Selár í Vopnafirði	1972	22	Vfið. Loðmundur (Fjarðará í Loðmundarf.)	2006	6
Vf. Tungudalsár (Sævarendaár)	2011	3	Vf. Lagarflióts ⁵⁸ Vf. Grímsár á Fljótsdalshéraði neðan	2007	106
Vf. Fögruhlíðarar	1975	9	virjunar	2007	
Vf. Borgarhafnar	1989	6	Vf. Dalsár (Fáskrúðsfirði)	2009	7
Vf. Sandvíkur (í Bakkafirði)	1999	6			

Litlar tekjur eru af mörgum ám og vötnum á Austurlandi og stundum eru það aðallega eigendur sjálfir sem veiða. Landeigendur við nokkrar silungsveiðiár á Austurlandi hafa ekki stofnað veiðifélag en selja samt veiðileyfi. Tekjur þeirra eru frekar litlar. Eigendur sjö vatna á Austurlandi leigja veiðiréttinn til Veiðikortsins (Sænavatn á Jökulheiði, Urriðavatn við Egilsstaði, Mjóavatn og Kleifarvatn í Breiðdal, Skriðuvatn og Haugatjarnit í Skriðdal og Þveit við Hornafjörð).

Tekjur veiðifélaga og landeigenda á Austurlandi eru hér taldar **173 milljónir kr.** á ári. Kostnaður veiðifélaganna er **34** milljónir kr. Leigutakar í Vopnafirði, Breiðdalsvík og á veiðisvæði Jöklu bera umtalsverðan hluta þess kostnaðar sem oft fellur á veiðifélög. Framlegðarhlutfall af rekstri veiðifélaga á Austurlandi er um **80%**.

4.2.7 Tekjur veiðifélaga á Suðurlandi

Á Suðurlandi starfa **19** veiðifélög og **20** veiðifélagsdeildir, sem ná til **1.240** lögbýla. Suðurland nær frá Skeiðarársandi að Selvogi og Þingvallavatni. Hlíðarvatn í Selvogi og Þingvallavatn tilheyra Suðurlandi. Stór veiðifélög á Suðurlandi framselja veiðirétt til félagsmanna sem síðan leigja hann út sjálfir. Þrátt fyrir þetta gekk mjög vel að meta tekjur af ám á Suðurlandi. Upplýsingar fengust frá mörgum veiðiréttarhöfum sem selja sjálfir veiðileyfi. Mestar tekjur eru hjá Veiðifélagi Rangæinga⁵⁹, á veiðisvæði Veiðifélags Árnesinga⁶⁰, veiðisvæði Veiðifélags Skaftár⁶¹ og af veiðum í Þingvallavatni.

Umdæmi Veiðifélags Árnesinga er mjög stórt og þar eru leigðar út 87 laxveiðistangir. Tvær deildir eru í félaginu og leigja báðar út veiðisvæði sín í heilu lagi. Fjárhagsupplýsingar fengust beint frá deildunum. Þar sem deildir starfa ekki eru tekjur metnar með hliðsjón af verði á veiðileyfum og nýtingu. Verð á veiðileyfum

⁵⁸ Landeigendur við Löginn og Jökulsá á Dal voru áður í Fiskræktarfélagi Fljótsdalshéraðs, sem stofnað var 1937, og í Veiðifélagi Fljótsdalshéraðs, sem stofnað var 1966.

⁵⁹ Aðallega Eystri-Rangá, Ytri-Rangá og Hólsá (einnig þekkt sem Djúpá).

⁶⁰ Ölfusá; Sog og Ásgarðslækur; Höskuldslækur; Hvítá, Fossá og Dalsá; Brúará og Hagaós; Hólaá; Tungufljót neðan Faxa; Fullsæll og Andalækur; og Litla-Laxá.

⁶¹ Aðallega Geirlandsá og Breiðbalakvísl, Vatnamót og Tungulækur.

og nýting voru metin með hjálp upplýsinga frá landeigendum, veiðileyfasala, sem hættur er störfum, og veiðimönnum.

Í sumum deildum Veiðifélags Skaftár er veiðiréttur framseldur til félagsmanna sem selja sjálfir veiðileyfi eða leigja út veiðirétt. Fjárhagsupplýsingar fengust frá flestum deildum Veiðifélags Skaftár. Mat á tekjum Tungulækjardeildar Veiðifélags Skaftár er byggt á mati á verði veiðileyfa og nýtingu. Tungulækur þykir góð sjóbirtingsá og eru bestu dagarnir seldir á um **50.000 kr.**⁶² Upplýsingar um veiði í Tungulæk liggja ekki fyrir í gögnum Hafrannsóknarstofnunar þar sem veiðibókum hefur ekki verið skilað árum saman.

Mat á tekjum af veiði í Þingvallavatni grundvallast fyrst og fremst á upplýsingum frá landeigendum og veiðileyfasölum. Veiðikortið veitir rétt til að veiða í Þjóðgarðinum. Þar eru einnig seld veiðileyfi á **2.000 kr.** stangardagurinn og ellilífeyrisþegar og öryrkjar geta veitt þar frítt. Stefna Þjóðgarðsins er að almenningur geti reynt stangaveiði með litlum tilkostnaði í garðinum.

Tafla 19 sýnir lista yfir veiðifélög á Suðurlandi. Gott mat fékkst á tekjum þeirra allra. Óvissa ríkir um tekjur Veiðifélags Grenlækjar, en þar hafa landeigendur lengi verið ósáttir við stjórnvöld. Fyrst var tekist á um fyrirhleðslur við Þjóðveginn um Eldhraun, sem komið var upp 1951, en þær áttu að verja veginn fyrir ágangi Skaftár. Menn þóttust þá greina vatnsþurrð í lækjum sem spretta upp úr hrauninu. „Þegar kvartað var voru menn spurðir, hvort viltu vatn eða veg.“⁶³ Undanfarin ár hefur Veiðifélag Grenlækjar deilt við Orkustofnun og Landgræðslu ríkisins um áveitur úr Skaftá út á hraunið. Vatn þverr oft í lækjum á svæðinu.⁶⁴

⁶² Heimild: Samtöl við ótilgreinda veiðimenn og veiðileyfasala.

⁶³ Snorri Zóphóníasson (2015). Vatnafar í Eldhrauni. Náttúrulegar breytingar og áhrif veitumannvirkja. Útg. Veðurstofa Íslands, bls. 17 og áfram.

⁶⁴ Orkustofnun til Skaftárhrepps, 27. apríl 2016, Efni: Ítrekuð aðvörun um að stöðva vatnaveitingar út á Eldhraun við Árkvísar með nýjum fresti til 1. júní n.k., <https://orkustofnun.is/gogn/Utgefin-leyfi/Advorun-stodva-vatnaveitingar-ut-a-Eldhraun.pdf>

Tafla 19 Veiðifélög á Suðurlandi

Veiðifélög	Stofn- ár	Lög- býli	Veiðifélög	Stofn- ár	Lög- býli
Veiðifélag Árnesinga	1931	145	Veiðifélag Vestur-Eyfellinga	1971	34
Tungufljótsdeild Veiðifélag Árnesinga			Veiðifélag Eldvatns	1972	9
Stóru-Laxárdeild Veiðifélag Árnesinga			Veiðifélag Þjórsár	1972	520
Veiðifélag Rangæinga	1931	209	Kálfárdeild Veiðifélags Þjórsár (Vd)		
Vf. Þverár í Fljótshlið			Veiðifélag Minni-Vallarlækjar		
Vf. Eystri-Rangár			Veiðifélag Hvammsár/Sandár		
Vf. Eystri-bakka. Hólsár og n.h. Þverár			Veiðifélag Fossár		
Vf. Hróarslækjar í Rangá			Veiðifélagið Faxi (Tungufljót ofan Faxa)	1972	27
Vf. Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár			Veiðifélag Flóamanna	1972	66
Veiðifélag Úlfjótswatns	1939	5	Veiðifélag Þingvallavatns	1972	18
Veiðifélag Skaftár	1965	36	veiðifélag Hængur (Hvalsíki /Nýiós)	1973	13
Geirlandsár- og Breiðbalakvíslardeild			Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar	1973	47
Hörgsárdeild			Veiðifélag Grenlækjar	1975	16
Vatnamótadeild			Veiðifélag Kúðafljóts	1975	35
Tungulækjardeild			Tungufjótsdeild vf. Kúðafljóts		
Skaftárdeild			Veiðifélag Markarfljóts	1977	
Fossárdeild (Fossáladeild)			Veiðifélag vatnasvæðis Affallsins	1987	16
Holtsárdeild			Veiðifélag Apavatns	1989	16
Fjaðurárdeild			Veiðifélag Skógaár	2001	8
Veiðifélag Kerlingardalsár og Vatnsár	1967	17			

Nokkrir veiðiréttarhavar á Suðurlandi eru ekki í veiðifélagi. Tafla 20 sýnir nokkur veiðivötn, sem veiðifélög ná ekki til. Tekjur af veiði í Laugarvatni voru metnar á varfærinn hátt með hjálp landeiganda. Þar er töluverð óvissa um fjölda stangardaga. Eigendur Galtalækjar (Galtalækur I og Galtalækur II) voru í Veiðifélag Ytri-Rangár fram til 2011 en standa utan veiðifélaga um þessar mundir. Tekjur Galtalækjar voru metnar út frá verði á veiðileyfum og mati á nýtingu. Hlíðarvatn í Selvogi er í eigu Strandarkirkju og tekjur af leigu veiðiréttinda koma fram í ársreikningi kirkjunnar.⁶⁵ Tekjur af Steinsmýrarvötnum voru metnar með aðstoð landeiganda.

Tafla 20 Vötn og ár á Suðurlandi utan veiðifélaga

Ár og vötn utan veiðifélaga	Eigendur
Laugarvatn	Landeigendur
Galtalækur	Galtalækur I og Galtalækur II
Steinsmýrarvötn	Syðri-Steinsmýri
Hlíðarvatn í Selvogi	Strandarkirkja

Heildartekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa á Suðurlandi árið 2018 nema **590** milljónum kr., að mati Hagfræðistofnunar. Kostnaður er metinn á **230** milljónir kr. Framlegð er um **60%** af rekstrartekjum.

⁶⁵ Ársreikinga kirkjusókna er hægt að fá frá Biskupsstofu.


4.2.8 Tekjur veiðifélaga á öllu landinu

Á Íslandi störfuðu **169** veiðifélög og **58** veiðifélagsdeildir á árinu 2018. Í raun er þetta líklegt ofmat því að veiðifélög sem starfa í deildum eru oft óvirk regnhlífarsamtök. Aðalstarfsemin er jafnan í deildunum. Hagfræðistofnun fékk upplýsingar um fjölda lögbýla í nær öllum veiðifélögum á Íslandi, bæði úr Stjórnartíðindum og frá forsvarsmönnum veiðifélaga. Tafla 21 sýnir fjölda lögbýla, sem veiðifélög ná til, flokkaðan eftir landshlutum. Stundum eru eigendur lögbýlis í fleiri en einu veiðifélagi. Mörg lögbýli sem réttindi eiga á hálendinu tilheyra einnig öðrum veiðifélögum. Ef lögbýli í veiðifélögum á afréttum eru ekki talin með og gert er ráð fyrir að a.m.k. tvö veiðifélög nái til 10% af lögbýlum, fæst að meira en **3.400** lögbýli hér á landi tilheyra veiðifélagi. Um **2.250** lögbýli heyrja undir veiðifélög um laxveiðiár. Atkvæðisréttur í veiðifélögum fylgir jörðum sem teljast lögbýli í skilningi jarðalaga nr. 65/1976. Sum lögbýli, sem veiðifélög ná til, eru í eyði. Stundum eiga menn fleiri en eitt lögbýli en algengara er að margir eigi jörð saman. Þúsundir Íslendinga eiga því veiðiréttindi í íslenskum laxveiðiám.

Tafla 21 Fjöldi lögbýla með veiðiréttindi (eigendur í veiðifélagi) eftir landshlutum

Landshluti	Fjöldi lögbýla í veiðifélögum
Hálendið	700
Suðvesturland	72
Vesturland	620
Vestfirðir	110
Norðurland	1287
Austurland	492
Suðurland	1237
Samtals	4.518

Mynd 1 sýnir tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa eftir landshlutum. Mestu tekjurnar eru á Vesturlandi (33,8%), Norðurlandi (28,2%) og á Suðurlandi (21,5%). Tekjur landeigenda af Veiðikortinu sjást líka á myndinni en upplýsingar um þær eru úr ársreikningi Veiðikortsins ehf. Þó að 6.500 til 7.000 manns hafi keypt veiðikortið árið 2016 eru tekjur af því mjög litlar miðað við heildartekjur af stangaveiði.




Mynd 1 Tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa eftir landshlutum

Tekjur af laxveiði eru mun meiri en af silungsveiði. Tekjur af ám þar sem meirihluti tekna er af laxveiði nema um **83%** af heildartekjum af lax- og silungsveiðum og tekjur af silungsveiði nema **17%**.⁶⁶ Samtals eru **99** ár skilgreindar sem laxveiðiár. Upplýsingar um þær má finna á heimasíðu Landssambands veiðifélaga. Mun víðar má veiða silung en lax en tekjur af flestum silungsveiðiám eru litlar. Hagfræðistofnun hefur ekki upplýsingar um tekjuskiptingu af lax- og silungsveiðum í ám þar sem hægt er að kaupa báðar tegundir af leyfum.

Um 59% tekna veiðifélaga eru af ám þar sem boðin er full þjónusta (þ.e. húsnæði og fullt fæði), en hún er í boði í 23 ám. Auk þess er full þjónusta í boði hluta af veiðitímabilinu í a.m.k. tveim ám. Í enn fleiri ám er hægt að panta fulla þjónustu. Einn veiðimaður er með Vesturárdalsá á leigu og kaupir þá þjónustu sem hann vill. Hann kemur stundum á þyrlu í Vopnafjörð og ekki er ólíklegt að hann kaupi fulla þjónustu beint af heimamönnum eða leigutökum. Flest veiðihús með fullri þjónustu eru á Vesturlandi (8) og á Norðurlandi (8). Fjögur veiðihús með fullri þjónustu eru á Austurlandi, tvö á Suðurlandi og tvö á Suðvesturlandi.

Mynd 2 sýnir hvernig tekjur veiðifélaga skiptast eftir þjónustu sem er í boði. Öll veiðihús með fullri þjónustu eru við laxveiðiár, nema eitt.



Mynd 2 Tekjur veiðifélaga af stangveiði eftir þjónustustigi

4.3 Tekjur veiðiréttarhafa af stangardegi og veiði

Skv. skýrslu Hafrannsóknastofnunar um lax- og silungsveiði árið 2017 voru **46.656** laxar veiddir á Íslandi árið 2017. Hafrannsóknastofnun byggir skráninguna á veiðibókum sem stofnunin sendir veiðiréttarhöfum á hverju ári. Örsjaldan styðst stofnunin við aðrar upplýsingar.

Hafrannsóknastofnun styðst við heildartölur af heimasíðu Landssambands veiðifélaga um veiði í Eystri-Rangá, „þar sem um umtalsverða veiði er að ræða.“⁶⁷ Stofnunin virðist ekki heldur hafa fengið veiðibækur með upplýsingum um veiði í Þverá í Fljótshlíð og Affallinu. Þar var hins vegar ekki byggt á veiðitölum frá Landssambandinu (í Þverá í Fljótshlíð veiddust **488** laxar og í Affallinu **193** laxar, skv. heimasíðu Landssambandsins). Hafrannsóknastofnun nýtir ekki heldur upplýsingar af heimasíðum eigenda áa, t.d. Vatnsdalsár á Barðaströnd (40 laxar 2017) og Staðarár í Steingrímsfirði (94 laxar 2017).

⁶⁶ Oftast er alveg augljóst hvort á er laxveiðiá eða silungsá. Hitastig áa virðist ráða því að miklu leyti hvaða fiskar veiðast þar. Almenna reglan virðist vera að í köldustu ánum er bleikja, urriði í aðeins heitari ám og laxinn í heitustu ánum. Í sumum ám er þó hægt kaupa bæði laxveiðileyfi og silungsleyfi en laxveiðileyfið er þá alltaf miklu dýrara.

⁶⁷ „Lax og silungsveiðin 2017“ Hafrannsóknastofnun. bls. 4

Hagfræðistofnun byggir mat á veiði á tölum Hafrannsóknastofnunar, tölum Landssambands veiðifélaga, heimasíðum eigenda/leigutaka og stöku sinnum á mati (eða skráningu) á veiði í ám sem eru að mestu nýttar af eigendum eða af leigutökunum sjálfum. Niðurstaðan var sú að a.m.k. **48.242 laxar** hefðu veiðst árið 2017. Þetta eru **1.586** fleiri laxar en Hafrannsóknastofnun gefur upp. Mun líklega er að þetta sé vanmat en ofmat því að tölur vantar um veiði í nokkrum ám. Líklega er vanmatið þó ekki mikið, því að í öllum stórum ám eru veiðitölur taldar mjög áreiðanlegar. Líklega er óvíska í heiminum jafnhátt hlutfall af veiddum löxum skráð og á Íslandi.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um lax- og silungsveiði frá 2017 eru tilgreind veiðisvæði þar sem ekki var skilað inn veiðibókum.⁶⁸ Veiðibókum fyrir árið 2017 var ekki skilað fyrir öll veiðisvæði við Ölfusá, Hvítá og Sogið en ekki er tilgreint nákvæmlega fyrir hvaða veiðisvæði veiðibækur vantar. Því er erfitt að áætla hve margir laxar veiddust í þessum ám.⁶⁹ Til bóta væri að Hafrannsóknastofnun myndi upplýsa nákvæmlega hvaðan veiðibækur berast ekki.

Ef heildartekjum veiðiréttarhafa af laxveiðiám er deilt niður á fjölda veiddra laxa fæst að hver veiddur lax skilar veiðiréttarhöfum að meðaltali **46.900 kr.** Hluti af tekjum af laxveiðiám er vegna silungsveiða, en á móti kemur að ekki er tekið tillit til tekna af laxveiði í silungsám. Í sumum silungsveiðiám er von um laxveiði og það getur leitt til hærra verðs á veiðileyfum. Í ljósi yfirgripsmikillar gagnaöflunar má ætla að ofangreint mat sé mjög áreiðanlegt. Tekjur af veiðihúsum eru taldar með í matinu, en er stærsti hluti teknanna vegna sjálfrar veiðinnar.

Gögnin benda til að ár sem eru sjálfbærar að miklu eða öllu leyti, skili meiri tekjum á hvern veiddan lax en ár þar sem miklu er sleppt af seiðum. Að hluta til getur það stafað af því að minni sveiflur séu í laxveiði í sjálfbærum ám. En leigutakar sjálfbærra áa vekja athygli á því í markaðssetningu að árnar séu sjálfbærar. Það bendir til þess að sumir veiðimenn vilji borga meira fyrir veiði úr villtum sjálfbærum stofni en ræktuðum.

Mikill munur er á tekjum á milli veiðifélaga af hafbeitarám, en tekjurnar virðast meðal annars ráðast af því hvernig kostnaði við ræktun er skipt milli veiðifélaga og leigjenda. Samningar leigutaka og veiðifélaga um kostnaðarskiptingu (formlegir eða óformlegir), t.d. um viðhald veiðhúss og vegslóða, rekstur og kaup á fiskiteljara o.fl., geta einnig skipt máli.

Erfiðara er að meta virði veiddra silunga en veiddra laxa. Í fyrsta lagi er skráning á veiði á silungi mun óáreiðanlegri en á laxveiði. Í öðru lagi er mikill munur á tekjum af silungsveiðum eftir því hvernig silungur veiðist: Sjóbirtingur, staðbundinn urriði, sjóbleikja eða staðbundin bleikja. Hér skiptir stærðin mestu máli. Mestu tekjurnar eru þar sem hægt er að veiða stóra urriða. Sjóbleikja er líka oft stærri en staðbundin bleikja og því eru veiðileyfi í ám þar sem stór sjóbleikja veiðist mun dýrari en veiðileyfi í ám eða vötnum þar sem bleikjan er smá. Mjög litlar tekjur eru af veiði í vötnum þar sem eingöngu veiðist smábleikja.

Erfitt er að áætla fjölda silunga sem veiddust hér á landi á árinu 2017. Hafrannsóknastofnun telur að skráning á silungsveiði hafi batnað á undanförunum árum.⁷⁰ Töluvert vantar þó upp á að skráningin sé nógu góð til þess að hægt sé að meta virði hvers veidds silungs með þokkalegri vissu. Bæði er mikið um að veiðibókum vegna veiði í silungsám og vötnum sé ekki skilað og að veiðin komi ekki öll fram í bókunum.

⁶⁸ Engin viðurlög virðast vera við því að skila ekki veiðibókum þó lagaskyldan sé skýr.

⁶⁹ Ölfusá og Hvítá er sama áin sem ber nafnið Ölfusá fyrir neðan ármótin við Sogið.


⁷⁰ Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2018) Lax- og silungsveiði. 2017. Hafrannsóknarstofnun, bls. 11.

Til dæmis má nefna að í Þingvallavatni veiðist töluvert af bleikju á hverju ári en skv. skýrslu Hafrannsóknastofnunar um lax- og silungsveiði á árinu 2017 veiddust aðeins tvær bleikjur í vatninu.

4.3.1 Tekjur veiðifélaga af sjálfbærum íslenskum ám með fulla þjónustu

Mynd 3 sýnir tekjur af veiddum laxi og af hverjum stangardegi í 16 sjálfbærum íslenskum ám⁷¹ sem bjóða fulla þjónustu. Miðað var við veiðina árið 2017 en hún var svipuð og 2016. Mestar tekjur eru af Haffjarðará.⁷² Þar sem Haffjarðará er rekin af eigendum eru tekjur af ánni ekki sambærilegar við tekjur veiðifélaga af öðrum ám. Tekjur af ánni mætti frekar bera saman við tekjur leigutaka af dýrum laxveiðiám.

Ef Haffjarðará er sleppt úr meðaltalsútreikningum fæst að árið 2018 hafi meðaltekjur veiðifélaga á hvern veiddan lax í 15 ám með fullri þjónustu verið **60.220 kr.** Meðaltekjur á stangardag eru **95.602 kr.** Hér er heildartekjum veiðifélaga deilt niður á veiddan lax. Hluti af tekjum veiðifélaga er vegna leigu á veiðihúsi til leigutaka. Meðalveiði í þessum ám var um 1½ lax á stöng á dag. Hér er horft á tekjur á hvern stangardag sem boðinn er til sölu en ekki tekjur á nýttan stangardag. Nýtingin er auðvitað oftast minni en 100% og oft nýta leigutakar sjálfir nokkra daga. En í flestum dýrustu laxveiðiám landsins er nýting stangardaga mjög góð.



Mynd 3 Tekjur af veiddum lax- og stangardegi í 16 sjálfbærum ám (raðað upp af handahófi)


Almennt benda gögnin til þess að þegar veiði á hvern stangardag vaxi megi búast við minni tekjum á hvern lax. Þetta bendir til þess að ánægja af veiðunum minnki með hverjum laxi sem veiðist sama dag.⁷³ Því mætti ætla að auka mætti tekjur af ánum með því að fjölga stöngum þar sem margir laxar veiðast á dag á hverja stöng. En ekki má gleyma því, að fleira hefur áhrif á tekjur á hvern lax en fjöldi laxa á stangardag. Sumir veiðimenn meta til dæmis einveru og kyrrð. Í íslenskum laxveiðiám eru jafnan færri veiðimenn en tíðkast sums staðar í grannlöndunum.⁷⁴ Mynd 4 sýnir fjölda laxa á hvern stangardag og tekjur á lax í ám þar sem boðinn er full þjónusta.

⁷¹ Árnar eru í stafrófsröð: Grímsá og Tunguá, Haffjarðará, Haukadalsá, Hítará, Langá í Döllum, Laxá í Döllum, Laxá á Ásum, Laxá í Kjós, Laxá í Leirársveit, Miðfjarðará, Norðurá, Selá, Straumfjarðará, Þverá, Vatnsdalsá og Víðidalsá.

⁷² Tekjurnar koma fram í ársreikningum eigenda: Geitareyri ehf og Akurholt ehf. Akurholt seldi sinn hluta 2018.

⁷³ Með tungutaki hagfræðinnar má segja að veiðimenn hafi minnkandi jaðarnytjar af laxveiðum innan hvers dags.

⁷⁴ Samtal við veiðimann, ótilgreindan.



Mynd 4 Fjöldi laxa á stangardag (framboð, láréttur ás) og tekjur á lax í ám með fulla þjónustu (lóðrétt).

Breytileiki í tekjum á stangardag og í tekjum af veiddum laxi getur að hluta til stafað af því að leigutakar bjóði stundum of hátt verð. Bölvun sigurvegarans (e. winners curse) er vel þekkt hugtak úr uppboðsfræðum. Þegar óvissa ríkir um framtíðartekjur af því sem boðið er upp er það oft sá bjartsýnasti sem vinnur – og hann tapar síðan á því að hafa unnið útboðið. Nokkur dæmi eru um það hér á landi að leigutakar hafi boðið verð sem þeir hafa ekki getað staðið við. Í sumum samningum eru fyrirvarar um veiði en það ætti að draga úr óvissu leigutaka. Nokkuð hörð samkeppni ríkir nú á leigutakamarkaðnum og ár sem hafa verið boðnar út síðustu ár hafa flestar farið á hærra verði en greitt var fyrir útboð.

4.3.2 Tekjur af stangardegi – veiðihús án þjónustu

Við mat á tekjum af veiddum laxi í ám með veiðihúsi án fullrar þjónustu var horft á ár þar sem ekki veiðist mikill silungur. Valdar voru 14 ár þar sem samtals voru veiddir 3.083 laxar árið 2017 á 3.661 stangardegi (framboð, þ.e.a.s. miðað við fulla nýtingu).⁷⁵ Það gerir 0,84 laxa á stöng. Ef miðað er við 80% nýtingu er meðalveiðin ríflega einn lax á stöng. Í þessum ám var veiðin lítil árið 2017, um 19% lakari en árið 2016. Við mat á tekjum af laxi á stöng var því miðað við veiðina árið 2016. Fyrir þetta úrtak voru meðaltekjur á stangardag (miðað við fulla nýtingu) **53 þús.** kr og tekjur á veiddan lax **51 þús.** kr (63 þús. ef miðað er við veiði 2017).

Sleppt er sjógönguseiðum í um 18 laxveiðiár (þær kallast hafbeitarár, sjá umfjöllun um ræktun í næsta kafla). Miklu munar á tekjum af veiddum laxi í þessum flokki áa. Ýmislegt hefur áhrif á tekjurnar, t.d. hvað árnar hafa verið ræktaðar lengi, endurheimtuhlutfall laxaseiða og hvernig kostnaðurinn skiptist á milli leigutaka og veiðifélaga. Eins gæti skipt máli hvort náttúrlegur stofn er fyrir í ánni. Tekjur á hvern stangardag eru minni í hafbeitarám en sjálfbærum ám. Í sumum hafbeitarám má veiða lengur en í ám með sjálfbæra laxastofna.

4.4 Kostnaður og fjárfestingar veiðifélaga

Miklu munar á rekstrarkostnaði veiðifélaga (veiðiréttarhafa). Rekstrarkostnaður lýtur t.d. að viðhaldi og rekstri veiðihúsa, lagningu vegslóða, veiðivörslu og kostnaði við ræktun. Sér í lagi er kostnaður af ræktun mismikill. Sumar ár eru alveg sjálfbærar og í aðrar er sleppt miklu af seiðum með miklum tilkostnaði. Kostnað við framkvæmdir sem eiga að stuðla að auknum tekjum í framtíðinni má kalla fjárfestingar.

⁷⁵ Leirvogsá, Miðá, Álftá, Flókadalsá, Gljúfurá í Borgafirði, Dunká, Langadalsá, Laugardalsá, Miðfjarðará og Litla-Kverká, Ormarsá, Sandá í Svalbarðshreppi, Deildará á Sléttu og Fljótaá.

Fjárfestingum veiðifélaga má skipta í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða fjárfestingar til að bæta þjónustu við veiðimenn og hins vegar fjárfestingar sem eiga að stækka fiskistofna og veiðisvæði. En oft getur verið erfitt að greina á milli kostnaðar og fjárfestinga. Viðhald eða endurgerð vega, seiðasleppingar, viðhald og endurbætur á veiðihúsum og fleiri atriði sem má telja til rekstrarkostnaðar geta leitt til þess að eftirspurn eftir veiðileyfum eykst þegar fram líða stundir. Algengasta fjárfestingin til að bæta þjónustu við veiðimenn er smíði veiðihúss. Nokkur veiðifélög hafa ráðist í umtalsverðar framkvæmdir á liðnum árum fyrir lánsfé. Þau borga skuldir hratt og greiða ekki út arð (eða mjög lítinn) fyrr en fjárfestingar eru að mestu greiddar. Flest veiðifélög skulda lítið.

Á Íslandi eiga veiðifélög og aðrir veiðiréttarhafar að minnsta kosti **177** veiðihús og leigutakar og aðrir eiga **30** hús. Í þessum veiðihúsum eru um 1.500 svefnpláss. Fjárfest hefur verið fyrir milljarða króna í veiðihúsum á nýliðnum árum. Frá aldamótum hafa mörg veiðifélög ráðist í smíði nýs veiðihúss eða í verulegar endurbætur. Dýrustu veiðihúsin kosta hundruð milljóna króna. Árið 2017 voru reist a.m.k. sex ný veiðihús (eða mjög kostnaðarsamar viðbyggingar)⁷⁶, fyrir um **700** milljónir kr.

Sleppingar á tveggja ára laxi er algengasta form ræktunarstarfs í íslenskum laxveiðiám. Er þá oftast miðað við viðmið Hafrannsóknastofnunar um að tveggja ára lax sé yfir 70 cm. Að ósk Hafrannsóknastofnunar (áður Veiðimálastofnunar) og Lands sambands veiðifélaga fara nær öll veiðifélög fram á það í samráði við leigutaka að laxi yfir 70 cm sé sleppt. Er það gert til að styrkja stórlaxastofnana. Þegar hlutfall stórlaxa hækkar sækja fleiri veiðimenn í veiðina. Í mörgum ám, þar sem kvóti er á afla, sleppa flestir veiðimenn öllum laxi.

Tafla 22 sýnir veiðiaðferð, kvóta á afla og viðmiðunarmörk fyrir sleppingar á laxi í ám þar sem boðin er full þjónusta.⁷⁷ Í öllum ám, nema hluta af veiðisvæði Blöndu, er eingöngu veitt á flugu. Alls staðar, nema í Rangánum, á að sleppa öllum laxi sem er stærri en 70 cm. Nokkur veiðifélög hafa sett strangari reglur og miða við að sleppt sé löxum sem eru stærri en 68 cm eða 69 cm. Þar sem miðað er við að styttri löxum en 70 cm sé sleppt benda hreisturmælingar til þess að lækka þurfi viðmiðið ef ætlunin er að sleppa öllum tveggja ára laxi

⁷⁶ Veiðihús og nýjar viðbyggingar voru a.m.k. byggð við við Norðurá, Þverá í Borgarfirði, Laugardalsá, Deildará á Sléttu, Fnjóská og Reykjavísl.

⁷⁷ Í nokkrum ám í viðbót er hægt að panta fulla þjónustu.

Tafla 22 Veiðiaðferð, kvóti og viðmiðunarmörk „Veiða og sleppa“ (V&S) hjá ám með fulla þjónustu (a.m.k. hluta veiðitímabils)

Ár	Veiði- aðferð	Kvóti á stangar- dag	viðmiðunar- lengd sleppingar	Ár	Veiði- aðferð	Kvóti á stangar-dag	Viðmiðunar- lengd sleppingar
Laxá í Kjós	Fluga		69 cm	Vatnsdalsá	Fluga	V&S	0 cm
Laxá í Leirársveit	Fluga	1	68 cm	Laxá í Aðaldal	Fluga	V&S	0 cm
Haffjarðará	Fluga	1	70 cm	Laxá og Kráká	Fluga Fluga að	4 urriðar	
Norðurá	Fluga	3	70 cm	Blanda og Svartá	mestu	2-12	70 cm
Grímsá og Tunguá	Fluga	2	69 cm	Laxá á Ásum	Fluga	2	70 cm
Hítará	Fluga	2	70 cm	Jökulsá á Dal	Fluga	V&S	70 cm
Þverá í Borgaf.	Fluga	2	70 cm	Breiðdalsá	Fluga	2	70 cm
Laxá í Dölum	Fluga	2	70 cm	Selá í Vopnafirði	Fluga	V&S	70 cm
Langá í Dölum	Fluga	3	70 cm	Hofsá (Vopnafirði)	Fluga		69 cm
Straumfjarðará	Fluga	3	70 cm	Hölná	Fluga	V&S	69 cm
Haukadalsá	Fluga	1	70 cm	Eystri-Rangá	Fluga		
Miðfjarðará	Fluga		70 cm	Ytri-Rangá	Fluga		
Víðidalsá	Fluga	V&S	0 cm				

Margar fleiri aðferðir eru notaðar til að fjölga fiski í ánum. Lagðir eru fiskivegir til að fiskur komist ofar í árnar (oftast lax). Fiskivegirnir stækka hrygningarsvæði og stundum einnig veiðisvæði. Í sumum ám eru laxar líka færðir milli svæða til að stækka hrygningarsvæði. Stundum er seiðum sleppt vegna tímabundins átaks til að stækka laxastofn, en oft er seiðum sleppt á hverju ári. Seiðin eru alltaf úr laxastofni viðkomandi áa. Líta má á tímabundið átak sem fjárfestingu en rétt er að líta á árlegar sleppingar sem rekstrarkostnað. Haustið 1985 var gerð tilraun með hrognagröft í Laxá í Aðaldal⁷⁸ og frá árinu 2000 hafa hrogn verið grafin í Laxá í Laxárdal (Í Skefilsstaðahreppi). Eftir aldamót hafa hrogn verið grafin í fleiri ám á Íslandi.

Mestu er kostað til ræktunar í svokölluðum hafbeitarám þar sem sjógönguseiðum er sleppt (niðurgönguseiðum).⁷⁹ Veiðifélög eiga stundum seiðaeldisstöðvar en einnig er nokkuð um að leigutaki sjái alveg um ræktunarstarfið. Stundum er kostnaði við ræktun skipt milli leigutaka og veiðifélaga.

Tafla 23 gefur yfirlit yfir ræktunarstarf í íslenskum ám árið 2018.⁸⁰ Sjógönguseiðum er sleppt í 18 ár (hafbeitarár), smáseiðum í 10 ár, hrogn eru grafin í sjö ám og lax er fluttur milli svæða í fimm ám. Í sumum ám er stunduð ræktun af fleira en einu tagi.

⁷⁸ Tumi Tómasson (1987). Laxá í Aðaldal 1985 og 1986. Veiðimálastofnun.

⁷⁹ Niðurgönguseiði eiga auðvitað ekkert skylt við hugtakið niðurgöngulax, sem er notað yfir lax sem lifir í ánum eftir hrygningar og syndir grindhóraður til sjávar að vori.

⁸⁰ Upplýsingar koma beint frá forsvarsmönnum veiðifélaga.

Tafla 23 Ræktunarstarf í íslenskum ám 2018

Smáseiði	Sjógönguseiði	Hrognagröftur	Flytja hrygnur/lax
Fáskrúð	Gríshólaá og Bakkaá	Fáskrúð	Fáskrúð
Vatnsdalsá (Vestfj.)	Norðlingafjót	Miðfjarðará	Hörðudalsá
Hrútafjarðará	Miðdalsá á Ströndum	Húseyjarkvísl	Sæmundará
Hallá	Blanda og Svartá	Laxá í Skefilsstaðahr.	Miðfjarðará og Kverká
Skjálfandafjót fyrir ofan fossa	Fnjóská	Mýrarkvísl	Laxá í Refasveit
Jökla	Hrútafjarðará	Hofsá og Sunnudalsá	
Selá í Álftafirði	Laxá í Aðaldal	Selá í Álftafirði	
Langadalsá	Jökulsá á Dal (Jökla)		
Laxá í Refasveit	Fögruhlíðará		
Reykjadalsá og Eyvindarlækur	Kaldá í Jökulsárhlið		
	Breiðdalsá		
	Kerlingardalsá og Vatnsá		
	Þverá í Fljótshlíð		
	Eystri-Rangá		
	Eystri bakki Hólsár		
	Ytri-Rangá		
	Affallið		
	Skógaá		

Hlutfall tekna leigutaka og veiðifélaga, ræðst meðal annars af því hvort leigutaki eða veiðifélag ber kostnað af ræktun. Upplýsingar um hver ber kostnaðinn fengust frá öllum veiðifélögum sem standa í umtalsverðu ræktunarstarfi.

4.5 Tekjur leigutaka

Um 60 fyrirtæki, félagasamtök og óformlegir hópar leigja íslenskar ár og vötn af veiðifélögum og landeigendum. Stundum er um að ræða hóp sem leigir veiðivötn fyrst og fremst til eigin afnota. Flest stangveiðifélög, sem hafa ár og vötn á leigu, leigja eingöngu félagsmönnum sínum eða veita þeim afslátt á veiðileyfum. Eftirspurn eftir stangardögum í ár sem stangveiðifélög hafa á leigu er oft mun meiri en framboðið. Þá hefur verið gripið til þeirra ráða að loka fyrir inngöngu nýrra félaga eða útdeila stangardögum með því að draga úr hópi umsókna. Flestar stórar ár eru leigðar fyrirtækjum sem rekin eru í hagnaðarskyni. Leigutakarnir eru oft miklir áhugamenn um laxveiði og þeir veiða töluvert í sínum ám. Það á bæði við um Íslendinga og útlendinga. Leigutakar selja stundum veiði í öðrum ám en þeim sem þeir hafa á leigu. Í sumar ár selja aðrir en leigutakar líka mikið af stangardögum. Eigin veiði leigutaka veldur því að tekjur af lax og silungasveiði getur verið vanmetin.

Tafla 24 sýnir leigutaka íslenskra áa og vatna á árinu 2018.

Tafla 24 Leigutakar íslenskra áa og vatna 2018

Félagasamtök eða félagsskapur sem nýtir veiðisvæðin sín að mestu sjálfir	Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur eða söluaðilar veiðileyfa	Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur eða söluaðilar veiðileyfa
Ferðafélag Íslands	AKS viðskipti	Sporðablik ehf
Stangaveiðifélag Akraness	Bergis ehf	Starir ehf
Stangaveiðifélag Akureyrar	F.H.D. ehf	Tungufljót ehf
Stangaveiðifélag Borgarfjarðar	Fish Partner ehf	Veiðifélagið Hreggnasi ehf
Stangaveiðifélag Flugan	Fiská ehf	Veiðifélagið Kippur ehf
Stangaveiðifélagið Flúðir	Fiskiflugur ehf	Veiðifélagið Unubót ehf
Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar	G og P ehf	Veiðiklúbbur Íslands
Stangaveiðifélag Ísafjarðar	Hólsá ehf	Veiðiklúbburinn Strengur ehf
Stangaveiðifélag Keflavíkur	Hugdjarfir ehf	Veiðipjónustan Strengir ehf
Stangaveiðifélag Patreksfjarðar	Ion Fishing	Vesturárdalur ehf
Stangaveiðifélag Reykjavíkur	Iceland outfitters	Vesturfarar ehf
Stangaveiðifélag Selfoss	Laugardalsá ehf (Fly Fishing Iceland)	Veiðifélagið við Lækinn ehf
Stangaveiðifélag Seyðisfjarðar	Lax-á ehf	
Stangaveiðifélag sigfirðinga	Laxabakki ehf	
Stangaveiðifélagið Árblik	Laxárfélagið (P3) ⁸¹	
Stangaveiðifélagið Stakkavík	Laxás ehf	
Ármenn	Lúsítanía ehf	
veiðifélagið Birtingur	Nestorfan ehf	
Veiðifélagið Laxmenn	Norðlingafljót ehf	
Veiðifélagið Skuggi	Salmon Fishing Iceland	
Veiðifélagið Laxaborgir (P3) ⁸¹	R&M ehf (Icelandic Fishing guide)	
Ormur ehf.	Salmon Fishing Iceland	
Veiðifélagið Friðmundur	Seyrur sf	

Tafla 25 sýnir tekjur hluta af leigutökum íslenskra áa og vatna árið 2016, samkvæmt ársreikningum. Samtals námu tekjur þessara leigutaka **3.520** milljónum kr. árið 2016. Í töflunni eru tekjur fyrirtækja sem eru að miklu leyti í eigu sömu manna lagðar saman. Umsvifamestu leigutakarnir eru að hluta í eigu útlendinga.⁸² Þegar útlendingar eiga hlut í leigufélögum komast á viðskiptasambönd erlendis. Meirihluti viðskiptavina stærstu leigutakanna er erlendur og enn stærra hlutfall af tekjunum er frá útlendingum. Í mörgum ám eru það aðallega útlendingar sem veiða á dýrasta tímanum.⁸³ Breskir fjárfestar eiga hlut í Lax-á ehf. og veiðiklúbbnum Streng. Danir eiga hlut í Veiðipjónustunni Strengjum. Bergis ehf er að stórum hluta í eigu Norðmanna.

⁸¹ Laxárfélagið er skráð sem veiðifélag með rekstrarform P3 hjá Ríkisskattstjóra en er leigutaki.

⁸² Sjá ársreikninga félaganna.

⁸³ Heimild: Ótilgreindir leigusalar og forsvarsmenn veiðifélaga.

Tafla 25 Tekjur leigutaka (skráðra félaga og Stangaveiðifélags Reykjavíkur) íslenskra veiðivatna árið 2016

Leigutakar	Ár og vötn	Tekjur 2016 (m.kr.)
Lax-á, Agn, Ferðamiðstöð Íslands, H&S Íslands, Tungufljót, Veiðihús	Leirvogsa, Miðdalsá, Nessvæðið, Hallá, Stóra-Laxá, Eystri-Rangá, Blanda og Svartá, Langadalsá,	843
Veiðiklúbburinn Strengur, Laxárdalur, Vesturárdalur ehf., Vesturfarrar, Nestorfan	Hölná, Hin Hölná, Miðfjarðará og Litla Kverká, Selá, Hofsá, Vesturdalsá	420
Stangaveiðifélag Reykjavíkur	Andakílsá, Elliðaá, Elliðavatn, Gljúfurá í Borgarfirði, Haukadalsá, Langá á Mýrum, Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu, Straumfjarðará, Úlfarsá, Urriðavæði neðan Laxárvirkjunar (4 stangir), Varmá og Þorleifslækur	385
Starir ehf/Laxabakki/ION Fishing	Brennan, Straumar, ION svæði,	328
Hreggnasi	Svalbarðsá, Hafralónsá, Grímsá og Tunguá, Krossá, Laxá í Dölum, Laxá í Kjós, Brynjudalsá	317
Bergís	Ytri-Rangá	243
F.H.D.	Miðfjarðará	207
G&P	Vatnsdalsá, Gljúfurá, Reykjadalásá og Eyvindarlækur	142
AKS viðskipti	Norðurá	139
Veiðipjónustan Strengir ehf, Vetrareyjar	Minnivallalækur, Breiðdalsá, Jökla	134
Sporðablik	Laxá í Leirarsveit	70
Iceland Outfitters (selja veiðileyfi einnig)	Leirá í Leirarsveit, Skjálfandafjót,	69
Icelandic fly fisherman ehf	Flekkudalsá,	65
R&M (Icelandic Fishing Guide)	Bæjarvatn; Lónsá, Mýrarkvísl	44
Fish Partner ehf.	Hvammsá/Sandá, Heiðadeild Blöndu og Svartár, Holtamannafréttur, Deildará	33
Norðlingafjót	Norðlingafjót	15
Laugardalsá	Laugardalsá; Fossá	15
Hólsá	Hólsá	13
Veiðifélagið við lækinn	Húseyjarkvísl	13
Veiðiklúbbur Íslands	Miklavatn og Fljótá	10
Unubót	Eldvatn	10
Lusitania	Flókadalsá (neðra svæðið)	4
Samtals (m.kr.)		3.520

Upplýsingar úr ársreikningum leigufélaga og frá forráðamönnum þeirra sýndu að tekjur leigutaka eru mjög mismunandi miklar. Eins og við er að búast eru tekjurnar mestar þar sem boðin er full þjónusta. Þar eru töluverðar tekjur af leiðsögn, veitingum og gistingu. Leiðsögumenn vinna oftast fyrir leigutaka en einnig þekkist að veiðimenn ráði leiðsögumenn sem starfa á eigin vegum.

Leiðsögumenn í góðum laxveiðiám á Íslandi eru oft leigðir út á **60.000-80.000** kr. á dag.⁸⁴ Algengt er að einn leiðsögumaður segi veiðimönnum tveggja stanga til en í dýrustu ánum þekkist að einn leiðsögumaður sé á hvern veiðimann yfir dýrasta tímenn. Stundum er einn veiðimaður með hverja stöng og stundum deila tveir veiðimenn stöng. Erlendir veiðimenn í dýrustu ánum eru oftast með leiðsögumenn. Einnig er sífellt meira um að íslenskir veiðimenn vilji hafa góða leiðsögumenn sem þekkja árnar vel. Reynslumiklir leigusalar tala um að kröfur veiðimanna séu sífellt að aukast, bæði um aðbúnað og alla þjónustu.

⁸⁴ Heimild: Ótilgreindir veiðileyfasalar, leigutakar og leiðsögumenn.

Veiðisvæðum er í þessari skýrslu skipt í sex hópa. Í fyrsta hópnum eru veiðisvæði með veiðihúsum þar sem boðin er full þjónusta. Í öðrum hópi eru veiðisvæði með veiðihús án fullrar þjónustu (sjálfsafgreiðslu). Í þriðja hópnum eru veiðisvæði án veiðihúsa (mest silungsveiðiár). Í fjórða hópnum eiga leigutakar veiðihús. Í fimmta flokknum fellur mikill kostnaður á leigutaka, til dæmis vegna ræktunar. Í sjötta flokknum eru veiðisvæði í eigu ríkis og sveitarfélaga. Tekjur leigutaka af veiðisvæðum í flokki fjögur, fimm og sex eru mjög mismunandi miklar og þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig.

Almennt er rekstur leigutaka mun umsvifameiri en rekstur veiðifélaga. Leigutakar eru með margt starfsfólk á sínum snærum yfir sumarmánuðina, t.d. kokka, þjónustufólk, leiðsögumenn og bílstjóra. Einnig eru nokkrir leigutakar með fólk í vinnu yfir vetrarmánuðina. Mun færri vinna hjá veiðifélögnum. Rekstur veiðifélaga um hafbeitarár getur þó verið nokkuð fyrirferðarmikill. Til dæmis er Veiðifélag Eystri-Rangár með sjö manns í vinnu yfir vetrarmánuðina.

Almennt má líta svo á að rekstraráhætta leigutaka sé meiri en veiðifélaga. Þess vegna er rétt að líta á hluta af tekjum leigutaka sem áhættuálag. Leigutökum ber að greiða veiðifélögum skv. samningi, en tekjurnar eru ótryggar. Í mörgum ám er mikið af fastakúnum sem veiða á ákveðnum dögum ár eftir ár. Það dregur úr áhættu leigusala. Dæmi eru einnig um að fastakúnnar kaupi veiðileyfi mörg ár fram í tímann. Samningar leigutaka og veiðifélaga eru oftast verðtryggðir en stundum hækkar samningsfjárhæðin um fyrirframgefið hlutfall, stundum er fjárhæðin óbreytt út samningstímann og í einum samningi er samningsfjárhæðin gengistryggð að hluta.

Út frá greiningum á tekjum veiðifélaga og leigufélaga, virðist óhætt að álykta að tekjur leigutaka veiðisvæða með fulla þjónustu séu að meðaltali tvöfaldar á við tekjur veiðifélaganna, en kostnaður leigutakanna er að sjálfsögðu einnig mun meiri. Tafla 26 sýnir áætlun um tekjur leigutaka, sem hlutfall af tekjum veiðifélaga.

Tafla 26 Tekjur leigutaka sem hlutfall af tekjum veiðifélaga (veiðiréttarhafa) eftir flokkum.

Flokkur	Margfeldisstuðull
Á með veiðihúsi og fullri þjónustu	2
Á með veiðihúsi og fullri þjónustu að hl.	1,8
Ár með veiðihúsi án þjónustu	1,6
Ár án veiðihúss	1,3
Ár með veiðihúsi í eigu leigutaka:	
Veiðihús án þjónustu	2
Veiðihús með þjónustu	3
Ár þar sem sem mikill kostnaður fellur á leigutaka, t.d. vegna ræktunarstarfs, og veiðisvæði í eigu ríkis og sveitarfélaga	Tekjur af hverju veiðisvæði metnar sérstaklega.

4.5.1 Samanburður við virðisauka af landbúnaðarframleiðslu

Veiðiréttindi í ám og vötnum á Íslandi tilheyra eigendum jarða sem liggja að ánum og vötnunum. Oft er einnig stundaður búskapur á þessum jörðum. Hér er arður af lax- og silungsveiðum borinn saman við tekjur og hagnað af landbúnaðarstarfsemi. Stangveiði á þó meira sameiginlegt með ferðaþjónustu en landbúnaði. Stangaveiði gengur út á að selja lífsreynslu og afþreyingu.

Skv. gögnum Hagstofunnar nam framleiðsluvirði landbúnaðarafurða á árinu 2017 46 milljörðum kr. Í framleiðsluvirði eru ekki vörutengdir styrkir (t.d. beingreiðslur). Landbúnaðarafurðir eru að mestu leyti framleiddar í dreifbýli en sumar afurðir eru framleiddar í þéttbýli. Einkum er svína- og kjúklingakjöt búið

til í þéttbýlinu, ásamt grænmeti og blómum. Framleiðsluvirði dýra og dýraafurða nam **31,3** milljörðum kr. á árinu 2017 og yfir 90% af þeirri framleiðslu er úr dreifbýli.

Margvíslegur kostnaður fylgir framleiðslu á landbúnaðarvörum, t.d. kaup á fóðri, áburði, orku (rafmagn og eldsneyti), o.fl. Aðföng landbúnaðarframleiðslu námu samtals 38,6 milljörðum kr. árið 2017.⁸⁵ Á hinn bóginn kostar lítið að reka veiðifélög. Að meðaltali er kostnaðurinn í kringum 25% af tekjum þeirra. Þar af eru laun drjúgur hluti. Eins er launaliðurinn oft stærsti kostnaðarliðurinn hjá leigutökum.

Tafla 27 sýnir framleiðsluvirði, ásamt hagnaði og launakostnaði í landbúnaði, skipt niður á landshluta. Við landshlutaskiptinguna er byggt á skýrslu Hagfræðistofnunar og Byggðastofnunar⁸⁶ um hagvöxt landshluta. Tekjum veiðikortsins ehf.⁸⁷ og veiðifélaga um vötn á afréttum var skipt niður á landshluta. Mun stærri hluti tekna af landbúnaði verður til í þéttbýli. Á Suðvesturlandi eru tekjur af landbúnaðarframleiðslu mun meiri en tekjur af stangveiði. Á Vesturlandi eru tekjur af stangaveiði aftur á móti á við **69%** af hagnaði og launakostnaði í landbúnaði.

Tafla 27 Samanburður á stangveiði og landbúnaði, fjárhæðir í milljónum kr.

	Framleiðslu- virði landbúnaðar	Launakostnaður og hagnaður í landbúnaði	Tekjur veiðiréttar- hafa	Tekjur veiðiréttarhafa og leigufélaga	Hlutfalla tekna veiðiréttar- hafa og leigufélaga af launakostnaði og hagnaði í landbúnaði
Suðvesturland	3.282	1.291,5	98	185	14%
Vesturland	5.626	2.214	946	1.518	69%
Vestfirðir	2.344	922,5	58	82	9%
Norðurland	14.065	5.535	779	1.500	27%
Austurland	3.282	1.291,5	175	435	34%
Suðurland	18.285	7.195,5	676	1.107	15%

4.5.2 Mat á heildartekjum


Miðað við ofangreindar forsendur verða greiðslur stangveiðimanna fyrir veiðileyfi 4,9 milljarðar kr. á ári. Tekjur veiðiréttarhafa nema um 2,8 milljörðum kr. og tekjur leigutaka, umfram greiðslur þeirra til veiðiréttarhafa, um 2,1 milljörðum kr. Rétt er að geta þess að tekjur veiðiréttarhafa væru tugum milljóna króna meiri ef ár og vötn í opinberri eigu væru leigð út á markaðsvirði. Eins eru margar silungsár og mörg silungsvötn nýtt af eigendum að miklu leyti. Oft nýta leigutakar einnig nokkra daga sjálfir. Ef tekið er tillit til ofangreindra þátta má varlega áætla að tekjur leigutaka og veiðifélaga af lax- og silungsveiði séu meira en **5** milljarðar kr. árið 2018.

Mynd 5 sýnir tekjur heildartekjur af lax- og silungsveiði eftir landshlutum. Mestar tekjur eru á Norðurlandi og Vesturlandi en minnstar á Vestfjörðum og Suðvesturlandi.

⁸⁵ Heimild Hagstofa Íslands.

⁸⁶ Sigurður Jóhannesson. (2017). Hagvöxtur landshluta 2008-2015. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

⁸⁷ Skipting byggðist á huglægu mati á því hver líkleg tekjuskípting væri. Tekjur veiðikortsins eru litlar eins og áður hefur komið fram, í samanburði við heildartekjur af lax- og silungsveiðum.



Mynd 5 Skipting tekna leigutaka og veiðiréttarhafa af lax- og silungsveiði eftir landshlutum.

4.6 Tekjur annarra

Mat á tekjum annarra en veiðiréttarhafa og leigutaka af lax- og silungsveiðum er byggt á mati á útgjöldum veiðimanna. Fyrir utan veiðileyfi lendir ýmis kostnaður á veiðimönnum. Þar má helst nefna kostnað af ferðum á veiðistað, kostnað við veiðibúnað og -fatnað, gistingu og bækur, tímarit eða myndbönd. Auk þess hafa áratugum saman verið skrifaðir pistlar í dagblöð og gerðir sjónvarpsþættir um veiði. Heildartekjur annarra af veiðunum fara bæði eftir fjölda stangveiðimanna og meðalútgjöldum. Fyrst er lagt mat á fjölda þeirra sem stunda stangveiði og síðan á útgjöldin.

4.6.1 Fjöldi stangveiðimanna

Á hverju sumri renna tugir þúsunda Íslendinga fyrir lax eða silung. Út frá framboði á stöngum og nýtingu má áætla fjölda laxveiðimanna. Skoðanakannanir gefa auk þess vísendingar um hversu margir stunda veiðarnar.

4.6.1.1 Fjöldi laxveiðimanna

Á Íslandi eru **99** laxveiðiár sem eru opnar fyrir veiði í u.þ.b. 90 daga á sumri að meðaltali. Í heildina eru stangardagar (veiði með einni stöng í einn dag) **47.065** í þessum ám, eða að meðaltali 5½ stöng á dag í hverri á. Framboðið hefur lítið breyst undanfarin ár. Laxastigum og flutningi laxa milli svæða er fremur ætlað að stækka hrygningarsvæði en að fjölga veiðistöðum og stöngum.

Flestar góðar laxveiðiár eru vel nýttar. Hér er gert ráð fyrir að nýting á stangardögum í laxveiðiám sé að meðaltali 90%. Gert er ráð fyrir að útlendingar kaupi helming stangardaga og Íslendingar helming.⁸⁸ Í flestum veiðihúsum er gert ráð fyrir að gestir geti verið fleiri en stangir sem seldar eru. Algengt er að a.m.k. séu tvö svefnpláss á hverja stöng. Meira er um að Íslendingar deili stöng en útlendingar. Gert er ráð fyrir að 1½ stangveiðimaður sé um hverja stöng sem Íslendingar leigja, en 1,33 sé um hverja stöng sem útlendingar leigja.

Að meðaltali eru veiðiferðir erlendra stangaveiðimanna heldur lengri en innlendra.⁸⁹ Hér er gert ráð fyrir að Íslendingar veiði í þrjá daga að meðaltali á hverju sumri en erlendir stangaveiðimenn í fjóra daga. Skv.

⁸⁸ Byggt á samtölum við veiðileyfasala.

⁸⁹ Byggt á samtölum við veiðileyfasala.

könnun sem Hagfræðistofnun gerði meðal íslenskra stangaveiðimanna sumarið 2017 tekur meðalveiðiferð 2,3 daga. Ofangreind forsenda jafngildir því að margir íslenskir stangaveiðimenn fari í eina eða tvær veiðiferðir á sumri. Vitaskuld veiða sumir mun meira. Tafla 28 sýnir mat á fjölda laxveiðimanna í íslenskum ám miðað við ofangreindar forsendur. Áætlað er að um 10.600 Íslendingar renni fyrir lax á meðalsumri og um 7.000 útlendingar (tölurnar eru námundaðar að næsta hundraði). Þetta þýðir að um 40% þeirra sem veiða í íslenskum ám séu útlendingar. Miklu munar á hlutfalli erlendra og innlendra veiðimanna eftir ám og eins eftir veiðitíma. Erlendir veiðimenn eru yfirleitt í meirihluta á dýrasta tíma. Í sumum ám eru nær eingöngu útlendingar en annars staðar eru Íslendingar í miklum meirihluta.

Tafla 28 Fjöldi innlendra og erlendra stangveiðimanna

Fjöldi innlendra og erlendra stangveiðimanna	
Fjöldi stangardaga í íslenskum laxveiðiám	47.065
Nýtingarhlutfall	90%
Nýttir stangardagar Íslendinga (50%) með aukamönnum (1,5)	31.769
Stangardagar útlendinga (50%) með aukamönnum (1,33)	28.168
Meðalfjöldi veiðidaga Íslendinga á sumri	3
Meðalfjöldi laxveiðidaga útlendinga á sumri	4
Fjöldi íslenskra laxveiðimanna á hverju sumri	10.600
Fjöldi útlenskra laxveiðimanna á hverju sumri	7.000


4.6.1.2 Fjöldi silungsveiðimanna

Ekki er raunhæft að áætla fjölda þeirra sem stunda silungsveiði út frá framboði á stöngum. Nýting stanga á silungsveiðisvæðum er mjög misjöfn og framboð í vatnaveiði er í raun ótakmarkað.⁹⁰ Vísbendingar um vinsældir silungsveiða má finna í könnunum Ferðamálastofa á ferðavenjum innanlands meðal Íslendinga, 18 ára og eldri. Í þeim er m.a. er spurt um þá afþreyingu sem fólk stundar á ferðlögum þeirra innanlands.

Mynd 6 sýnir hlutfall Íslendinga sem greiddu fyrir veiði á ferðalögum sínum innanlands (vinstri ás) og fjölda ferða Íslendinga frá Leifsstöð (hægri ás).⁹¹ Eins og sést á myndinni hefur Íslendingum sem stunda stangveiði innanlands fækkað síðustu ár um leið og ferðum Íslendinga til útlanda fjölgar. Íslendingum sem fóru til útlanda í júní, júlí og ágúst fjölgaði um 140% frá 2010 til 2018. Rétt er að benda á að þeir sem veiða á stöng í heimabyggð koma væntanlega ekki fram í könnunum þar sem spurt er um afþreyingu á ferðalögum innanlands. Ekki er ólíklegt að þegar dregur úr veiði á ferðalögum innanlands aukist veiði stangveiðimanna í heimabyggð eða skammt frá heimili.


⁹⁰ Eins má geta þess að veiðivötn á Íslandi eru líklega óteljandi. Þrjú fyrirbæri eru skv. munnmælum óteljandi á Íslandi: Eyjarnar í Breiðafirði, hólarnir í Vatnsdal og vötnin á Arnarvatnsheiði.

⁹¹ Kannanir á ferðavenjum Íslendinga og tölur um brottfarir íslending frá Leifsstöð má finna á heimasíðu Ferðamálastofu.



Mynd 6 Niðurstaða kannana Ferðamálastofu á ferðavenjum Íslendinga innanlands.

Verslun með veiðivörur á Íslandi getur einnig gefið vísbendingar um vinsældir stangveiða. Mynd 7 sýnir verðmæti innflutnings á veiðistöngum og veiðihjólum á árabílinu 2007 til 2017⁹² á verðlagi í júlí 2018.⁹³ Eins og sést af myndinni voru fluttar inn veiðistöngur og veiðihjól fyrir mun hærri fjárhæðir árin 2016 og 2017 en árin 2014 og 2015, þrátt fyrir að færri Íslendingar hafi rennt fyrir fisk á ferðum sínum hér á landi seinni árin, skv. könnun Ferðamálastofu.



Mynd 7 Innflutningur á veiðistöngum og veiðihjólum - innflutningsverð (CIF)

Ekki þarf að koma á óvart að miklar sveiflur séu í fjölda Íslendinga sem veiða fisk sér til skemmtunar. Suma stangaveiðimenn má líklega skilgreina sem tækifærisveiðimenn. Þeir skella sér í veiði með skömmum fyrirvara þegar veður er gott eða veiði á hagstæðu verði í boði. En útgjöld tækifærisveiðimanna eru líklega lítill hluti af heildarútgjöldum Íslendinga til lax- og silungsveiða. Ætla má, út frá þeim gögnum sem liggja fyrir, að **20%-25%** fullorðinna Íslendinga stundi lax- og silungsveiðar. Fyrri kannanir benda til að hlutfallið hafi verið í efri mörkum þess bils (sjá umfjöllun í kafla 3), en sem fyrr segir kann Íslendingum sem stunda stangveiðar að hafa fækkað undanfarni ár um leið og utanlandsferðum hefur fjölgað.


⁹² Sbr. gögn Hagstofu Íslands. Tollskrárnúmerin eru 95071001- Nýjar veiðistöngir og 95073010-Ný veiðihjól. Hér er miðað við innflutningsverð (CIF) sem er verð varanna til Íslands komnar en fyrir álagningu (heildsala og smásala) og virðisaukaskatt.

⁹³ Uppfært er með neysluserðsvísitölu.

Skv. Hagstofu Íslands áttu 249.472 manns á aldrinum 18-75 ára heima hér á landi í janúar 2018. Ætla má að 49.900-62.368 Íslendingar veiði lax eða silung, ef miðað er við að 20-25% fullorðinna Íslendinga séu í þeim hópi. Auðvitað er nokkuð um það líka að börn renni fyrir fisk.

4.6.2 Fjöldi erlendra stangveiðimanna

Erlendum ferðamönnum hér á landi hefur fjölgað mun meira en utanlandsferðum Íslendinga. Mynd 8 sýnir fjölda erlendra ferðamanna sem komu til Íslands á árunum 1990-2017.⁹⁴ Aukningin var sérstaklega mikil eftir 2010, eins og sést af myndinni, en erlendum ferðamönnum fjölgaði úr 500 þús. það ár í 2,2 milljónir árið 2017. Að jafnaði fjölgaði erlendum ferðamönnum um **24%** á ári á þessum árum.



Mynd 8 Fjöldi erlendra ferðamanna frá 1990-2017


Ferðamálastofa stóð fyrir ítarlegum könnunum á ferðavenjum erlendra ferðamanna sumrin 2011, 2014 og 2016. Kannanirnar náðu samtals til 14.038 ferðamanna (svarhlutföllin voru frá 50,2%-55,8%). Niðurstöður benda til þess að um 1,4%-1,5% erlendra ferðamanna stundi stangaveiðar hér. Netföngum var safnað við brottför í Reykjavík, Keflavík og á Seyðisfirði.⁹⁵ Kannanirnar ná líklega ekki til stangveiðimanna sem koma til Íslands með einkapotum, a.m.k. ekki ef þær lenda ekki í Keflavík. Á hverju ári koma hingað til lands 2.000 til 2.500 manns með einkapotum.⁹⁶ Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir stangaveiðimenn koma til Íslands með einkapotum, en vitað er að á hverju sumri nýta nokkrir veiðimenn í dýrustu ánum þann kost.

Hér er áætlað að **11.300** útlendingar hafi rennt fyrir lax eða silung í íslenskum ám og vötnum í júní, júlí og ágúst 2018. Margir silungsveiðimenn og sumir laxveiðimenn veiða utan þess tímabils. Varlega áætlað má því gera ráð fyrir að a.m.k. **12.000** útlendingar veiði lax eða silung á Íslandi á árinu 2018. Áætlað er að um **7.000** útlendingar veiði lax í íslenskum ám, eins og áður hefur komið fram, og hinir **5.000** veiða þá silung.

⁹⁴ Heimild: Gögn á heimasíðu Ferðamálastofu.

⁹⁵ Skv. munnlegum upplýsingum frá Ferðamálastofu.

⁹⁶ Ekki fleiri farþegar með einkaflugi síðan 2007, frétt á ruv.is, 30.05. 2016, Færri komu í einkavélum en síðustu ár, Mbl. 31. janúar 2018, bls. 11.



Mynd 9 Hlutfall erlendra veiðimanna sem greiddu fyrir veiði í júní júlí og ágúst

Tafla 29 sýnir fjölda lax- og silungsveiðimanna. Í töflunni er miðað við að 20% Íslendinga veiði lax eða silung, en það eru lægri mörk þess bils sem áður var áætlað (og um 5% lægra en gert var ráð fyrir í skýrslu HHÍ árið 2004). Í flokki silungsveiðimanna eru þeir sem veiddu eingöngu silung á árinu 2018 en að sjálfsgöðu veiddu sumir laxveiðimenn einnig silung. Eins og fram kemur í töflunni er gert ráð fyrir að 10.600 Íslendingar veiði lax árið 2018 og um 7.000 útlendingar. Samtals er gert ráð fyrir að um 17.600 manns veiði lax árið 2018 og 44.300 manns veiði eingöngu silung.

Tafla 29 Fjöldi stangveiðimanna eftir flokkum

Flokkur stangveiðimanna	Fjöldi
Íslenskir stangveiðimenn (20% af 18-75 ára)	49.900
Erlendir stangveiðimenn (1,43% af ferðamönnum)	12.000
Samtals stangveiðimenn	61.900
Íslenskir laxveiðimenn	10.600
Erlendir laxveiðimenn	7.000
Íslenskir silungsveiðimenn	39.300
Erlendir silungsveiðimenn	5.000

Margir íslenskir veiðimenn eru í stangveiðifélögum. Sérstaklega á það við um þá sem veiða lax. Tafla 30 sýnir þau stangveiðifélög á Íslandi sem voru með ár eða vötn á leigu árið 2018. Samtals eru um 6.000 manns í félögum sem nefnd eru í töflunni. Fjölmennast er Stangveiðifélag Reykjavíkur, sem er með um 3.500 félagsmenn og margar ár á leigu.

Landssamband stangveiðifélaga var stofnað af 12 stangveiðifélögum árið 1950 til þess m.a. að vera málsvari allra stangveiðimanna í hagsmunamállum þeirra.⁹⁷ Landssamband stangveiðimanna starfaði til ársins 2016. Níu af þeim 16 stangveiðifélögum sem hafa ár eða vötn á leigu árið 2018 voru í Landssambandi stangveiðifélaga árið 2016.

⁹⁷ Sjá heimasíðu Landsambands stangveiðifélaga www.landssambandid.is sem óbreytt hefur verið frá árinu 2016.

Tafla 30 Virk stangveiðifélög á Íslandi árið 2018

Stangveiðifélög með ár eða vötn á leigu árið 2018	
Stangaveiðifélag Akraness	Stangaveiðifélag Ísafjarðar
Stangaveiðifélag Akureyrar	Stangaveiðifélag Keflavíkur
Stangaveiðifélagið Árblik, Þorlákshöfn	Stangaveiðifélag Patreksfjarðar
Ármenn, Reykjavík	Stangaveiðifélag Reykjavíkur
Stangaveiðifélag Borgarness	Stangaveiðifélag Selfoss
Stangaveiðifélagið Flúðir	Stangaveiðifélag sigfirðinga
Stangaveiðifélagið Flugan (Akureyri)	Stangaveiðifélagið Stakkavík,
Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar	Stangaveiðifélag Seyðisfjarðar

4.6.3 Tekjur af innlendum veiðimönnum

Kostnaður veiðimanna felst meðal annars í kaupum á veiðibúnaði og fatnaði, ferðum að veiðisvæði, gistingu, mat og drykk á leið í veiðiferð (umfram hefðbundna neyslu) og bókum, ritum og stafrænu efni.

4.6.3.1 Kostnaður vegna gistingar

Á flestum góðum veiðisvæðum er í boði gisting fyrir veiðimenn. Í mörgum veiðihúsum er einnig fullt fæði (gisting og fæði er oftast innifalið í gjaldi fyrir veiðileyfi í dýrustu ánum). Á Íslandi eru a.m.k. **178** veiðihús og í þeim eru a.m.k. **1.500** svefnpláss. Svefnpláss í veiðihúsum við laxveiðiár eru a.m.k. **820**, og svefnpláss í veiðihúsum við silungsveiðiár eru a.m.k. **650**. Samtals eru seldar **567** stengur í laxveiðiár en mun fleiri í silungsveiðiár. Af þessu má álykta að flestir laxveiðimenn gisti í veiðihúsum og það geri margir silungsveiðimenn líka. Algengt er reyndar að silungsveiðimenn veiði í heimabyggð og þurfi því ekki að gista. Hér er gert ráð fyrir að enginn laxveiðimaður kaupi gistingu af öðrum en veiðifélagi eða leigutaka, en **15%** af silungsveiðimönnum geri það. Ef **15%** af silungsveiðimönnum kaupa gistingu í $1\frac{1}{2}$ nótt á sumri að meðaltali eru gistinætur tæplega **10.000**. Varfærið mat á meðalkostnaði á gistinótt er 10.000 kr. Þá fæst að kostnaður af gistingu stangveiðimanna, utan veiðihúsa, sé um eða yfir **100 milljónir kr** á ári.

4.6.3.2 Kostnaður vegna ferðalaga innanlands

Skv. könnun Hagfræðistofnunar var meðalferðakostnaður stangveiðimanna **47.852** kr. Hér er gert ráð fyrir að hver laxveiðimaður fari í að meðaltali $1\frac{1}{2}$ veiðiferð á ári og að kostnaður silungsveiðimanna sé helmingur af meðalkostnaði laxveiðimanna við eina ferð. Silungsveiðimenn fara oft í styttri ferðir en laxveiðimenn, en þeir fara ef til vill oftár. Miðað við forsendur um kostnað við hverja veiðiferð og fjölda ferða er heildaraksturskostnaður íslenskra laxveiðimanna og silungsveiðimanna á árinu 2018 **1.700 milljónir kr**.

Tafla 31 Heildaraksturskostnaður veiðimanna í milljónum kr.

Aksturskostnaður stangveiðimanna	
Meðalferðakostnaður (kr.)	47.852
Fjöldi innlendra laxveiðimanna	10.600
Ferðakostnaður laxveiðimanna (m.kr.)	760
Fjöldi silungsveiðimanna	39.300
Ferðakostnaður silungsveiðimanna	940
Samtals ferðakostnaður	1.700

4.6.3.3 *Kostnaður vegna bóka, rita og stafræns efnis*

Íslendingar hafa lengi haft áhuga á stangveiðum og reglulega pistlar um veiði í hafa birst dagblöðum í áratugi. Algengt er að fyrir jólin sé gefin út a.m.k. ein bók um stangveiði. Tímarit um stangveiði eru seld í áskrift. Veiðipættir eru í sjónvarpi. Kennsluefni um stangveiði má finna á fjölmörgum DVD-diskum.

Bók sem seld er í 3.000 eintökum og kostar 5.000 krónur dregur inn 15 milljónir króna. Ekki virðist fjarri lagi að ætla að velta tímarits um veiðar sé 10 milljónir króna á ári. Ýmis annar kostnaður er a.m.k. 5 milljónir kr. Þar má til dæmis nefna kostnað við sjónvarpsefni og stafrænt efni, auk kostnaðar við veiðivefsíður þ.m.t. áskriftir (t.d. vefsíðan vötn og veiði). Hér er áætlað að tekjur vegna útgáfu bóka, rita og stafræns efnis sem framleitt er hér á landi sé **30 milljónir kr.** á ári. Tekjur vegna bóka og rita sem seld eru hér á landi en framleiddar erlendis eru taldar óverulegar.

4.6.3.4 *Kostnaður vegna matar og drykkjar umfram venjulegan kostnað*

Samkvæmt könnun norrænu ráherreranefndarinnar, sem áður hefur verið fjallað um, nam matur og drykkur umfram venjulegan kostnað um aldamótin nálægt 15% af kostnaði við lax- og silungsveiðar. Kostnaður á veiðimann af mat og drykk árið 1999 nam **11.000** krónum á verðlagi ársins 2018.⁹⁸

Um **60%** af laxveiðistöngum eru í ám þar sem fullt fæði og húsnæði er að jafnaði ekki í boði. Þetta eru um 28 þús. stangardagar. Gert er ráð fyrir 4.000 kr. aukakostnaði á dag vegna matar og drykkjar og að 1½ veiðimaður sé um stöng. Jafnframt er gert ráð fyrir 85% nýtingu í laxveiðiám þar sem ekki er full þjónusta. Þá verður aukakostnaður vegna matar og drykkjar laxveiðimanna alls um **144** milljónir kr.

Silungsveiðimenn eru mun fleiri en laxveiðimenn en jafnframt veiða fleiri í heimabyggð. Eitt veiðihús við silungsveiðiá býður að jafnaði fulla þjónustu skv. könnun Hagfræðistofnunar. Gert er ráð fyrir að **39.300** silungsveiðimenn veiði að meðaltali í 1½ dag, þeir deili ekki stöng og eyði aukalega um **4.000** kr. á dag í mat og drykk. Er þar reiknað með kostnaði vegna barna sem eru með í veiðiferðum. Þá verður aukakostnaður silungsveiðimanna af mat og drykk samtals **236** milljónir kr. á ári.

Samtals nemur því aukakostnaður vegna matar og drykkjar um **380** milljónum kr. á ári. Ef þessum kostnaði er deilt niður á fjölda veiðimanna fæst að hver veiðimaður eyðir að meðaltali um **7.600 kr.** í mat og drykk í veiðiferðum fyrir utan venjulegan kostnað. Matar- og drykkjarkostnaður í veiðihúsum með fullri þjónustu er ekki með í þessari tölu.

4.6.3.5 *Kostnaður vegna veiðibúnaðar og -fatnaðar*


Kostnaður vegna veiðibúnaðar og fatnaðar er umtalsverður. Þessum kostnaði er stundum sleppt vegna þess að erfitt getur verið að áætla endingartíma varanna. Veiðimenn kaupa m.a. veiðistengur, vöðlur, veiðivesti, skó, veiðitöskur og veiðiflugur. Innflutningsskýrslur og tekjur veiðibúða gefa hugmynd um útgjöld til þessara vara. Veiðistengur og veiðihjól endast mjög lengi og því er innflutningur á þeim vísbending um nýliðun stangveiðimanna. Margir veiðimenn eiga að vísu fleiri en eina stöng. Mynd 10 sýnir tollverð (CIF verð)⁹⁹ veiðistanga og veiðihjóla á árabílinu 2007-2017. Gera má ráð fyrir að eftir álagningu smásala og virðisaukaskatt sé verð til neytanda u.þ.b. tvöfalt innflutningsverðið. Út frá þeirri forsendu fæst að seldar hafi verið veiðistengur og veiðihjól fyrir **215** milljónir kr. á Íslandi árið 2017. Veiðistengur kosta allt frá u.þ.b. **4.000** kr. og upp í vel yfir **100.000** kr. Ef meðalverð á stöng er 20-40 þús. kr. hafa verið seldar **5.400-14.400** veiðistengur á Íslandi árið 2017. Þar sem veiðistengur endast lengi benda þessar tölur til þess að mjög margir Íslendingar eigi veiðistöng. Að meðaltali eru um 4.300 manns í hverjum árgangi á

⁹⁸ Hér er miðað við hækkun vísitölu neysliverðs og að hækkun matar og drykkja hafi numið 86% af hækkun VNV (byggt á hækkun undirvísitölu fyrir mat og drykk frá 2002). Útreikingur Hagfræðistofnunar er byggður á gögnum Hagstofu Íslands.

⁹⁹ Tollverðið (CIF, e. Cost, Insurance and Freight) er verð vöru komin til Íslands og innhaldur flutningskostnað og kostnað vegna tryggingar á flutningi.

aldrinum 18 til 75 ára. Kaup á meira en 5.000 veiðistöngum á ári jafngilda því að hver landsmaður kaupir að jafnaði ríflega eina veiðistöng um ævina. Tölur um innflutning á veiðistöngum styðja þá fullyrðingu að stór hluti þjóðarinnar stundi stangveiðar.

Skv. upplýsingum úr veiðibúðum eru stangir og veiðihjól u.þ.b. 1/3 af veltu veiðivara. Eitthvað er um að fólk kaupir útivistarvörur til að nota í veiðiferðum í almennum útivistarverslunum. Ef gert er ráð fyrir að hlutfall veiðistanga og veiðihjóla sé á bilinu 1/4-1/3 af heildarútgjöldum veiðimanna fæst að veiðimenn kaupir að jafnaði búnað og fatnað fyrir **650-860 milljónir kr.** á ári.



Mynd 10 Innflutningur á veiðistöngum og veiðihjóllum frá 2007- (CIF verð) á verðlagi í júlí 2018.

Tekjur verslana af sölu veiðivara gefa góða vísbendingu um útgjöld veiðimanna til kaupa á veiðibúnaði og fatnaði.

sýnir veiðibúðir á Íslandi sem voru opnar á árunum 2016-2018. Mjög margar sérverslanir með veiðivörur eru á Íslandi í samanburði við útlönd.¹⁰⁰ Íslenskir veiðimenn versla líka erlendis og við erlendar vefverslanir. Dæmi eru um að erlendar veiðiverslanir séu með vefsíðu á íslensku.¹⁰¹ Auk þess má geta þess að einn stærsti framleiðandi af laxveiðiflugum í heiminum, fyrirtækið [Atlantic Flies](#), er í eigu Íslendinga, þó að fyrirtækið starfi erlendis.

Að minnsta kosti 29 verslanir selja veiðivörur á Íslandi en sumar eingöngu á netinu. Sjá má lista um verslanir sem selja veiðivörur á Íslandi í töflu 32 (verslanir kann að vanta á listann). Af ársreikningum fyrirtækja sem reka veiðivöruverslanir á Íslandi að dæma má gera ráð fyrir að velja með veiðivörur nemi um **700 milljónum kr.** á Íslandi árið 2018. Það er líklega varlega áætlað. Við matið er gert ráð fyrir að rekja megi helming tekna veiðivöruverslana sem selja bæði skot- og stangveiðivörur til stangveiðihlutans. Tekjur heildverslana eru ekki taldar með og gert er ráð fyrir litlum tekjum af sölu veiðivara í almennum verslunum.¹⁰²

¹⁰⁰ Heimild: Ótilgreindir starfsmenn veiðibúða og veiðimenn.

¹⁰¹ Til dæmis verslunin fiskrods í Noregi.

¹⁰² Ef tekjur heildsala væru teknar með og einnig tekjur smásala sem heildsalarnir selja til, þá væri verið að tvítelja tekjur vegna sölu á veiðivörum. Sumir heildsalar selja þó litlega í smásölu, m.a. á alnetinu.

Tafla 32 Verslanir með veiðivörur á Íslandi

Verslanir	Netverslanir	Almennar verslanir með veiðivörur
Veiðimaðurinn, Veiðihornið, flugan.is (Bráð ehf)	Frances.is (Hnýtingar ehf)	BYKO
Árvík (Heildsala og netverslun)	veida.is	Húsasmiðjan
Veiðiportið (Zircon ehf.)	Reiða öndin ehf	Kaupfélag Borgfirðinga
Veiðivon (Veiðivon ehf)	Galleri flugur (Litla flugan ehf)	Sportsdirect
Veiðiflugur og veiðibúðin Krafla (kröfluflugur ehf)	Joakim's	Útilíf
Veiðifélagið (Dýjaveitur ehf)	Haugur	
Veiðiríkið (Veiðiríkið ehf)	Sunray	
Hornið (Útivist og veiði ehf)	ValdimarssonFlyFishing	
Flugubullar (Strengur veiðiverslun ehf)	veidiverslun.is	
Veiðisport Selfossi (Hætti 2017)	Einarson fly Fishing ¹⁰³ (Fossadalur ehf.)	
Flugukofinn, Reykjanesbæ (Hætti 2017)	veida.is	
Veiðiflugan og Fjarðarsport		
Vötnin Angling Service ehf.		

4.6.3.6 Samantekt: Kostnaður innlendra veiðimanna

Tafla 33 sýnir kostnað innlendra veiðimanna vegna veiðiferða í samræmi við ofangreinda umfjöllun.

Tafla 33 Samantekt á öðrum kostnaði innlendra stangveiðimanna, í milljónum kr.

Kostnaðarliðir	Kostnaður m.kr.
Kostnaður vegna gistingar	100
Kostnaður við akstur eða flug innanlands	1.700
Kostnaður vegna bóka, rita og stafræns efnis	30
Matur og drykkur umfram hefðbundinn kostnað	380
Veiðibúnaður og -fatnaður	700
Samtals	2.910

4.6.4 Tekjur af erlendum veiðimönnum

Líklega koma allir erlendir laxveiðimenn til Íslands fyrst og fremst til þess að veiða lax. Erfitt er hins vegar að fullyrða hvað silungsveiði dregur marga útlandinga hingað. Sumir silungsveiðimenn kaupa veiðileyfi af íslenskum fyrirtækjum á erlendum veiðiráðstefnum eða á netinu áður en þeir koma hingað og má að minnsta kosti gera ráð fyrir að veiðin sé mikilvægur þáttur í ákvörðun um Íslandsför hjá þeim hópi.

Mikill straumur ferðamanna til landsins hefur án efa haft áhrif á silungsveiðina. Flestir erlendir silungsveiðimenn koma frá Bandaríkjunum og Norðurlöndum, en Bandaríkjamenn eru um þessar mundir

¹⁰³ Einarsson Fly Fishing selur veiðihjól einnig erlendis.

fjölmennastir allra ferðamanna. Um leið og ferðamönnum hefur fjölgað hefur markaðssetning silungsveiða á Íslandi aukist. Landsamband veiðifélaga stóð fyrir því árið 2006 að gerð var skýrsla um vannýtt tækifæri í silungsveiðum á Íslandi¹⁰⁴ og Fannar Freyr Helgason samdi ritgerð um *Markaðssetningu á silungsveiði fyrir erlenda ferðamenn árið 2012*.¹⁰⁵

Eins og fram kemur í töflu 34 er gert ráð fyrir að til landsins komi um **7.000** manns á ári til að veiða lax og a.m.k. **5.000** silungsveiðimenn. Ef gert er ráð fyrir að þriðjungur erlendra silungsveiðimanna komi gagngert hingað til lands til þess að renna fyrir silung koma samtals $7.000 + 1/3 * 5.000 \approx 8.700$ manns til Íslands til þess að veiða. Auk þeirra reyna um 3.300 erlendir ferðamenn að veiða silung hér á landi á ári án þess að veiðin sé aðalástæða Íslandsferðar. Veiðin gæti þó haft áhrif á lengd dvalar þeirra eða ferðakostnað hér á landi.

Sumir af þeim 8.700 sem komu til Íslands gagngert til að veiða, fara af landi brott um leið og veiði lýkur. Aðrir eru lengur á Íslandi og haga sér þá eins og aðrir ferðamenn, sjá landið, versla, borða á veitingastöðum o.s.frv. Hér er gert ráð fyrir að laxveiðimenn dveljist hér að meðaltali þrjá daga umfram veiðitíma. Líkast til dveljast silungsveiðimenn lengur á landinu – hér er gert ráð fyrir fimm dögum.

Skv. skýrslu Íslandsbanka um íslenska ferðaþjónusta¹⁰⁶ voru flugfargjöld í ferðum hingað til lands að jafnaði 45.000 kr. árið 2016 og þau hafa ekki hækkad mikið síðan þá. Líklega ferðast nokkuð hátt hlutfall laxveiðimanna á viðskiptafarrými með tilheyrandi kostnaði og sumir laxveiðimenn koma til landsins í einkapotu. Skv. skýrslu Íslandsbanka voru meðalútgjöld ferðamanna á dag árið 2016 á bilinu **11.807 kr. - 23.086 kr.**, en miklu munar á útgjöldum eftir þjóðerni. Bandaríkjamenn eyddu mestu. Íslandsbanki bendir reyndar á að útgjöld ferðamanna gætu verið vanmetin, t.d. vegna deilihagskerfisins, þar sem ekki eru allar tekjur skráðar.

Líklega eru erlendir veiðimenn sem koma til Íslands að jafnaði með meiri tekjur en meðalferðamaður, og útgjöld þeirra á Íslandi eru því væntanlega meiri. Hér er gert ráð fyrir að meðalútgjöld veiðimanna séu a.m.k. jafnhá og meðalútgjöld Bandaríkjamanna, en þau voru rúmlega 24.000 krónur á dag árið 2016 á verðlagi ársins 2018. Þó að ferðir innanlands séu stundum innifaldar í verði veiðileyfis er ferðakostnaður veiðimanna hér á landi að jafnaði líklega meiri en meðalferðakostnaður ferðamanna.

Hér er áætlað að útgjöld erlendra laxveiðimanna séu á bilinu 48.000 krónur á dag. Ferðamenn með góðar tekjur eyða jafnan meira en aðrir og erlendir laxveiðimenn eru líkast til með tekjur yfir meðallagi. Útgjöld silungsveiðimanna eru sennilega nær meðalútgjöldum bandarískra ferðamanna á Íslandi en meðaltali allra ferðamanna, en flestir veiðimenn eru sem fyrr segir frá Bandaríkjunum og Norðurlöndum. Auk þess er gert ráð fyrir að ferðakostnaður laxveiðimanna innanlands að veiðistað nemi að meðaltali 30.000 kr. og að ferðakostnaður silungsveiðimanna nemi 20.000 kr.

sýnir önnur útgjöld erlendra stangveiðimanna miðað við ofangreindar forsendur. Eins og áður hefur komið fram er eingöngu reiknað með aukatekjum vegna þriðjungs silungsveiðimanna. Vel getur einnig verið að ferðakostnaður erlendra veiðimanna innanlands sé vanáætlaður hér. Adrian Latimer, höfundur bókarinnar „Fire & Ice, Fly fishing through Iceland¹⁰⁷“ segir að ferð á áfangastað hafi verið helmingur skemmtunarinnar (e. „getting there used to be half the fun“ (bls. 49)). Hann lýsir ferð um landið með einkaflugvél.

¹⁰⁴ Silungsveiði á Íslandi- vannýtt tækifæri. Guðmundur Guðjónsson 2006.

¹⁰⁵ Fannar Freyr Helgason. (2012) Markaðssetning silungsveiði fyrir erlenda ferðamenn. Háskóli Íslands.

¹⁰⁶ Íslandsbanki, Íslensk ferðaþjónusta, apríl 2018. Sótt af

https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/l%CC%81slensk%20fer%C3%B0a%C3%BEjo%CC%81nusta-apri%CC%81l-2018_vef.pdf

¹⁰⁷ Adrian Latimer (2012), The Medlar Press Limited , Ellesmere.

Tafla 34 Önnur útgjöld erlendra stangveiðimanna

Kostnaðarliðir	Fjöldi	Útgjöld á mann	Samtals útgjöld (m.kr.)
Erlendir laxveiðimenn - flug	7.000	90.000	630
Erlendir silungsveiðimenn	5.000		
Erlendir silungsveiðimenn - flugkostnaður	1.667	45.000	75
Ferðakostnaður laxveiðimanna í veiði innanlands	7.000	30.000	210
Ferðakostnaður silungsveiðimanna í veiði innanlands	5.000	20.000	100
Útgjöld erlendra laxveiðimanna utan veiðitíma (48.000)	7.000	144.000	1.008
Útgjöld erlendra silungsveiðimanna utan veiðitíma (24.000)	1.667	120.000	200
Samtals (m.kr.)			2.223

4.6.5 Áhrif á landsframleiðslu

Tafla 35 sýnir beinar tekjur af lax- og silungsveiðum á Íslandi. Tekjur veiðiréttarhafa, tekjur leigufélaga umfram greiðslur þeirra fyrir veiðirétt og tekjur af sölu ýmissar vöru og þjónustu til veiðimanna eru um 10 milljarðar króna á ári. Mörg veiðifélög og leigutakar hafa ráðist í kostnaðarsamar fjárfestingar á liðnum árum. Eins og áður kom fram voru árið 2017 reist a.m.k. sex ný veiðihús eða mjög dýrar viðbyggingar, fyrir um 700 milljónir kr.¹⁰⁸ Hér er gert ráð fyrir að fjárfestingar í veiðihúsum, laxastigum o.fl. nemi um það bil einum milljarði kr. á ári. Alls verða útgjöld sem rekja má beint til lax- og silungsveiða á Íslandi þá um 11 milljarðar króna á ári. Ekki er allt þetta íslensk framleiðsla. Ferðir hingað til lands eru stundum á vegum erlendra flugfélaga og ýmis aðföng til ferða og veiða eru frá útlöndum. Kostnaður veiðifélaga er eingöngu um 25% af tekjum þeirra (fjárfestingar eru ekki taldar með kostnaði) og hann er að langmestu leyti innlendur. Stærsti kostnaðarliður leigutaka fyrir utan kaup á veiðiréttindum eru laun og rekstur veiðihúsa. Gera má ráð fyrir að þetta sé að langmestu leyti innlent. Gert er ráð fyrir að 30% af útgjöldum íslenskra veiðimanna, fyrir utan greiðslur til veiðifélaga eða leigutaka, séu vegna innfluttra vara og þjónustu og um 40% af útgjöldum erlendra veiðimanna. Hlutfall innfluttra vara og þjónustu er mishátt eftir kostnaðarliðum. Veiðibúnaður er að miklu leyti innfluttur, en algeng álagning er um 80%¹⁰⁹ og virðisaukaskattur nemur 24%. Allt að 50% af kostnaði við veiðivörur gætu því verið vegna innfluttra vara. Gisting er innlendur kostnaður. Stór hluti af samgöngukostnaði (kostnaði við flug og akstur) er hins vegar erlendur. Alls er hér gert ráð fyrir að tæp 80% veltu sem tengist beint lax- og silungsveiðum lendi í höndum Íslendinga. Þegar á allt er litið virðist ólíklegt að þetta hlutfall sé lægra. Þegar innfluttar vörur og þjónusta hafa verið dregnar frá fæst landsframleiðsla sem tengist stangveiði beint. Hún nemur hátt í 9 milljörðum kr. á ári.

¹⁰⁸ Veiðihús og nýjar viðbyggingar voru byggð á árinu 2017 við Norðurá, Þverá í Borgarfirði, Laugardalsá, Deildará á Sléttu, Fnjóská og Reykjavísl.

¹⁰⁹ Ótilgreindur eigandi veiðibúðar, samtal.

Tafla 35 Landsframleiðsla sem rekja má til stangveiði

	Tekjur (milljónir kr.)	Hlutfall innfluttra vara og þjónustu	Landsframleiðsla sem tengist stangveiði beint, milljónir kr.
Tekjur veiðifélaga	2.800	5%	2.660
Tekjur leigutaka, umfram greiðslur til veiðifélaga	2.100	5%	1.995
<i>Tekjur annarra (ferðir, vörur o.fl.):</i>			
Vegna innlendra veiðimanna	2.910	30%	2.037
Vegna erlendra veiðimanna	2.223	40%	1.334
Fjárfestingar	1.000	30%	700
Samtals	11.033		8.729

4.7 Óbeinar og afleiddar tekjur

Lax- og silungsveiðar geta haft óbein tekjuáhrif. Fjölmargir sem hafa beinar tekjur af veiðum nota þær til kaupa á vörum og þjónustu. En erfitt er að meta óbeinu áhrifin og þau geta verið misjöfn eftir því hvort horft er til langs tíma eða skamms. Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004 voru óbein áhrif talin vera þreföld bein áhrif.

Til langs tíma litið skiptir virðisauki eigenda og notenda auðlindarinnar mestu máli. Í kafla 6 verður lagt mat á þjóðhagslegt virði auðlindarinnar.

5 Mat á greiðsluvilja og ábata veiðimanna

Við mat á hagrænu virði stangaveiða er eðlilegt að taka bæði tillit til ágóða seljenda og ábata neytenda, þ.e. virði veiðanna umfram það sem þeir kosta til veiðinnar. Margar vísbendingar eru um að veiðimenn hafa mikla ánægju af veiðum. Fjöldi veiðibóka sem skrifaður hefur verið og reglulegir pistar í fjölmiðlum eru t.d. sterkar vísbendingar um áhuga þeirra. Titillinn á veiðibók Bubba Morthens „Að kasta flugu í straumvatn er að tala við guð“¹¹⁰ er dæmigerður fyrir reynslu þeirra sem hafa gaman af því að veiða og telja sig vera með mikla veiðidellu.

Af tilvitnun úr veiðipistli í Tímanum¹¹¹ árið 1956 má ráða að það sé ekki eingöngu veiðin sjálf sem hafi aðdráttarafl heldur sé útvera einnig hluti af ánægju veiðimanna:

Þegar dregur að maflukum og hugurinn leitar til straumanna þá er það ekki átakið, ákveðna og þunga, þegar laxinn tekur, eða hvinurinn í hjólinu, sem kemur fyrst upp í huga, heldur þungur niður straumsins, hávær kliður fuglanna og drunur brimsins út við sand. Það er lífið í kringum okkur í náttúrunni og öll þess ótal tilbrigði, sem töfrar og dregur á hverju vori.

Erfiðara er að meta ábata veiðimanna en tekjur veiðifélaga og leigufélaga, en sterkar vísbendingar eru um að ábati þeirra af viðskiptunum sé umtalsverður. Við mat á hagrænu virði auðlindarinnar er því mikilvægt að leggja mat á ábata veiðimanna.

Fyrri rannsóknir benda til þess að ábati stangaveiðimanna sé stór hluti af hagrænu virði af lax- og silungsveiðum. Í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar var greiðsluvilji stangaveiðimanna metinn **30%** meiri en útgjöld þeirra vegna veiðanna. Greiðsluviljinn var metinn með yfirlýstu vali, þ.e.a.s. könnun á því hvað stangveiðimenn væri tilbúnir að greiða mikið fyrir veiðileyfi. Rannsóknir benda til þess að almennt gefi yfirlýst val heldur minna verðmat en mat sem byggt er á raunverulegri hegðun fólks.¹¹²

Hagfræðistofnun lagði mat á greiðsluvilja stangveiðimanna með ferðakostnaðaraðferð. Kostnaður veiðimanna við veiðarnar er vísbending um mat þeirra á virði afþreyingar. Þar sem veiðimenn eru mjög sundurleitir hópur, bæði hvað tekjur og eignir varðar og eins hvað varðar þá ánægju sem þeir fá af veiðunum, er ljóst að ekki er hægt að meta ábata þeirra með sömu nákvæmni og t.d. tekjur leigutaka og landeigenda.

Samkvæmt mati¹¹³ á greiðsluvilja með ferðakostnaðaraðferð, sem lýst er hér á eftir, var greiðsluvilji stangveiðimanna 818.000 kr. fyrir veiðiferð sem tók að meðaltali 2,3 daga. Greiðsluviljinn nam því 356.000 kr. á dag. Meðalveiðileyfakostnaður á stöng á dag var 65.311 kr og meðalferðakostnaður 47.853 á veiðiferð eða um 20.806 kr. á dag. Samtals nam því greiðsluviljinn 269.883 kr. umfram kostnað við ferðir og veiðileyfi, eða 313% af kostnaði. Margir eiginleigar veiðisvæða geta skipt veiðimann máli. En ekki tókst að finna marktæka stuðla við marga eiginleika veiðisvæða í rannsókn Hagfræðistofnunar. Í matinu er því litið svo á að sumar ár séu sambærilegar, þó að veiðimenn telji þær mismikils virði. Þess vegna kann líkanið að ofmeta greiðsluvilja veiðimanna. Til samanburðar er rétt að benda á að samkvæmt rannsókn Brynjars Arnar Ólafssonar sem fjallað er um í kafla 3 var neytendaábatum um 60% af verði veiðileyfis. Þar tókst að meta fleiri eiginleika veiðisvæða en í rannsókn Hagfræðistofnunar.¹¹⁴

¹¹⁰ Bubbi Mortens (2008). „Að kasta flugu í straumvatn er að tala við guð“. JPV. Reykjavík.

¹¹¹ Tíminn (19. maí. 1956). „Lífið í kringum okkur; Laxinn.

¹¹² Sjá Carson, Flores, Martin og Wright (1996). Contingent Valuation and Revealed Preference Methodologies: comparing the Estimates for Quasi-Public Goods. Land Economics. Útg. 72 bls. 80-99.

¹¹³ Matið byggði á reikniæfingu gerðri af Ágústi Arnórssyni.

¹¹⁴ Brynjar Örn Ólafsson. (2009). *Verðmæti íslenskra stangaveiðisvæða*. Háskóli Íslands.

Við útreikning á virði auðlindarinnar í næsta kafla er miðað við að ábati veiðimanna sé álíka mikill og verð á veiðileyfum. Út frá varfærnisjónarmiðum er miðað við að ábatinn sé töluvert minni en reikniæfingin sem lýst er í kafla 5.1 gefur tilefni til að ætla.

5.1 Mat á greiðsluvilja stangveiðimanna

Í þessum hluta er lagt mat á greiðsluvilja stangveiðimanna í íslenskum ám. Matið byggir á könnun á ferðakostnaði veiðimanna sem hagfræðistofnun gerði árið 2017 og er gagnaöfluninni lýst í kafla 2.

Veiðiferðir takmarkast ekki við veiðina eina og sér, heldur njóta neytendur einnig gæða umhverfisins og samvista við aðra. Virði þessa verður ekki metið út frá markaðsvirði veiðileyfa einu saman. Hegðun neytenda á mörkuðum sem eru á einhvern hátt skyldir stangveiði gefa vísbendingar um greiðsluvilja stangveiðimanna. Stangveiðar er einungis hægt að stunda á tilteknum svæðum. Því eru stangveiðar dæmi um staðbundin gæði. Með því að skoða sókn í veiði, ferðakostnað, eiginleika veiðisvæða og upplýsingar um veiðimenn fæst mat á virði veiðanna í augum neytenda.¹¹⁵

Fræðilega helst val á tilteknu veiðisvæði í hendur við visst nytjastig fyrir hvern veiðimann. Þessu nytjastigi er lýst sem línulegu falli af eiginleikum veiðisvæðis, sem valið er, auk mismunar tekna og beins og óbeins kostnaðar við veiðina.¹¹⁶ Gengið er út frá því að sá veiðistaður sem verður fyrir valinu færi veiðimanni mesta gleði sem völ er á.¹¹⁷ Með öðrum orðum gerum við ráð fyrir að veiðimaðurinn velji eitt veiðisvæði umfram önnur af því að hann kys það helst.

Ýmislegt ræður því hvaða veiðisvæði verður fyrir valinu. Augljósasta skýringin er líklega kostnaður. Veiðileyfi kosta sitt en auk þess þarf að greiða fyrir ferðir. Þess utan sækist fólk ekki allt eftir því sama. Sumir leita uppi krefjandi aðstæður, aðrir horfa helst á von um veiði og sumir leggja mikið upp úr þjónustu sem er í boði. Aðrir leggja meiri áherslu á nálægð við heimili og samvistir við annað fólk. Þá hafa landslag og umhverfi sitt að segja.

Svörin í könnun Hagfræðistofnunar leiddu í ljós að langflestir veiðimenn leggja mikið upp úr samvistum við náttúruna og annað fólk þegar velja á veiðisvæði. Svörin voru raunar svo einsleit að þau gefa enga marktæka vísbendingu um það hvers vegna eitt veiðisvæði er tekið fram yfir annað. Þeir eiginleikar sem virtust skýra val þátttakenda voru þjónustustig og tegund veiðileyfis. Þjónustustigi veiðisvæða var skipt í þrjá flokka: *án veiðihúss og annarrar þjónustu* (I), *með veiðihúsi en án annarrar þjónustu* (II) og *með veiðihúsi og annarri þjónustu* (III) en tegundir veiðileyfis voru annars vegar laxveiðileyfi og hins vegar silungsveiðileyfi.

Verð á veiðileyfum er miðað við einn stangardag. Útgjöld vegna ferðalaga eru reiknuð út frá kílómetrafjölda frá heimapósthúsi til veiðisvæðis.¹¹⁸ Kílómetrafjöldinn er margfaldaður með heildarkostnaði á ekinn kílómetra samkvæmt viðmiðum Félags íslenskra bifreiðaeigenda, eða 60,87

¹¹⁵ Hanley, Shogren og White. (2007). *Environmental Economics In Theory and Practice*. 2. útg. Palgrave Macmillan. London. Bls. 346.

¹¹⁶ Nytjum veiðimanna má lýsa með eftirfarandi jöfnu: $V_{ij} = \beta_1 + \beta_2 X_{ij2} + \beta_3 X_{ij3} + \dots + \beta_n X_{ijn} + \mu(Y_i - P_{ij})$. X_{ij} eru eiginleikar svæðisins, Y eru ráðstöfunartekjur og P_{ij} er ferðakostnaður einstaklings i við það að heimsækja svæði j (Hanley, Shogren og White, 2007 bls. 347).

¹¹⁷ M.ö.o. er gengið út frá að veiðimennirnir hámarki nytjar sínar en val þeirra er takmarkað við verðmæti sem þeir hafa til umráða hverju sinni.

¹¹⁸ Landfræðileg viðmið veiðisvæðanna voru fundin með Örnefnasjá Landmælinga Íslands (á.á.).

kr./km.¹¹⁹ Ef þátttakendur ferðast með flugi hluta úr leið er miðað við flugfargjöld fyrir þann ferðalegg sumarið 2018 og fargjaldið fært yfir á verðlag svarmánaðar.¹²⁰ Ef veiði var ekki eina tilefni ferðar var beinn ferðakostnaður veginn með vægi veiðinnar í ferðinni.

Óbeinn ferðakostnaður er laun meðan ferðast er að veiðisvæði (og heim aftur). Ferðatíminn er byggður á viðmiðum vegvísunar Já.¹²¹ Ekki er loku fyrir það skotið að ráðstöfunartekjur séu að nokkru leyti fjármagnstekjur að hluta til og því fari sumir ekki á mis við launagreiðslur meðan á ferðinni stendur. Þá hafa sumir gaman af sjálfri ferðinni. Hér er miðað við að fórnarkostnaður á ferðatíma sé 2/3 af launum.¹²²

Metið var fjölliða aðhvarfslíkan (e. multinomial regression) þar sem val á veiðisvæði er fall af þjónustustigi á veiðistað, tegund veiðileyfis og ferðakostnaði. Jöfnuna sem metin var má setja fram sem:

$$V_{ij} = \beta_1 + \beta_2 X_{j2} + \beta_3 X_{ij3} + \mu(Y_i - P_{ij})$$

Þar sem V_{ij} er ferð manns i á veiðisvæði j , X_{j2} er þjónustustig væðisvæðis j og X_{ij3} er tegund veiðileyfis sem maður i keypti á svæði j . Y_i eru ráðstöfunartekjur veiðimanns i og P_{ij} stendur fyrir ferðakostnað manns i við að komast á svæði j . Eins og áður hefur komið fram skiptist ferðakostnaðurinn í beinan og óbeinan kostnað.

Líkanið metur líkur á því að tiltekið veiðisvæði verði fyrir valinu, líkur á að eitt þjónustustig sé valið fram yfir annað, líkur á að ein tegund veiðileyfis sé valin og jaðarnytjar ráðstöfunartekna. Gengið er út frá því að sá kostur sem talinn er líklegastur fyrir hvern og einn sé sá sem hann hefur mestar nýttjar af; nýttjarnar séu næstmestar af næstlíklegasta valmöguleikanum, og þannig koll af kolli. Út frá þessu er hægt að finna væntar nýttjar af veiðiferðinni (þ.e.a.s. mælikvarða á ánægju eða velferð). Mat á jaðarnýttjum tekna er síðan notað til að breyta væntum nýttjum yfir í *fjárhæð* sem veitir sömu nýttjar (ánægju, velferð) og veiðiferðin.¹²³

Niðurstaða líkansins er að greiðsluvilji meðalþátttakandans er 818 þúsund krónur¹²⁴ fyrir veiðiferð sem stendur að meðaltali í 2,3 daga. Með öðrum orðum eru þátttakendur reiðubúnir að verja rúmlega 800 þúsund krónum í veiðiferð í heildina; með öllu sem tilheyrir.

Þýði þeirra sem stunda stangveiði hér á landi liggur ekki fyrir og því er ómögulegt að segja til um hvort þeir sem tóku þátt í könnun Hagfræðistofnunar eru dæmigerðir fulltrúar þessa hóps. Eins er bagalegt fyrir nákvæmni matsins að marktækur munur hafi ekki fengist á fleiri eiginleikum veiðisvæðanna en raun bar vitni.

¹¹⁹ Félag íslenskra bifreiðaeigenda. Rekstrarkostnaður bifreiða – janúar 2017, á.á. Þetta er kostnaður vegna notkunar, trygginga, skatta, skoðunar, verðyrnunar og fjárfestingar. Miðað er við bíl í öðrum verð-, þyngdar-, eyðslu- og tryggingaflokki sem er þriggja ára og er ekinn 30.000 km á ári.

¹²⁰ Fargjöld Air Iceland Connect, 2018; Fargjaldaleit Dohop, 2018; Hagstofa Íslands 2018.

¹²¹ Kortavefur Já.is. Þegar þátttakendur svöruðu í erlendum gjaldmiðlum voru fjárhæðirnar umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi daginn sem könnuninni var svarað (Seðlabanki Íslands, 2018).

¹²² Sjá Schumann og Schwabe (2004).

¹²³ Um aðferðina við að breyta nýttjum yfir í fjárhæð sem veitir sömu ánægu má lesa í: G. De Jong o.fl. *Using the Logsum as an Evaluation Measure*. (2005). Rand Europe.

¹²⁴ 95% vikiörk þessa mats eru ± 126 þúsund krónur.

6 Heildarvirði auðlindarinnar

Virðismat á auðlindinni snýst um að núvirða arð af henni. Þeir sem njóta lax- og silungsveiða eru í fyrsta lagi veiðifélög eða aðrir veiðiréttarhafar, í öðru lagi veiðimenn, í þriðja lagi ríkið og í fjórða lagi þeir sem ekki stunda stangaveiði núna, en vilja eiga kost á því í framtíðinni. Í fimmta lagi geta lax- og silungsstofnar verið verðmætir í augum þeirra sem ekki munu nokkurn tímann renna fyrir fisk.

Hér á eftir er lagt mat á virði beinnar notkunar á lax- og silungsveiðum. Síðan verður fjallað um virði óbeinnar notkunar án þess að tölulegt mat sé lagt á þann þátt í virði lax- og silungsveiða.

6.1 Virði beinnar notkunar

6.1.1 Virði auðlindarinnar fyrir eigendur

Frá árinu 2004 hafa tekjur veiðifélaga og leigutaka af laxveiðum vaxið mikið. Tafla 36 sýnir meðalhækkun tekna veiðifélaga (veiðiréttarhafa) og leigutaka frá 2004 ásamt meðaltalsverðbólgu og meðaltalshækkun launavísitölu.¹²⁵ Að meðaltali hafa heildartekjur veiðifélaga og leigutaka hækkað um 11,2% á ári frá 2004. Tekjur veiðifélaga og leigutaka hafa hækkað um 6,0% á ári umfram almennt verðlag frá 2004. Á sama tíma hefur kaupmáttur launa aukist um 2,2% á ári. Alls hefur verð á veiðileyfum meira en tvöfaldast að raungildi frá 2004 og það hefur hækkað um 66% umfram kaupmátt launa. Aukning tekna af veiðileyfum á sér margar skýringar. Í fyrsta lagi hefur þjónusta við veiðimenn batnað með betri veiðihúsum og meiri þjónustu. Stærri hópur veiðimanna kys að vera með leiðsögumenn en 2004. Í öðru lagi kann minni veiði í erlendum laxveiðiam að ýta undir eftirspurn hér á landi, a.m.k. til skamms tíma. Í þriðja lagi gætu vinsældir Íslands sem ferðamannastaðar haft áhrif. Í fjórða lagi má búast við að afþreying verði eftirsóttari með tímanum.

Tafla 36 Breytingar á ári frá árinu 2004-2018 (júlí til júlí)

	Hækkun
Tekjur veiðifélaga og leigutaka	11,2%
Verðbólga	4,8%
Launavísitala	7,2%
Raunhækkun tekna vf. og leigutaka	6,0%
Kaupmáttur launa	2,2%

Til langs tíma fylgir verð á afþreyingu launum, ef hún dettur ekki úr tísku.¹²⁶ Eðlilegt virðist því að gera ráð fyrir að tekjur af stangveiði fylgi vísitölu launa þegar til langs tíma er litið. Til skamms tíma geta verið töluverð frávik. Hér á landi hækkaði verð á laxveiðum til dæmis mun meira en laun frá 2004 til 2018, eins og komið hefur fram.

En ekki má gleyma því að stangveiðimenn eru kröfuharður hópur. Sem dæmi um kröfurnar má benda á að sjálfbærir laxastofnar gefa meiri tekjur en veiði sem byggist á sjógönguseiðum sem sleppt er í árnar (hafbeit).¹²⁷ Leigutakar sjálfbærra áa notfæra sér það í markaðssetningu.

Við mat á virði auðlindarinnar þarf að spá fyrir um þróun tekna og kostnaðar veiðifélaga. Yfirleitt eru samningar veiðifélaga við leigutaka til 3-5 ára og oftast eru þeir verðtryggðir. Sjaldgæft er að leigutakar

¹²⁵ Byggt er á gögnum Hagstofu Íslands. Verðbólga er metin út frá hækkun Vísitölu neysluverðs.

¹²⁶ Aðrar forsendur leiða til mótsagnar. Ef verð á einhverri afþreyingu hækkar að meðaltali minna en laun, þá verður sífellt auðveldara fyrir fólk að kaupa þjónustuna. Ef hún hækkar meira að meðaltali en laun mun enginn hafa efni á þjónustunni þegar fram líða stundir.

¹²⁷ Gögnin benda einnig til að sveiflur í veiðitölum séu minni í sjálfbærum ám en í hafbeitaránum.

nái ekki að standa við samninga. Til skamms tíma eru sveiflur í tekjum landeigenda af auðlindinni því litlar. Framlegðarhlutfall veiðifélaga (þ.e.a.s. hlutfall rekstrarhagnaðar af tekjum) er oft mjög hátt (75%-80%). Rekstur veiðifélaga er því nokkuð öruggur til nokkurra ára a.m.k. Til langs tíma eru tekjurnar að sjálfsögðu háðar eftirspurn eftir stangveiði og stöðu laxa- og silungsstofna.

6.1.1.1 Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir í laxveiðum á Íslandi eru á margan hátt svipaðir og áhættuþættir annars þar sem laxveiðar eru stundaðar. Í flestum nágrannalöndum Íslands hafa laxastofnar minnkað. Í Skotlandi hafa þeir minnkað mjög mikið og hlutfall fisks sem skilar sér á hrygningarstöðvar lækkaði úr 25% árið 1960 í 5% árið 2012¹²⁸ Skv. sömu grein ráða laxeldi og loftslagsbreytingar mestu um háa dánartíðni laxa í sjó við Skotland. Skv. nýlegri rannsókn í Noregi er laxveiðum þar í landi helst talin stafa hætta af erfðablöndun við kynbætta og erfðabreytta eldislaxa, en einnig óttast menn laxalús.¹²⁹ Hætta vegna loftslagsbreytinga og nýrra fisktegunda er talin minni, svo að dæmi séu tekin af öðrum áhættuþáttum.

Til skamms tíma virðast sveiflur í rekstri íslenskra veiðifélaga ekki vera miklar, sérstaklega á þetta við um félög um veiði í vinsælum laxveiðiám. Tekjurnar eru stöðugar. Til langs tíma litið er áhættan mun meiri. Hagfræðistofnun spurði leigutaka og forsvarsmenn veiðifélaga um hættur sem steðjuðu að rekstrinum á komandi árum. Enginn taldi loftslagsbreytingar ógna laxastofnum en sumir töluðu um að bleikjustofnarnir kynnu að hafa minnkað vegna hlýnunar. Bleikja er almennt í köldustu ánum, urriðar í aðeins hlýrri ám og laxar í hlýjstu ánum. Forsvarsmenn veiðifélaga og leigutaka höfðu fyrst og fremst áhyggjur af laxeldi í sjó. Einnig nefndu sumir að meðalaldur erlendra viðskiptavina færi hækkandi og að áhættu fylgdi því hvernig tækist að endurnýja viðskiptavinahópinn.

Hnignun laxastofna í útlöndum kann að ráða nokkru um óvissu um endurnýjun viðskiptahópsins. Hnignunin gæti ýtt undir sókn í veiði í íslenskum ám um tíma en hún felur líka í sér nýjar hættur. Ef færri stunda laxveiði erlendis gæti markaðsstarf leigutaka eða veiðifélaga framvegis þurft að miða að því að ná til útlendinga sem ekki hafa áður veitt lax.

Netaveiði í laxveiðiám hefur dregist verulega saman á undanförunum áratugum og laxveiði í sjó er ekki lengur stunduð. Í mörgum ám hefur náðst samkomulag um að hætta netaveiðum. Óvíst er þó hvort framhald verður á netaveiðum í ám hér á landi. Hvort samkomulag haldi um netaveiði í ám og í sjóm getur því verið áhættuþáttur í framtíðinni.

Á Íslandi hafa nýjar tegundir veiðst í ám. Kolategundin flundra hefur veiðst í árósum sunnanlands frá 1999¹³⁰ og hnúðlaxar (einnig kallaðir bleiklaxar) byrjuðu að veiðast í íslenskum ám 1960. Enn sem komið er veiðist lítið af þessum tegundum og áhrif þeirra á aðra fiskistofna eða ánægju veiðimanna eru líklega mjög lítil.

Nokkur dæmi eru um að opinberar stofnanir hafi haft áhrif á veiðisvæði. Tafla 37 gefur nokkur dæmi um ár þar sem ríki og sveitarfélög eru talin hafa valdið skaða sem áhrif hefur á veiði. Oft er gripið til mótvægisáðgerða sem ekki ná að bæta tjónið að fullu.

¹²⁸ Sjá Morton o.fl. (2016). *Valuing the wild salmon fisheries of Scotland: The social and political dimensions of management*. Marine Policy.

¹²⁹ T. Forseth o.fl. (2017) "The major threats to Atlantic salmon in Norway". *Journal of Marine Science*. Bindi 74, útgáfa 6. bls. 1496-1513.

¹³⁰ Gunnar Jónsson, Jónbjörn Pálsson, Magnús Jóhannes (2001) *Náttúrufræðingurinn* 70(2-3):83-89.

Tafla 37 Dæmi um ár þar sem opinberar stofnanir hafa valdið skaða (að talið er).

Ár	Opinberar stofnanir	Skaði
Sogið	Rafmagnsveita Reykjavíkur	Urriði hvarf úr Soginu eftir virkjun
Hamarsá í Vatnsnesi	Vegagerð ríkisins	Mistök við frágang eftir brúargerð
Ólafsfjarðará	Vegagerð ríkisins	Lagning vegar olli tjóni á hrygningasvæðum
Andakílsá	Orkuveita Reykjavíkur	Aur flæddi niður ána eftir að hleypt var úr lóni
Grenlækur	Landgræðslan o.fl.	Purrð
Norðurá í Skagafirði	Vegagerð Ríkisins	Flutningur vegar hafði áhrif á hrygningarsvæði

Af viðtölum við leigutaka og forsvarmenn veiðifélaga má ráða að laxeldi í sjó sé helsti ógnvaldur við afkomu veiðifélaga. Áhættan er bæði tengd því að veiði á erfðabreyttum og kynbættum eldislaxi eða blöndu af eldislaxi og villtum laxi hafi áhrif á ánægju veiðimanna og eftirspurn eftir veiðileyfum og einnig því að blöndun eldislaxa við náttúrulega laxastofna hafi ófyrirsjáanlegar afleiðingar á stærð stofnanna.

Ekki eru nema nokkrir áratugir síðan farið var að rækta lax í sjókvíum erlendis. Síðan hafa laxastofnar blandast eldislaxum og laxastofnar minnkað. Ekki er ljóst hvort stefnan hér á landi er að koma í veg fyrir erfðablöndun villtra laxa og eldislaxa eða eingöngu að reyna að hægja á þróuninni. Ef lax sleppur og leitar í laxveiðiár til hrygningar veldur það erfðablöndun. Blöndunin „brýtur niður þá stofnamyndun og aðlögun sem átt hefur sér stað í hinum náttúrulegu laxastofnum.“ Fiskistofa telur þessa hættu meiri hér á landi „vegna þess að hér er notaður kynbættur laxastofn af norskum uppruna sem er erfðafræðilega frábrugðinn íslenskum laxastofnum.“¹³¹

Erfitt er að leggja mat á þessa áhættu í rekstri veiðifélaga. Þegar litið er til næstu ára gæti hún verið lítil en meiri til langs tíma litið. Við núvirðingu á tekjum af náttúruauðlindum eru oft notaðir núvirðingavextir sem lækka yfir tíma.¹³² En í ljósi þess að áhætta í rekstri veiðifélaga er lítil til skamms tíma en meiri til langs tíma eru hér notaðir fastir núvirðingavextir.

6.1.2 Virði framtíðargreiðslna og framtíðarábata

Tekjur veiðifélaga og annarra veiðiréttarhafa nema um 2,9 milljörðum kr. á ári. Hlutfall framlegðar af tekjum er mjög hátt eða um 75%. Um 2,175 milljarðar renna því til eigenda og ríkisins (í formi skatta). Eins og áður hefur komið fram hafa tekjur af ám og vötnum hér á landi vaxið mikið undanfarin ár. Til framtíðar litið er þó eðlilegt að gera ráð fyrir að tekjur vaxi í takt við hækkun launa. Hér er miðað við að laun hækki um langa framtíð um 1½% á ári umfram verðlag en það er ekki fjarri meðaltalshækkun undanfarna hálfra öld eða svo. Gert er ráð fyrir að ávöxtunarkrafa sé 4,5% umfram verðbólgu. Hér er í raun miðað við ávöxtunarkröfu fjárfesta sem ættu hlut í öllum laxveiðiám á Íslandi. Sveiflur í veiði í einstökum ám og í tekjum af þeim geta verið mun meiri en sveiflur í heildarveiði í öllum ám. Til samanburðar má nefna að ávöxtunarkrafa fasteignafélaga í Bandaríkjunum, sem einnig eru með langa samninga eins og veiðifélög, hefur verið metin á 5,56%. Hér hefur ekki verið leiðrétt með verðbólgu.¹³³ Ávöxtunarkrafan sem hér er gerð, 4,5% umfram verðbólgu, virðist vera svipuð og gerð er í nýlegum stórum viðskiptum. Þó verður að hafa þann fyrirvara að þegar einstakar ár eru verðlagðar verður að horfa á fleira en þegar auðlindin í heild sinni er metin. Miðað við þessar forsendur fæst að beint virði auðlindarinnar fyrir veiðiréttarhafa og ríkið, sem fær skatttekjur af auðlindinni er:

¹³¹ Ársskýrsla Veiðimálastofnunar 2014, bls. 2.

¹³² Boardman, Greenberg, Vining, Weimer, 2018, Cost-benefit analysis, útg. Cambridge University Press.

¹³³ Sjá gögn á heimasíðu prófessor Damodaran sótt af:

http://people.stern.nyu.edu/adamodar/New_Home_Page/datafile/wacc.htm

$$V = \frac{2,9 \text{ milljarðar kr} * 0,75}{4,5\% - 1,5\%} = 72,5 \text{ milljarðar kr.}$$

Í ofangreindu mati á virði lax- og silungsveiða er ekki tekið tillit til tekna leigutaka eða annarra tekna sem tengjast stangaveiðum. Leigutakar búa yfir sérfræðiþekkingu um sölu veiðileyfa, sem skapar þeim líklega meiri tekjur en þeir eiga kost á annars staðar. Jafnframt er líklegt að margir sem vinna við lax- og silungsveiðar ættu ekki kost á jafngóðu starfi, a.m.k. ekki til skamms tíma litið. Hið sama á t.d. við um starfsmenn veiðibúða. Til langs tíma litið myndu þó flestir þeirra sem vinna við starfsemi sem tengist veiðum finna annað starf ef stangaveiði legðist af, þannig að tekjumissir þeirra yrði skammvinnur. Tekjur af auðlindinni myndu hins vegar tapast varanlega. Hið sama gildir um verðmæti auðlindarinnar í augum veiðimanna, þ.e.a.s. ábata þeirra.


Gert er ráð fyrir að ábati veiðimanna sé a.m.k 100% af verði veiðileyfa (tekjum leigufélaga), þ.e.a.s. um 4,9 milljarðar kr. á ári (sjá umfjöllun í kafla 5). Gert er ráð fyrir að um 40% af ábatanum sé vegna innlendra veiðimanna og að ábati útlendinga skipti ekki máli við virðismat á lax- og silungsveiðiauðlindinni.

Við núvirðingu á ábata (nytjum) eru almennt notaðir svokallaðir samfélagsvextir (e. social discount rates) sem eru yfirleitt lægri en vextir sem notaðir eru til að núvirða framtíðargreiðslur.¹³⁴ Algengt er að nota samfélagsvexti á bilinu 2,5-3,5%. Hér er einnig gert ráð fyrir því að ábatinn verði sama hlutfall af tekjum leigutaka um langa framtíð og vaxi því um 1,5% á ári umfram verðlag. Miðað er við 3,5% núvirðingavexti og að veiðileyfi hækki í verði um 1,5% að raungildi á ári.

Núvirðing á ábata innlendra veiðimanna (þ.e. 40% af 4,9 milljörðum á ári) með 3,5% vöxtum gefur 98 milljarða kr. Samanlagður núvirtur rekstrarafgangur veiðiréttarhafa og ábati veiðimanna gefur að hagrænt virði auðlindarinnar fyrir Íslendinga sé 170,5 milljarðar kr. Þessi tala er auðvitað háð þeim vöxtum sem notaðir eru til að núvirða framtíðararð og -ábata. Sú forsenda að ábati erlendra veiðimanna skipti ekki máli við mat á þjóðhagslegu virði lax- og silungsveiða hefur einnig mikil áhrif.

Mynd 11 sýnir áhrif frávika í forsendum um vexti til núvirðingar ábata og mögulegs arðs á virði lax- og silungsveiðiauðlindarinnar (virði með notkun en ekki virði án notkunar). Ef gerð er t.d. 1% hærrí ávöxtunarkrafa en hér er gert, bæði til ágóða veiðileyfishafa og ábata veiðimanna, verður virði lax- og silungsveiða hér á landi 120 milljarðar króna og ef krafan lækkar um 1% fer virðið í 300 milljarða.

¹³⁴ Sjá Freeman o.fl.(2018) Social discount rates for cost-benefit analysis: A Report for HM Treasury. Sótt af https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/685904/Social_Discount_Rates_for_Cost-Benefit_Analysis_A_Report_for_HM_Treasury.pdf



Mynd 11 næmnigreining: Áhrif ávöxtunarkröfu á virði lax- og silungsveiða

6.2 Virði án notkunar

Eins og áður hefur verið fjallað um í þessari skýrslu geta nátturuauðlindir haft virði umfram þau verðmæti sem felast í núverandi beinni notkun (sjá kafla 3 um fyrri rannsóknir). Tekjur af ýmsum veiðisvæðum mætti hugsanlega auka með annarri notkun eða markaðssetningu. Sumir viðmælendur Hagfræðistofnunar töldu að ýmis vannýtt tækifæri væru í lax- og silungsveiðum á Íslandi. Ár sem núna eru friðaðar gætu orðið verðmætar veiðiár í framtíðinni. Ekki var lagt mat á slíka möguleika í skýrslunni. Ekki var heldur lagt mat á áhrif ýmissa fjárfestinga sem ekki hafa að fullu skilað sér í aukinni veiði og auknum tekjum. Þar má til dæmis nefna gerð laxastiga og aðrar framkvæmdir til að stækka veiðisvæði og vonandi auka veiði í kjölfarið. Ýmsir sem veiða ekki lax- eða silung núna gætu talið mikils virði að eiga kost á því í framtíðinni. Hægt væri að leggja mat á slíkt virði með skilyrðu verðmætamati (skoðanakönnunum eða valtilraunum).

Síðan geta lax- og silungsstofnar haft virði fyrir þá sem jafnvel aldrei munu veiða lax- eða silung. Í kafla 3 er fjallað um virði líffræðilegs fjölbreytileika og bent á að rannsóknir hafi sýnt að flestar laxveiðiár á Íslandi séu með sérstakan laxastofn. Eins og áður hefur verið nefnt er erfitt að meta slíkt virði. Í könnun sem Norræna ráðherranefndin gerði um aldamótin og fjallað er um í kafla 3, var virði lax –og silungsveiða án notkunar meira en virði notkunar.

7 Niðurstöður

Tafla 38 sýnir niðurstöðu mats Hagfræðistofnunar á áhrifum lax- og silungsveiða á hagkerfið og verðmæti veiðanna fyrir Íslendinga. Mat á tekjum veiðifélaga og leigutaka byggist fyrst og fremst á upplýsingum frá veiðifélagunum og ársreikningum leigutaka. Ekki er mikil óvissa í matinu, en í tölurnar vantar tekjumat vegna eigin nýtingar. Eins er ekki tekið tillit til þess að opinberir aðilar leigja út veiðiréttindi undir markaðsverði. Núvirtur rekstrarhagnaður veiðiréttarhafa er byggður á áætlun um tekjur þeirra 2018 og spá, þar sem gert er ráð fyrir að verð á veiðileyfum fylgi kaupmætti launa. Gerð er 4,5% raunávöxtunarkrafa. Mest óvissa er í mati á ábata veiðimanna. Gert er ráð fyrir að ábatinn sé jafn verði veiðileyfa og að Íslendingar fái 40% ábatans. Miðað við könnun á ábata veiðimanna sem kynnt er í skýrslunni virðist þetta vera varfærið mat.

Tafla 38 Efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða og verðmæti veiðanna

Efnahagsleg áhrif árið 2018 (milljarðar kr.)			
	Tekjur	Hlutfall innfluttra vara og þjónustu	Innlend framleiðsla sem rekja má beint til stangveiði (milljarðar kr.)
Tekjur veiðifélaga	2,8	5%	2,7
Tekjur leigutaka (nettó)	2,1	5%	2,0
<i>Tekjur annarra:</i>			
af innlendum veiðimönnum	2,9	30%	2,0
af erlendum veiðimönnum	2,2	40%	1,3
Fjárfestingar	1,0	30%	0,7
Bein efnahagsleg áhrif	11,0		8,7
Verðmæti (milljarðar kr.)			
Núvirtur rekstrarhagnaður veiðifélaga	72,5		
Núvirtur ábati innlendra veiðimanna	98,0		
Samtals verðmæti lax- og silungsveiða fyrir Íslendinga	170,5		

8 Viðauki A

Tafla 39 Veiðifélög og veiðiréttarhafar ásamt vatnasvæðum

Veiðifélög og veiðiréttarhafa	Vatnasvæði
Veiðifélög á hálendinu	
Veiðifélag Borgfirðinga á Arnarvatnsheiði (Veiðifélag Arnarvatnsheiðar)	Þorvaldsvötn, Arnarvatn litla, Arfavötnin tvö, Ólafsvatn, Veiðitjörn, Leggjarbrjótstjarnir, Mordísarvatn, Krummavatn, Jónsvatn, Krókavatn, Núpatjörn, Þorgeirsvatn, Þorvaldsvötn, Hlíðarvatn, Hávaðavötn, Gilsbakkaá, Úlfsvatn, Úlfsvatnsá, Grunnvötn, Syðri-Kvíslarvatn, Djúpálón, Álftavötn, Kaldalón og Nautavatn
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru	Vötnin á norðanverðri Arnarvatnsheiði
Veiðifélag Auðkúluheiðar	Gilsárlón, Gilsárvatn af bakka upprekstrarfélags Auðkúluheiðar, Hrafnabjargartjörn, Austara-Friðmundarvatn, Vestara-Friðmundarvatn, Eyjavatn, Mjóavatn, Smalatjörn og Þrístiklu.
Veiðifélag Eilífsvatna	
Veiðifélag Grímstunguheiðar	Þórarinsvatn, Svínavatn, Galtarvatn og Refkelsvatn
Veiðifélag Holtmannafréttar	Þórisvatn og Kvíslaveitur (helstu veiðivötnin)
<i>A-Deild Veiðifélags Holtmannafréttar</i>	Þórisvatn, Krókslón, Hrauneyjarfosslón og Tungnaá
<i>B- Deild Veiðifélags Holtmannafréttar</i>	Önnur vötn á Holtmannafrétti nema Þjórsá
Veiðifélag Hvítárvatns	Hvítárvatn (Þaðan sem Hvítá á upptök sín)
Veiði- og fiskræktarfélag Landmannafréttar	Veiðivötn og vötnin sunnan Tungnaár (Framvötn)
Veiðifélag Rangárvallafréttar	Laufavatn, Skyggnishlíðarvötn, Álftavatn og Torfavatn
Veiðifélag Síðumannafréttar	Öll vötn og ár á Síðumannafrétti
Veiðifélag Skaftártungumanna	Langisjór, Botnlangalón, Kvíslalón, Grænalón, Stakahnúkslón og Blautlón
Veiðifélag Víðidalstunguheiðar	Bergá, Kolgrímsvötn, Melrakkavatn, Hólmavatn, Þrístikla, Krókavatn, Skálsvatn, o.fl.
Veiðifélög og veiðiréttarhafar á Suðvesturlandi	
Veiðifélag Elliðavatns	Elliðavatn, Silungapollur og Nátthagavatn og að vaði í Ós
Veiðifélag Kjósarhepps	Laxá í Kjós, Bugða og Meðalfellsvatn (ásamt lækjum sem í vatnið falla)
Veiðifélag Leirvogsar	Leirvogsa frá ósum að Tröllafossi
Veiðifélag Brynjudalsár	Brynjudalsá og Þverá
Veiðifélag Leirár í Leirársveit	Leirá í Leirársveit
Reykjavíkurborg (Umsjónaraðili O.R.)- Elliðaá	Elliðaár
Eigendur Botnsár	Botnsá (rennur úr Hvalvatni sem einnig er nýtt af eigendum)
Garðabær - Víflsstaðavatn	Víflsstaðavatn
Hafnarfjarðarbær	Kleifarvatn
Hafnarfjarðarbær	Djúpavatn
Fiskræktar- og veiðifélag Úlfsárs, (Korpu)	Úlfsársá (Korpúlfsstaðaá), Hafravatn, og Seljaland upp að Fossi.
Veiðifélög og veiðiréttarhafar á Vesturlandi	
Veiðifélag Laxár í Leirársveit	Fiskihverfi Laxár í Leirársveit: Laxá, Eyrarvatn, Þórisstaðavatn, Geitabergsvatn, Draghálsá, Selós og Þverá
Veiðifélag Leirár í Leirársveit	Leirá í Leirársveit
Fiskrækta- og veiðifélag Miðdæla	Miðá, Tunguá að Svalbarðafossi og Hundadalsá.
Fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalssár	Reykjadalsá frá Flókadalsá og upp að Giljafossi
Veiðifélag Fellsstrandar	Kjallaksstaðaá, Tunguá og Flekkudalsá
Veiðifélag Álftár á Mýrum	Álftá og Veitá
Veiðifélag Laxár í Miklaholtshreppi	Laxá í Miklaholtshreppi

Veiðifélag Andakílsár	Andakílsár að Andakílsárfossum
Veiðifélag Búðardalsár	Búðardalsá
Veiðifélagið Flóka (Einnig kallað Veiðifélag Flókadalsár)	Flókadalsá, frá ósi að Lambafossi
Eigendur Haffjarðarár	Haffjarðará, Oddastaðavatn, ásamt Höfðaá og Hraunholtsá
Veiðifélag Norðurár	Norðurár, Hvassá, Hellisá, Sanddalsá, Búðardalsá, Bjarnardalsá
Veiðifélag Laxár í Hvammsveit	Vatnasvæði Laxár í Hvammsveit: Laxá, Sælingsdalsá, Svinadalsá, Seljadalsá og Lambadalsá.
Veiðifélag Núpár	Vatnasvæði Núpár,
Veiðifélag Gljúfurur í Borgafirði	Gljúfurá frá Klaufhamsfossi að ármótum hennar og Norðurár að undanskildu Hópi, Skarðslæk og Hópstokk
Veiðifélag Grímsár og Tunguár í Borgafirði	Grímsá í Andakíl, Bæjarsveit og Lundarreykjadal og Tunguá í Lundarreykjadal
Veiðifélag Gríshólsár og Bakkaár	Gríshólsá og Bakkaá
Veiðifélag Gufuár í Borgafirði	Gufuá
Veiðifélag Hítará (Kolbeinsstaðahreppur og Hraunhreppur)	Hítará ásamt Hítarvatni og Grjótá
Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts	Straumvatnasvæði Hvítár ofar ármóta hennar og Reykjadalárs.
Veiðifélagið Hvítá (í Borgafirði)	Hvítá, frá ósi að sjó að ármótum Reykjadalárs
Landeigendur: Hvítá - Brennan	Ármót Þverár og Hvítár
Landeigendur: Hvítá - Straumar	Ármót Hvítár og Norðurár
Landeigendur: Hvítá- Svarthöfði	Ármót Flókadals- og Reykjadalárs og Hvítár (2 km langt svæði)
Landeigendur: Hvítá - Skuggi	Ármót Grímsár og Hvítár
Veiðifélag Þverár í Borgafirði	Þverá, (Stóra- Þverá), Örnólfsdalsá, Kjarará, Litla-Þverá, Króksvatnsá, Lambá, Langavatns- og Skjaldartjarnakvíslir.
Veiðifélag Krossár á Skarðsströnd	Krossá við Skarðsströnd
Veiðifélag Langár og Urriðaár	Urriðaá og Langá að miðlunarstíflu við Langavatn
<i>Langárdeild Veiðifélag Langár og Urriðaár</i>	Langá á Mýrum
<i>Urriðaárdeild Veiðifélags Langár og Urriðaár</i>	Urriðaá á Mýrum
Veiðifélag Laxdæla	Vatnasvæði Laxár (Laxá í Dölum) upp að Sólheimafossi
Landeigendur: Fáskrúð í Dölum	Fáskrúð frá ósi að Kötlufossum
Veiðifélagið Laxinn (Hvolsár og Staðarhólsár)	Hvolsá og Staðarhólsá
Veiðifélagið Lýsa	Vatnsholtsá, Hóp, Reyðarvatn, Torvatn, Litlavatn og Hertjörn
Veiðifélag Langavatns (í Borgafirði)	Langavatn
Veiðifélag Straumfjarðarár	Straumfjarðará
Veiðifélag Hlíðarvatns (í Hnappadal)	Hlíðarvatn
Veiðifélag Stóru-Langadalsár og Setbergsár (Á Skógarströnd)	Stóra- Langadalsá og Setbergsá
<i>Stóra Langadalsárdeild</i>	Stóra- Langadalsá (silungsveiði)
<i>Setbergsárdeild</i>	Setbergsá
Veiðifélag Laxár (á Skógarströnd) og Blanks	Laxá (á Skógarströnd) og blankur
Veiðifélag Dunkár	Dunká að Hestfossi
Veiðifélag Skraumu	Skrauma
Veiðifélag Hörðudalsár	Hörðudalsá og Laugá. Laugá er friðuð.
Veiðifélagið Haukar	Haukadalsá, Haukadalsvatn
<i>Veiðifélag Efri-Haukadalsár</i>	Haukadalsá efri - góð bleikjuá
<i>Haukadalsvatn</i>	Haukadalsvatn (einn bær hluti af veiðikortinu)
<i>Veiðifélag Haukadalsár</i>	Haukadalsá neðan Haukadalsvatns ásamt Þverá
<i>Óformleg deild Þverá</i>	Þverá
Veiðifélag Brókarvatns	Brókarvatn

Veiðifélagið Búrfell - Óvirkt	Hólmkelsá Snæfellsnesi
Veiðifélag Fagradalsár	Vatnasvæði Fagradalsár
Veiðifélag Ljár	Ljá og lækir sem í hana falla, Ljárvatn, Lambhagavatn, Selvatn og Seltjarnir en silungsveiði í vötnunum er undanskilin.
Veiðifélag Reyðarvatns	Reyðarvatn, fiskgengur hluti Leirár og Fossár, ásamt efsta hluta Grímsár frá vatni að efsta fossi í ánni.
Landeigendur: Fróðá	Fróðá
Landeigendur: Glerá	Glerá
Landeigendur: Staðará og Hagavatn	Staðará og Hagavatn
Veiðifélag Skorradalsvatns	Skorradalsvatn, Andakílsá ofan stíflu og Fitjaá
Veiðifélög og veiðiréttarhafar á Vestfjörðum	
Veiðifélag Bakkaár	Bakkaá í Hrutafirði
Veiðifélag Langadalsár, Hvannadalsár og Þverá	Langadalsá, Hvannadalsá og Þverár, ásamt þverám.
<i>Veiðifélag Langadalsárdeildar</i>	
<i>Veiðifélag Hvannadalsárdeildar</i>	
<i>Veiðifélag Þverárdeildar</i>	
Veiðifélag Selár og Hraundalsár (Netaveiði eingöngu)	Selá og Hraundalsá
<i>Veiðifélag Selár</i>	
<i>Veiðifélag Hraundalsár</i>	
Veiðifélag Gufudalsár	Gufudalsá
Veiðifélag Selár í Steingrímsfirði	Selá í Steingrímsfirði
Veiðifélag Bjarnarfjarðará (Bjarnarfirði á Ströndum)	Bjarnarfjarðará, Goðdalsá og Sunddalsá
Veiðifélag Ósár og Syðradalsvatns (Áður Veiðifélag Bolungarvíkur)	Ósá og Syðridalsvatn vatn (Mýdalsvatn)
Veiðifélag Staðarár í Strandasýslu, Steingrímsfirði	Staðará
Veiðifélagið Gára	Vatnasvæði Staðarár, Vatnadalsár og Þverár við Súgandafjörð
Veiðifélag Fljótavíkur (Norður-Ísafjarðarsýsla)	Fljótavíkurvatn (Fljótuvatn) og Reiðá (Reyðá)
Veiðifélag Dalsár (Ísafjarðardjúpi) (Óvirkt)	
Veiðifélag Fjarðarhornsrá	Fjarðarhornsrá í Reykhólahrepp.
Veiðifélagið Geir (Geiradalsá) (A-Barðastrandasýsla)	Geiradalsá
Veiðifélag Laugardalsár	Laugardalsá, Efstadalsvatn og Laugarbólsvatn
Veiðifélag(Vatnasvæðis) Miðdalsár (Á Ströndum)	Miðdalsá
Fluga og net ehf.	Vatnsdalsá og vatnsdalsvatn
Veiðifélag Suðurfossár	Suðurfossá og ár og lækir sem í hana falla.
Veiðifélag Tunguár í Bitrufirði (Á Ströndum)	Tunguá og ár og lækir sem falla í hana.
Veiðifélagið Uggi (Strandasýsla)	Þrúðardalsá, Fells- og Steinadalsá
Veiðifélag Víkurár	Víkurá
Veiðifélag Önundarfjarðar	Ár í innanverðum Önundarfirði (Breiðadalsá, Hestá, Korpa og Bjarnadalsá)
Veiðifélag Krossár í Bitrufirði (Strandasýslu)	Krossá
Veiðifélag Vatnsfjarðardals (Deildarskipt)	Neðra-Selvatn, Þúfnaá, Sveinhúsavatn og Vatnsfjarðarós
Veiðifélag Laxár í Hrutafirði	Laxá í Hrutafirði
Landeigendur- Ísafjarðará	Ísafjarðará
Landeigendur: Víðidalsá í Steingrímsfirði	Víðidalsá, Þverá og Húsadalsá
Landeigendur: Skálmardalsá	
Landeigendur: Þorskafjarðará	
Landeigendur- Móra (Móradalsá) Barðarströnd	Móra á Barðarströnd
Veiðifélag Hrófárfiskihverfi (Í Standasýslu)	Hrófá

Veiðifélög á Norðurlandi

Veiðifélag Miðfirðinga

Miðfjarðará, Vesturár, Núpsá, og Austurá

Veiðifélag Miðfirðinga - Silungasvæði

Veiðifélag Vesturhóps og Línakradals

Faxalækur, Vesturhópsvatn, Reyðarlækur og Miðfjarðarvatn

Veiðifélag Víðidalsár

Víðidalsá að Kolufossum, Fitjaá og Hóp

Landeigendur: Víðidalsá ofan Kolufossa

Víðidalsá ofan Kolufossa

Veiðifélag Vatnsdalsár

Vatnsdalsá, Húnavatn og Flóð, Vatndalsá, Álftaskará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsó og Giljá frá Ósi til Ólaxgengra fossa.

Veiðifélag Blöndu og Svartár

Heiðadeild Veiðifélags Blöndu og Svartár

Blanda og Svartá að Reykjafossi

Heiðadeild Veiðifélag B. og S.: Blöndulón, Galtará, Haugakvísl, Ströngukvísl, Herjólfslækur, Kúlukvísl, Seyðisá, Beljandi, Þegjandi og Stóralækur

Veiðifélagið Orri

Veiðifélag Laxár á Ásum (Vd)

Laxá fyrir neðan Laxárvatn

Efri-Laxárdeild(Laxárvatnsdeild)

Laxá fyrir ofan Laxárvatn (Fremri Laxá)

Svínavatnsdeild

Svínavatn, Svínadalsá og Sléttá

Veiðifélag Skagafjarðar

Veiðifélag Sæmundarár

Vatnasvæði Héraðsvatna

Sæmundará og vatnasvæði hennar án Miklavatns

Miklavatnsdeild

Veiðifélag Húseyjarkvíslar

Húseyjarkvísl og vatnasvæði hennar/ofan Reykjafossar kallast áin Svartá

Svartárdeild

Svartá ofan Reykjafoss og vatnasvæði hennar

Jökulsárdeild eystri

Austari- Jökulsá og vatnasvæði hennar

Jökulsárdeild vestri

Vestari-Jökulsá og vatnasvæði hennar

Veiðifélag Hofsar

Hofsá og vatnasvæði hennar

Norðurárdeild

Norðurá og vatnasvæði hennar

Héraðsvatnadeild

Héraðsvötn, frá rótum jökulsanna til sjávar, ásamt þverám

Veiðifélag Miklavatns og Fljótaár

Miklavatn, Hraunaós, Fljótaá að uppistöðustíflu við Skeiðafoss, Reykjaá, Brúnastaðaá

Veiðifélagið Flóki (í Skagafirði) (Fljótum)

Flókadalsá, Flókadalsvatn, Hópsvatn, Sandós (efra og neðra svæðið)

Veiðifélag Brunnár

Vatnasvæði Brunnár (Brunná, Gilsbakkaá, Tunguá og Smjörhólsá) en þó ekki Sandá. Ekki er veiðifélag um Sandá.

Veiðifélag Dalsár (í Flateyjardal)

Dalsá í Flateyjardal

Veiðifélag Deildará á Sléttu (á Melrakkasléttu)

Deildará, Fremri-Deildará og Ölduá. Áin fellur úr Deildarvatni.

Veiðifélag Deildarár (Grafará) (í Skagafirði)

Deildará/Grafará Skagafirði

Veiðifélag Eyjafjarðarár

Eyjafjarðará, þverár og lækir sem í hana renna

Veiðifélag Fnjóskár

Fnjóská og allar ár sem í hana falla

Veiðifélag Gljúfurur í Húnavatnssýslu

Gljúfurá, hliðarár (Svínadalsá) Dragá,

Veiðifélag Hrutafjarðarár og Síkár

Hrutafjarðará að Réttarfossi, Síká að næsta fossi fyrir ofan Gránes og Miklagil að neðsta fossi.

Veiðifélag Héðinsfjarðar

Héðinsfjarðarvatn og Héðinsfjarðará

Veiðifélagið Hængur (Laxá í Refasveit)

Laxá í Refasveit (Ytri-Laxá í Húnavatnssýslu) frá ósi til upptaka og Norðurá -frá Laxá að Fossi í Gálgagili

Veiðifélag Höfðavatns

Höfðavatn, Höfðaá, Hólslæk og Urriðalæk

Veiðifélag Hafralónsár

Kverkárdeild Veiðifélags Hafralónsár

Hafralónsá

Kverká

Veiðifélag vatnasvæðis Svalbarðsár

Veiðifélag Svarbarðsár

Svalbarðsá

Tunguárdeild

Tunguá

Veiðifélag Sandár Svalbarðshreppi	Sandá í Svalbarðshreppi
Veiðifélag Hölnár	Hölná
Veiðifélag Hörgár og vatnasvæðis hennar	Hörgá að Básfossi og að ármótum Nautár og Öxnadalsár.
Veiðifélagið Kolka (Áður Fiskræktar- og veiðifélagið Kolka)	Hjaltadalsá, Kolbeinsdalsá og Kolka (Kolka er heiti árinna eftir að Hjaltadalsá og Kolbeinsá sameinast)
Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skaga	Langavatn og Fjallabaksá fram um Lambatungur
Landeigendur: Ölvesvatn- Vatnasvæði Selár	Ölvesvatn, Fossvatn, Selvatn, Grunnutjörn, Andavatn og Stífluvatn, Eiðsá, fossá
Landeigendur: Hörtná, Nesá, o.fl.	Hörtná, Hörtnárvatn, Nesá, Nesvatn, Dauðsengistjörn, Bæjarvatn,
Landeigendur: Fossá í Skefilsstaðahreppi	Fossá
Veiðifélagið Skagaröst (Laxá í Nesjum, á Skagaheiði)	Laxá í Nesjum frá Ósi í sjó að Þröskuldi á Skagaheiði
Veiðifélag Laxár, Skefilsstaðahreppi (Skagafirði)	Laxá í Laxárdal, Grímsá, Ytri- og Syðri-Tjarnir í Hvammslandi og Síki í Sævarsengi
Veiðifélag Laxár í Aðaldal	Frá ósum Laxár að landamerkjum Ytra- Fjalls og Syðra-Fjalls, og Haga og Hrauns austan ár.
Landeigendur: (Urriðasvæði neðan Laxárvirkjunar) (Laxá -Hraun)	Urriðasvæði neðan virkjunar (milli veiðisvæðis Laxár í Aðaldal og veiðifélags Laxár og Krákár)
Veiðifélag Laxár og Krákár (Laxárdalur og Mývatnssveit)	Laxá í Suður- Þingeyjarsýslu, Kráká, Arnarvatnsá, Helluvaðsá, Gautlandalækur
Veiðifélag Litlárvatna	Vatnasvæði Litlár (Litlaá, Stóra, Skjálftavatn og Arnarneslón)
Veiðifélagið Lóna	Lónin innan við Sjávarkambinn vestast í Kelduverfi.
Veiðifélagið Lónsár	Lónsá og Sauðaneslón
Veiðifélag Mývatns	Mývatn
Veiðifélag Mýrarkvíslar (Áður Veiðifélag Reykjavíslar) ¹³⁵	Reykjavísl, Mýrarkvísl, Kringluvatn, Langavatn, Geitfellsá, Kringlugerðisá og Kringluvatn.
Veiðifélag Ormarsár	Ormarsá og allar þverár sem í ána renna
Veiðifélag Ólafsfjarðar	Ólafsfjarðarós, Ólafsfjarðarvatn, Ólafsfjarðará að Vémundarstaðafossi og þverám
Veiðifélag Reykjadalár og Eyvindarlækjar	Reykjadalsá, Vestmannsvatn, Eyvindarlækur og Mýrará.
Fiskræktarfélag Svarfdæla (Veiðifélag Svarfaðardalsár)	Svarfaðardalsá, Skíðadalsá og Hrísatjörn
Veiðifélag Vatnsnesinga (Tjarnará)	Tjarnará og Þogrímsstaðaá til upptaka
Veiðifélag Þorvaldsdalsár	Þorvaldsdalsá og hliðarár, Árskógshreppi Eyjafirði.
Veiðifélag Hallár	Hallá
Veiðifélag Slétthlíðinga (Skagafjörður)	Hrollleifsdalsá, Langalækur, Skálará og Sléttuhlíðarvatn
Veiðifélag Skjálfandafljóts	Vatnskerfi Skjálfandafljóts en ekki til stöðuvatna á félagssvæðinu
<i>A-deild Veiðifélag Skjálfandafljóts (neðri hluti)</i>	Skjálfandafljót neðan fossa við Þingey
<i>B- deild Veiðifélag Skjálfandafljóts</i>	Skjálfandafljót ofan fossa við Þingey að Svartá undanskilinni auk Djúpár
<i>D-deild (Svartárdeild)</i>	Svartá- staðbundinn silungur
Landeigendur : Fjarðará í Hvalvatnsfirði	Fjarðará í Hvalvatnsfirði- sjóbleikjuá
Veiðifélög og veiðiréttarhafar á Austurlandi	
Veiðifélag Sandvíkur (í Bakkafirði)	Bakká, Hölna, Gæsagilsá að Nýjabæjarfossi, Dalhúsaá að Efrifossi og Staðará
Veiðifélagið Hölni, Bakkafirði, Langanes	Hölná í Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu
Veiðifélag Miðfjarðarar og Litlu Kverkár í Bakkafirði	Miðfjarðará og Litla Kverká, frá Ósi til upptaka
Veiðifélag Jökulsár á Dal (Jökla)	Jökulsá á Dal og þverár hennar
<i>Veiðifélag Kaldár í Jökulsárhlíð</i>	Kaldá og þverár hennar.

¹³⁵ Mýrarkvísl og Reykjavísl er sama áin. Hún skiptir um nafn við laxastigann sem í henni er. Efri hlutinn heitir Reykjavísl og sá neðri Mýrarkvísl.

Veiðifélag Fögruhlíðará	Fögruhlíðará frá ósi að Fögruhlíðarfossi
Veiðifélag Laxár í Jökulsárhlíð	Fiskgengur hluti Laxár í Jökulsárhlíð
Veiðifélagið Loðmundur	Fjarðará í Loðmundarfirði og vatnasvæði hennar
Veiðifélag Lagarfjót	Lagarfjót, Jökulsá í Fljótsdal og fiskgengur hluta þessara vatnsfalla þveráa (Rangá á Héraði, Grímsá í Skriðdal)
<i>Veiðifélag Grímsá á Fljótsdalshéraði neðan virkjunar</i>	
Veiðifélag Hornafjarðar	Ár eða stöðuvötn sem liggja að Hornafjarðarósi.
<i>Laxárdeild</i>	Laxá í Nesjum. Ekki seld veiðileyfi. Veitt í net.
<i>Hoffelsárdeild</i>	Hoffelsá
Veiðifélag Borgarhafnar	Fremstavatn, Miðvatn, Innstavatn og Fifutjörn
Veiðifélag Breiðdæla	Breiðdalsá, Tinnudalsá, Suðurdalsá, Norðudalsá
Fiskræktar- og veiðifélag Norðfjarðará	Norðfjarðará að ósi að ófiskgengum fossi í Fannal og að Gvendarfossi í Selá. (1/3 af ánni eru friðaðaðar uppeldisstöðvar)
Veiðifélag Selár í Vopnafirði	Selá frá ósi og upp að Selárbotnum.
Veiðifélag Vesturdalsár (Vopnafirði)	Vesturdalsá
Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár	Hofsá og Sunnudalsá
Veiðifélag Selfljóts	Selfjót, Gilsá, Unalækur, Núpsá, Hurðarbaksá, Staðará, Gerðisá, Bjarglandsá og Jökulsá
Veiðifélag Dalsár (Fáskrúðsfirði)	Dalsá frá ósi að upptökum
Veiðifélag Tungudalsár (Í Fáskrúðsfirði)	Sævarendaá (Tungudalsá) frá ósi til upptaka
Landeigendur: Hamarsá í Álftafirði	Hamarsá
Veiðifélag Fjarðará (Borgarfirði Eystra)	Fjarðará ásamt hlíðaránni þverá
Veiðifélög og veiðiréttahafar á Suðurlandi	
Veiðifélag Apavatns	Vatnasvæði Apavatns (Apavatn og árnar sem renna í vatnið)
Landeigendur- Laugarvatn	
Veiðifélag Árnesinga	Ölfusá, Sog, Hvítá, Brúará og Hagaós, Tungufljót, Fullsæll, Andalækur, Litla Laxá, Stóra-Laxá, Hólaá
<i>Tungufljótsdeild Veiðifélag Árnesinga (Vd)</i>	Tungufljót frá ármótum Hvítár að fossinum Faxa
<i>Stóru-Laxárdeild Veiðifélag Árnesinga (Vd)</i>	Frá Grænavatni niður að ármótum Hvítár. Veiðisvæðið upp að Leirá.
Landeigendur: Galtalækur -Galtalækur I og Galtalækur II	Frá brú neðan við bæinn Galtalæk að ármótum Galtalækjar og Ytri-Rangár
Veiðifélag Rangæinga	
<i>Veiðifélag þverár í Fljótshlíð</i>	Frá ármótum að Gluggafossi í þverá.
<i>Veiðifélag Eystri-Rangár</i>	Eystri Rangá (að Tungufossi hjá Árgilstöðum), Fiská, Stokkalækur og Keldnalækur
<i>Veiðifélag eystri bakka Hólsár og neðri hluta þverár</i>	Eystri bakki Hólsár og neðri hluti þverár.
<i>Veiðifélag Hróarslækjar í Rangá</i>	Hróarslækur
<i>Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár</i>	Laxveiðisvæði í Ytri Rangá nær frá ármótum við Hólsá upp að Ármótahlið (fyrir ofan Árbæjarfoss). Ofan við laxasvæðið er silungasvæði, þar sem er staðbundinn urriði.
Landeigendur: Galtalækur -Galtalækur I og Galtalækur II	Frá brú neðan við bæinn Galtalæk að ármótum Galtalækjar og Ytri-Rangár
Veiðifélag vatnasvæðis Affalsins	Vatnasvæði Affalls
Veiðifélag Skaftár	Skaftá og aðrar ár sem falla í Veiðiós
<i>Veiðifélag Skaftár - Geirlandsár- og Breiðbalakvíslardeild (Vd)</i>	Geirlands- og Breiðbalakvísl
<i>Veiðifélag Skaftár - Hörgsárdeild</i>	Landeigendur leigja sjálfir
<i>Veiðifélag Skaftár - Vatnamótadeild</i>	Vatnamótin og Hólmasvæðið
<i>Landeigendur – Hólmasvæðið</i>	
<i>Veiðifélag Skaftár - Tungulækjardeild</i>	Tungulækur
<i>Veiðifélag Skaftár -Skaftárdeild</i>	Skaftá

<i>Veiðifélag Skaftár - Fossárdeild (Fossáladeild)</i>	Fossálar breytast í Þverá á móts við Orrustuhól. Þverá er nýtt af landeiganda. Neðsti hluti af Fossálum eru leigð með Vatnamótum.
<i>Veiðifélag Skaftár - Holtsárdeild</i>	Holtsá
<i>Veiðifélag Skaftár - Fjaðurárdeild</i>	Fjaðurá
Veiðifélag Eldvatns	Eldvötn, Botnasvæði og Steinsmýrarvötn
Landeigendur: Botnasvæði	Botnasvæði
Landeigendur: Steinsmýrarvatn	Steinsmýrarvötn (Steinsmýrarvotn.is)
Veiðifélag Þjórsár	Þjórsá
<i>Kálfárdeild Veiðifélags Þjórsár</i>	Kálfá
<i>Veiðifélag Minni-Vallarækjar</i>	Minnivallalækur frá upptökum til ósa Þjórsár
<i>Veiðifélag Hvammsár/Sandár</i>	Hvammsá og Sandá
<i>Veiðifélag Fossár</i>	Fossá
<i>Fossnes - Þverá</i>	Frá Þjórsá að fossinum í Bæjargljúfrinu
Veiðifélagið Faxi (Tungufljót)	Tungufljót ofan Faxa og ár og lækir sem renna í það (Laugá og Almenningsá)
Veiðifélag Flóamanna	Vatnasvæði veiðifélags Flóamanna skiptist í þrennt: Tunga-Bár, Voli og Baugstaðaós.
Veiðifélag Grenlækjar	Skaftárós og vatnasvæði hans (Grenlækur, Jónskvísl og Sýrlækur)
Veiðifélag Hængur (Hvalsíki /Nýiós) (Laxá og Brúará)	Hverfisvötnin- Þar sem jökulkvíslin Djúpa og bergvatnsárnar Laxá og Brúará sameinast
Veiðifélag Kerlingardalsár og Vatnsár (Mýrdal)	Vatnasvæði Kerlingardalsár og Vatnsár
Veiðifélag Kúðafljóts	Kúðafljót, Tungufljót og fiskgenga hluta Hólmsár og allar fiskgengar ár og lækir sem í vatnasvæðið falla, þar með taldar Eldvatnakvíslar að Skaftá.
<i>Tungufljótsdeild Veiðifélags Kúðafljóts</i>	Tungufljót
Veiðifélag Markarfljóts	Markarfljót
Veiðifélag Úlfjótsvatns (Áður Fiskræktarfélagið Úlfjótur)	Úlfjótsvatn
Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar	Varmá og Þorleifslækur
Veiðifélag Vestur-Eyfellinga	Rímhúsaáll, Írá, Miðskálaá, Fosslæg, Kelduál, Fitarál, Hofsa
Veiðifélag Þingvallavatns	Þingvallavatn, Ölfusvatnsá, Vilingavatnsá
Veiðifélag Skógaár	Skógará, Kverna og Dala frá ósi í sjó að fremsta fossi í hverri á
Hlíðarvatn-Strandakirkja	Hlíðarvatn í Selvogi
Veiðikortið	34 vötn um allt land